


skoðun 14

SÉRBLAÐ í Fréttablaðinu
Allt




**Lykill að betri sjón?**
*Daninn dr. Leo Angart telur að með þjálfun sé hægt að laga nærsýni, fjarsýni og sjónskekkju.*
allt 2




# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Þriðjudagur
26. október 2010
251. tölublað 10. árgangur
Sími: 512 5000




**Semur fyrir Ofviðrið**
*Högni Egilsson semur tónlist fyrir leikrit Willams Shakespeare.*
fólk 30



**300. leikurinn**
*Landsliðsfyrirliðinn Ólafur Stefánsson er á tímamótum með íslenska landsliðinu.*
sport 26

**Fimbulfamb aftur í sölu**
*Ný útgáfa af borðspilinu Fimbulfambi er væntanleg í verslanir.*
fólk 30

**veðrið í dag**




**STEKKINGUR NV TIL** Í dag verða austan 3-10 m/s, en strekkingur NV-til. Úrkoma N- og NA-lands en annars úrkomulítið. Hiti víða 0-7 stig, mildast syðst.
VEÐUR 4



**JÁ, ÉG ÞORI, GET OG VIL** Um fimmtíu þúsund konur komu saman í miðbæ Reykjavíkur í gær til að mótmæla ójafnri stöðu kynjanna en 35 ár eru liðin frá fyrsta kvennafrídeginum. Mál gærdagsins var baráttan gegn kynbundnu ofbeldi. **Sjá síður 10 og 11** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Íslendingar í Noregi í sálgæslu eftir hrunið

**Mikið annríki hefur verið hjá presti íslenska safnaðarins í Noregi síðustu misseri. Gríðarleg aukning í sálgæslu segir prestur. Á þriðja þúsund Íslendinga hefur flutt til Noregs frá hruni. Gengur misjafnlega að aðlagast búsetu í nýju landi.**

**TRÚMÁL** Mikið annríki hefur verið hjá íslenska söfnuðinum í Noregi síðustu misseri með sívaxandi fjölda Íslendinga sem flytjast þangað búferlum. Gildir það jafnt um messuhald og önnur hefðbundin störf, en einnig um sálgæslu.

Straumurinn til Noregs er síst að minnka, en það sem af er ári hafa 830 flutt þangað, samkvæmt tölum Hagstofu Íslands, að frádregnum þeim sem hafa flutt aftur heim.

Samkvæmt tölum frá norsku hagstofunni voru tæplega 5.000 Íslendingar búsettir í Noregi í upphafi árs.

„Við erum ekki í þeirri aðstöðu að þurfa að bæta við öðrum presti, en það gæti komið til þess að við fengjum prest til að fara í messuferðir eða þess háttar,“ segir Arna Grétarsdóttir, prestur safnaðarins, í samtali við Fréttablaðið. Þó er verið að meta það hvort þörf sé á að lengja afgreiðslutíma skrifstofu safnaðarins.

Aðspurð segir Arna að mikil aukning hafi verið í ásókn að sálgæslu undanfarið þó að misjafnlega sé komið fyrir þeim nýfluttu.

„Það er leitað mikið til mín og það hefur verið gríðarleg aukning í sálgæslu. Það orsakast kannski af því að fólk er margt að flytja úr erfiðleikum og basli og við það bætast búferlaflutningar, nýtt tungumál, ný vinna og breyttar aðstæður.“ Hún bætir því við að hún telji að Íslendingar eigi auðvelt með að leita til presta ef þeim finnst þeir vera hjálpar þurfi og það sé af hinu góða.

Arna segir fólk eiga miserfitt með að aðlaga sig að búsetu í nýju landi þar sem tungumálaerfiðleikar einkenna gjarnan fyrsta árið eða svo.

„Það má segja að það séu tveir hópar sem hafa verið að flytja til Noregs upp á síðkastið. Annars vegar fólk sem hefur búið áður á Norðurlöndunum og það er mun auðveldara fyrir þann hóp að aðlagast. Það kann tungumálið og hefur jafnvel menntað sig hér. Hinn hópurinn er svo bara með skóladönskuna, og það tekur hann auðvitað lengri tíma að ná málinu.“

Arna segir annars að Íslendingar eigi nokkuð auðvelt með að fá vinnu í Noregi, enda lítil kreppustemning þar í landi og straumurinn haldi því áfram.

„Það virðist vera næga vinnu að fá á vesturströndinni, í nágrenni Bergen og Stavanger, og svo í Norður-Noregi, en það er erfiðara að fá vinnu hér á Óslóarsvæðinu.“

- þj

**Íslendingar í Noregi**

- Um fimm þúsund Íslendingar voru búsettir í Noregi í byrjun árs.
- Það sem af er ári hafa 830 Íslendingar flutt til Noregs.
- Íslendingar eru á meðal þeirra tíu ríkja sem leggja mest til af erlendu vinnuafli í Noregi.
- Í byrjun árs voru 167 Íslendingar skráðir atvinnulausir í Noregi.

Gerir upp bankahrunið í bók:

## Árni Mathiesen rýfur þögnina

**ÚTGÁFA** Árni M. Mathiesen, fyrrverandi fjármálaráðherra, gerir upp bankahrunið í nýrri bók sem kemur út eftir miðjan nóvember. Hann leggur nú lokahönd á bókina ásamt Þórhalli Jósepssyni, reynslubolta af fréttastofu Ríkisútvarpsins.

Bókin nefnist Árni Matt – Frá bankahruni til byltingar og kemur út hjá bókaforlaginu Veröld. Árni hefur frá hruni haldið sig mjög til hlés í umræðunni. Bókin byggir á samtölum Árna og Þórhalls og einnig áður óbirtum heimildum, til dæmis minnisblöðum Árna sem ekki hefur fyrr verið vitnað til.

Einnig er von á bók um hrunið frá Björgvin G. Sigurðssyni, fyrrverandi viðskiptaráðherra. - sh










## SPURNING DAGSINS



*Erpur, er það nú svart, ma'r?*

Neinei, ég get ekki kvartað því það eina sem er blastað er Bjartmar og Blaz ma'r.

Erpur Eyvindarson, einnig þekktur sem Blaz Roca, kemur fram á tónleikum með Bjartmari Guðlaugssyni á Café Rosenberg í kvöld.

Aukinn fjöldi greindra klamydíusýkinga til kominn vegna betri greiningartækni:

# Svipaður fjöldi klamydíutilfella í ár og í fyrra

**HEILBRIGÐISMÁL** Aukinn fjöldi greindra klamydíutilfella árið 2009 skýrist af nýrri aðferð til greininga sem tekin var í notkun á sýklafræðideild Landspítalans. „Samkvæmt niðurstöðum rannsókna er nýja aðferðin næmari en aðferðin sem var áður notuð," segir í nýútkomnum Farsóttafréttum Landlæknisembættisins.

„Allt bendir því til að aukning greindra klamydíutilfella á síðastliðnu ári stafi af bættum greiningaraðferðum en ekki sé um að ræða raunverulega aukningu á klamydíusmiti í samfélaginu. Fjöldi greindra tilfella og hlutfall jákvæðra sýna í maímánuði á þessu ári er svipaður mánaðarlegum fjölda tilfella í maí á síðasta ári," segir í ritinu.

Fram kemur að klamydíusýking greinist oftar í konum en körlum og að konur séu að jafnaði yngri en karlar þegar þær smitast af klamydíu. „Sýkingin er algengust í konum á aldrinum 15 til 19 ára en flestir karlmenn sýkjast á aldrinum 20 til 24 ára. Klamydíusýkingar eru hins vegar afar fátíðar meðal karla og kvenna sem yngri eru en 15 ára og eldri en 40 ára."

Helstu einkenni klamydíusýkingar eru sögð vera sviði við þvaglát og útferð, en stór hluti þeirra sem sýkjast sé einkennalaus. „Klamydíusýkingar geta valdið bólgu í eggjaleiðurum með fylgjandi ófrjósemi hjá konum. Bólgur í eistalyppum hjá körlum, sem geta valdið ófrjósemi, eru vel þekktar en eru sjaldséðari en fylgikvillar hjá konum." - óká



**MARGIR EINKENNALAUSIR** Klamydía er kynsjúkdómur sem helst kemur upp hjá yngra fólki. NORDIC PHOTOS/GETTY



**LANDAKOTSTÚN** Ný áform um uppbyggingu er komin á borð skipulagsyfirvalda.

Kaþólskir vilja byggja:

## Safnarheimili neðanjarðar á Landakotstúni

**SKIPULAGSMÁL** Kaþólska kirkjan hefur sent inn fyrirspurn til borgaryfirvalda um það hvort leyfi fengist fyrir byggingu fjölnotahúss og safnaðarheimili neðanjarðar á Landakotstúni.

Nýja byggingin á að þjóna gestum eftir messu og nýtast biskupi sem og vegna félagsstarfs barna í Landakotsskóla. Húsnæðið á að tengjast bæði Biskupsstofu og Landakotsskóla með neðanjarðargöngum. Núverandi græn svæði á byggingarreitnum eiga að halda sér að mestu og hugmyndin er sú að draga dagsbirtu inn til endanna með því að móta jarðveginn þar þannig. - gar

Brotist inn í sumarbústaði:

## Stálu flatskjáum og áfengi

**LÖGREGLUMÁL** Brotist var inn í fimm orlofshús í Selvík við Álftavatn í Grímsnesi í síðustu viku. Þjófarnir komust inn um glugga með því að spenna þá upp. Í öllum húsunum voru flatskjáir, sem allir voru teknir.

Að auki var brotist inn í þrjá aðra sumarbústaði í einkaeigu sem eru við Álftavatn. Úr þeim var flatskjáum, hljómflutningstækjum, áfengi og ýmsu öðru stolið. Í sumum húsanna hafði verið mikið rótað í skápum og hirslum.

# Holskefla HIV-smita á síðustu mánuðum

**Sextán einstaklingar hafa greinst með HIV-smit á þessu ári. Ellefu hafa greinst á þrem mánuðum. Sóttvarnalæknir talar um holskeflu. Yfirlæknir á Vogi segir hugsanlegt að öll smit sprautufíkla megi rekja til eins eða tveggja einstaklinga.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Annað árið í röð hafa greinst óvenjumörg HIV-smit hér á landi. Aukningin stafar fyrst og fremst af aukningu meðal fíkniefnaneytenda. Það sem af er þessu ári hafa greinst sextán manns með HIV-smit hér á landi. Af þessum hópi hafa ellefu greinst síðastliðna þrjá mánuði.

Haraldur Briem sóttvarnalæknir segir það verulegt áhyggjuefni hversu margir hafa greinst með HIV-smit á undanförnum mánuðum. Hann segir engar haldbærar skýringar á þróun síðustu mánaða. „Maður veltir fyrir sér hvort um tilviljun sé að ræða en þetta sem er að gerast núna er nokkuð sem við höfum haft áhyggjur af alla tíð." Haraldur bendir á að frá upphafi alnæmisfaraldursins hefur HIV-smit verið tiltölulega fátítt meðal fíkniefnaneytenda.

Af þeim sem greinst hafa á þessu ári eru sex fíkniefnaneytendur sem misnota sprautur og nálar, sex gagnkynhneigðir og fjórir samkynhneigðir. Umtalsverður hluti þeirra sem greinast er fólk af erlendu bergi brotið og kemur oftast frá löndum þar sem HIV og alnæmi er útbreitt.

Haraldur segir ekkert samband vera á milli fíkniefnanotendanna og útlendinga sem greinst hafa með smit. „Þetta fólk sem kemur utan frá er svo óheppið að koma frá svæðum þar sem þetta er afar útbreitt á meðal gagnkynhneigðra og ekkert samband þarna á milli."

Áður hefur Landlæknisembættið lýst áhyggjum af því að meiri harka og tillitsleysi ríki meðal fíkniefnaneytenda en oft áður. „Starfsfólk Landspítala sem sinnir þessu fólki talar um að þessir einstaklingar séu sinnulausir gagnvart eigin heilsu og annarra. Þetta hefur orðið harðsvíraðra með árunum, hverju sem það er um að kenna."

Þórarinn Tyrfingsson, yfirlæknir á sjúkrahúsinu Vogi, segir erfitt að draga stórar ályktanir út frá tiltölulega fáum einstaklingum. „Þetta gæti verið bundið við einn til tvo einstaklinga sem eru að smita út frá sér. Það sem hafa skal hugfast er að fíklar geta smitast með öðrum leiðum en með óhreinum nálum. Þeir eru ógætnir í ýmsum málum, þar á meðal í sínu kynlífi."

Allt fram til ársins 2007 þóttust menn rekja öll HIV-smit sem sprautufíklar á Vogi fengu til kynmaka. „Þetta var fyrst og fremst kynsjúkdómur. En síðustu tvö árin er ég fyrst sannfærður um það að fólk er að smitast þegar það sprautar sig í einhverjum tilvikum, sem setur málið alveg í nýjan farveg."

svavar@frettabladid.is






**HARALDUR BRIEM**



**ÞÓRARINN TYRFINGSSON**

Réttarhöld í Guantanamo:

## Yngsti fanginn játar á sig brot

**KÚBA, AP** Omar Khadr, 24 ára Kanadamaður, játaði sig sekan af öllum fimm ákæruatriðum fyrir sértökum dómstól Bandaríkjahers í fangabúðunum við Guantanamo á Kúbu.



**OMAR KHADR**

Khadr var sakaður um að hafa tekið þátt í bardaga gegn bandarískum hermönnum í Afganistan árið 2002, þegar hann dvaldi hjá ættingjum sínum þar aðeins fimmtán ára gamall.

Khadr hefur áður sagst saklaus, en lögmenn hans segja hann ekki hafa átt annarra kosta völ en að játa gegn samningi um refsingu, því réttarhöldin hefðu hvort eð er ekki orðið sanngjörn. - gb

Búið að fara yfir meðmælin:

## 523 framboð til stjórnlagaþings

**STJÓRNLAGAÞING** Endanleg tala yfir frambjóðendur til stjórnlagaþings er 523. Landskjörstjórn bárust í allt 526 gild framboð, en þrír afturkölluðu framboð sín. Sjötíu prósent frambjóðenda eru karlmenn, eða 364. Konurnar eru 159.

Ekki kom til þess að úrskurða þyrfti um gildi einstakra framboða, að því er segir í tilkynningu frá landskjörstjórn.

Til stendur að birta innan tíðar frekari upplýsingar um frambjóðendur, til dæmis skiptingu þeirra eftir kjördæmum og aldursbili. Þá vinnur landskjörstjórn að gerð lista yfir frambjóðendur þar sem fram koma ýmsar upplýsingar. Hann verður birtur á vefnum eins fljótt og auðið er. - sh




Brottrekinn starfsmaður Nettó með tilboð á borðinu frá Kosti og Melabúðinni:

# Vilhelm boðið í tvö atvinnuviðtöl

**FÓLK** Vilhelm Sigurjónssyni, þroskahömluðum manni sem rekinn var úr starfi sínu hjá Nettó í síðustu viku, hefur verið boðin vinna hjá Kosti. Þá hefur honum einnig verið boðið í atvinnuviðtal í Melabúðinni.

Vilhelm hafði séð um innkaupakerrur hjá Nettó í Mjódd í tvö ár og brottrekstur hans með tíu mínútna fyrirvara vakti hörð viðbrögð. Fólk hefur jafnvel ákveðið að sniðganga verslanir Nettó.

Jón Gerald Sullenberger í Kosti segist fyrst hafa frétt af málinu um kvöldmatarleytið í gær og hringt strax í föður Vilhelms og boðið stráknum vinnu. „Mér finnst svona framkoma fyrir neðan allar hellur. Við hljótum að finna eitthvað fyrir strákinn að gera. Það eru að koma jól og við eigum að vinna saman, ekki á móti hvert öðru," segir Jón Gerald. Búðin sé að verða eins árs og það gæti orðið besta afmælisgjöfin að fá Vilhelm til starfa.

Pétur Alan Guðmundsson í Melabúðinni segir að hann hafi frétt að Vilhelm væri á lausu og heyrt vel af honum látið. Því hafi verið sjálfsagt að boða hann í viðtal. „Fyrir gott fólk er alltaf hægt að finna starf," segir hann.

Sigurjón Þór Hafsteinsson, faðir Vilhelms, segir að hann hafi ekki rætt tilboðin við son sinn enn. Þá hafi ekki verið rætt við Atvinnu með stuðningi, sem mun þurfa að koma að málum. Ekkert sé því ráðið enn. - sh



**JÓN GERALD OG PÉTUR** Hringdu báðir í föður Vilhelms í gær og buðu feðgunum að koma í atvinnuviðtal.

# AÐEINS ÓDÝRARI!

TILBOÐIN GILDA 26.10-27.10



VERÐ ÁÐUR: 89.950,-

**59.950,-**

SPARIÐ 30.000

**NOVA hægindasófi**
Glæsilegur hægindasófi með svörtu PU áklæði.
Hægt að halla baki og lyfta skemli.
Stærð á 2ja sæta: B146 x H103 x D95 sm.
**ÁÐUR: 89.950,- NÚ: 59.950,-**



**KEN skrifborðsstóll**
Flottur stóll með stillanlegu baki og setu á frábæru verði!
Fáanlegur með svörtu eða bláu baki.

SPARIÐ 3.000

VERÐ ÁÐUR: 6.995,-

**3.995,-**



mascot

43% AFSLÁTTUR

VERÐ ÁÐUR: 3.495,-

**1.995,-**

**SYMFONI trefjasæng**
Þétt og hlý sæng með ljósbláu áklæði með sikksakk saumi.
Fylling: Fíngerðar holtrefjar. Stærð: 135 x 200 sm.



25% AFSLÁTTUR

VERÐ ÁÐUR: 16.950,-

**12.700,-**

**Etanól veggarinn**
Flottur etanól veggarinn. Stærð: 45 x 54 x 12 sm.



VERÐ ÁÐUR: 9.995,-

**5.995,-**

SPARIÐ 4.000

**TRINE gestarúm**
Góð lausn er gest ber að garði. 5 sm. þykk svampdýna.
Stærð: B80 x L193 sm.



SPARIÐ 2.000

VERÐ ÁÐUR: 5.895,-

**3.895,-**

**Kuldagalli**
Sterkir og vandaðir kuldagallar fyrir veturinn. Fást í bleiku/svörtu og bláu/svörtu. Stærðir: 80 - 134 sm.



25% AFSLÁTTUR

VERÐ ÁÐUR: 1.995,-

**1.495,-**

**Þurrkgrind**
Góð þurrkgrind úr hvítlökkuðum járnrörum með u.þ.b. 20 metra þurrkplássi.



SPARIÐ 2.000

VERÐ ÁÐUR: 4.995,-

**2.995,-**

**Kuldastígvél**
Loðfóðruð, ítölsk gæða kuldastígvél á börnin.
Svört stærðir: 21-39. Rauð stærðir: 21-35. Frábært verð!



30% AFSLÁTTUR

VERÐ ÁÐUR: 9.995,-

**6.995,-**

**Pottasett**
Gott stálpottasett með glerloki. 8 hlutir saman í pakka á frábæru verði!

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

Birt með fyrirvara um prentvillur.

## GENGIÐ 25.10.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 111,17 | 111,71 |
| Sterlingspund | 174,97 | 175,83 |
| Evra | 155,98 | 156,86 |
| Dönsk króna | 20,912 | 21,034 |
| Norsk króna | 19,299 | 19,413 |
| Sænsk króna | 16,937 | 17,037 |
| Japanskt jen | 1,3784 | 1,3864 |
| SDR | 175,32 | 176,36 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
207,4189

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Forseti Íslands segir þjóðfélagsaðstæður gera erindi Umhyggju brýnna en áður:

# Segir biðraðirnar smánarblett

**FÉLAGSMÁL** Fátækt og matarskortur geta magnað sjúkdóma og gert brautina til betri heilsu að grýttri götu. Þetta sagði í erindi Ólafs Ragnars Grímssonar forseta á málþingi Umhyggju, félags til stuðnings langveikum börnum, í gær. Málþingið er haldið í tilefni af 30 ára afmæli Umhyggju.

Forsetinn sagði þá fátækt sem nú setti svip á þúsundir heimila, biðraðir eftir matvælum sem á vissan hátt væru orðinn mesti smánarblettur íslensks samfélags, hafa gert fjölskyldunum sem glímdu við slík örlög illa kleift að þurfa til viðbótar að takast á við langvarandi veikindi barna sinna.

„Þessar aðstæður í þjóðfélaginu gera erindi Umhyggju brýnna en áður og reynslusjóð ykkar enn verðmætari, ráð og leiðsögn dýrmæt fyrir alla sem ábyrgð bera í glímunni við lausn þessa vanda," sagði Ólafur Ragnar og kvað starf á vegum Umhyggju þó umfram allt áréttingu þess grundvallarboðskapar að velferð barnanna þyrfti ætíð að vera í fyrsta sæti. **- óká**



**UMHYGGJA** Forseti Íslands gerði fátækt að umfjöllunarefni í ræðu á málþingi sem haldið var í gær í tilefni af 30 ára afmæli Umhyggju. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Kona dæmd í fangelsi:

## Stal af fötluðum vistmönnum

**DÓMSMÁL** Kona hefur verið dæmd í þriggja mánaða skilorðsbundið fangelsi og til að greiða Reykjavíkurborg nær 400 þúsund krónur sem hún hafði dregið sér af sameiginlegum bankareikningi vistmanna á verndaðu heimili við Krummahóla í Reykjavík.

Konan starfaði við heimaþjónustu hjá Félagsþjónustunni. Hún hafði debetkort fyrir sameiginlegum reikningi fjögurra andlega fatlaðra vistmanna til matarinnkaupa. **- jss**



**HANDTEKIN** Myndir teknar af Randy og Evi Quade hjá lögreglu eftir handtöku þeirra 18. september. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sækja um hæli í Kanada:

## Segja líf þeirra vera í hættu

**BANDARÍKIN** Bandaríski leikarinn Randy Quade og kona hans Evi hafa sótt um hæli í Kanada. Þau voru handtekin þar um helgina fyrir að mæta ekki við dómtöku máls á hendur þeim í Bandaríkjunum.

Mál var í haust höfðað á hendur hjónunum fyrir rétti í Santa Barbara eftir að þau voru handtekin fyrir innbrot og hústöku á fyrrum heimili þeirra.

Hjónin segjast nú óttast Hollywoodstjörnumorðingja sem þau telja bera ábyrgð á dauðföllum nokkurra vina Randys, þar á meðal leikaranna Heath Ledger og David Carradine. Hjónin voru látin laus gegn tryggingu, en eiga að mæta aftur fyrir rétt í Kanada í dag. **- óká**

### VESTFIRÐIR

**Engar myndavélar í göngum**

Hraðamyndavélar hafa ekki enn verið settar upp í Bolungarvíkurgöngunum. Samkvæmt Vegagerðinni á Vestfjörðum voru tafir á gerð samninga um kaup á myndavélum. Vonast er til að hægt verði að setja upp vélar á næstu vikum.

### LEIÐRÉTTING

Áréttað skal að uppfyllt hafa verið tvö af þremur skilyrðum til þess að taka næstu skref í afnámi gjaldeyrishafta. Af frétt á síðu 8 í gær mátti skilja að fullt afnám hafta stæði fyrir dyrum.

# 30 almennir borgarar drepnir daglega í Írak

**Lekinn á Wikileaks varpar nýju ljósi á umfang stríðsins í Írak. Samkvæmt Iraq Body Counts hefur stríðið kostað 122 þúsund almenna borgara lífið. Fimmtán þúsund þeirra var ekki vitað um fyrr en með nýju gögnunum á Wikileaks.**

**ÍRAK** Skjöl frá Bandaríkjaher, sem áttu að fara leynt, sýna að mannfall af völdum stríðsins í Írak hefur verið töluvert meira en til þessa hefur fengist staðfest.

Samkvæmt gögnunum, sem birt voru á vefsíðunni Wikileaks um helgina, hafa átökin í Írak kostað 109 þúsund manns lífið þann tíma sem þau ná til, en það er megnið af stríðstímanum, eða frá 1. janúar 2004 til ársloka 2009, að undanskildum maímánuði 2004 og marsmánuði 2009. Stríðið hófst í mars árið 2003.

Af þeim sem létu lífið þennan tíma voru 66 þúsund skráðir almennir borgarar, 24.000 uppreisnarmenn, 15 þúsund hermenn írösku stjórnarinnar og tæplega fjögur þúsund hermenn innrásarliðsins.

Á forsíðu Wikileaks er bent á að samkvæmt þessum tölum hafi stríðið að meðaltali kostað rúmlega 30 almenna borgara lífið á hverjum einasta degi.

Þessar tölur þurfa ekki að vera tæmandi upplýsingar um mannfall í Írak, bæði vegna þess að þær ná ekki yfir allan tímann og eins vegna þess að ekki er víst að öll þau dauðsföll, sem áttu sér í reynd stað, hafi ratað í skýrslur Bandaríkjahers.

Tölur um mannfall í Írak hafa verið mjög á reiki allar götur síðan innrás var gerð í landið í mars árið 2003.

Hæsta talan kemur frá breska læknablaðinu Lancet, sem gerði árið 2006 könnun á dauðsföllum í Írak og komst að þeirri niðurstöðu að alls hafi átökin kostað nærri 655 þúsund manns lífið, bæði beint og óbeint, fram til júnímánaðar það ár.



**LÍKKISTUR** Í ágúst árið 2007 létu fjórir Írakar lífið í átökum Bandaríkjahers og herskárra sjíamúslima í Bagdad. Á myndinni sjást þeir bornir til grafar. NORDICPHOTOS/AFP

Bandaríska varnarmálaráðuneytið hefur reglulega birt tölur um dauðsfall bandarískra hermanna í Írak. Sú tala er komin upp í 4.425. Að auki hafa hermenn annarra innrásarríkja gefið upp samtals rúmlega 300 dauðsföll.

Á vefsíðunni Iraq Body Count hefur grannt verið fylgst með mannfalli í Írak. Þar hafa menn fullyrt að allt að 107 þúsund almennir borgarar hafi látist af völdum stríðsátakanna. Þær tölur eru byggðar bæði á fréttum, skýrslum óháðra samtaka og opinberum gögnum, sem starfsfólk síðunnar hefur tekið saman jafnóðum.

Eftir að hafa farið yfir skjölin frá Wikileaks segir á vefsíðunni Iraq Body Counts að þar hafi komið fram upplýsingar um 15 þúsund dauðsföll almennra borgara, sem áður var ekki vitað um.

Heildarfjöldi almennra borgara, sem látnir eru af völdum stríðsins, er þá kominn upp í 122 þúsund Iraq Body Counts. Samkvæmt þeirri tölu er meðaltal fallinna almennra borgara komið upp í 50 á hverjum einasta degi. **gudsteinn@frettabladid.is**

Skipulagsbreyting hjá Actavis:

## Guðbjörg forstjóri á Íslandi

**VIÐSKIPTI** Guðbjörg Edda Eggertsdóttir, aðstoðarforstjóri Actavis, hefur í kjölfar skipulagsbreytinga tekið við starfi forstjóra Actavis á Íslandi.



**GUÐBJÖRG EDDA EGGERTSDÓTTIR**

Guðbjörg Edda, sem er lyfjafræðingur, hefur starfað hjá Actavis og forverum fyrirtækisins í þrjátíu ár. Hún var aðstoðarforstjóri lyfjafyrirtækisins Delta árið 1999, framkvæmdastjóri á markaðssviði Actavis Group árið 2002 og aðstoðarforstjóri fyrir tveimur árum.

Guðbjörg situr sem fyrr í framkvæmdastjórn Actavis og mun stýra verkefnum víða, svo sem í Japan, Kína og á Indlandi. **- jab**

Vanlíðan ekki unglingaveiki:

## Hlusta þarf á unglingana

**HJÁLPARSTARF Hjálparsími Rauða krossins 1717 stendur fyrir átaki vikuna 25.-31. október undir yfirskriftinni „Ég er ekki með unglingaveiki – mér bara líður illa". Tilgangurinn er sagður vera að vekja athygli á því að stuðningur í nánasta umhverfi skipti miklu máli fyrir góða geðheilsu.**

**„Auðvelt getur verið að skilgreina vanlíðan þessa aldurshóps sem „unglingaveiki" og afgreiða málið þannig," segir á vefnum, en með því sé lítið gert úr tilfinningum sem séu mjög raunverulegar fyrir viðkomandi einstaklinga. „Unglingar þurfa, ekki síður en aðrir, á því að halda að hlustað sé á þá þó fullorðnum finnist „vandamál" þeirra oft vera lítilvægleg."** **- óká**






## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**KÓLNANDI Á MORGUN** Það snýst í norðaustanátt á morgun og fer þá hægt kólnandi, en á fimmtudag verður hitinn víðast um og undir frostmarki. Þrátt fyrir blátt fimmtudagskort verður yfirleitt fínasta veður á landinu en hætt við stöku éljum.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 20° |
| Basel | 9° |
| Berlín | 9° |
| Billund | 9° |
| Frankfurt | 10° |
| Friedrichshafen | 8° |
| Gautaborg | 9° |
| Kaupmannahöfn | 9° |
| Las Palmas | 24° |
| London | 12° |
| Mallorca | 17° |
| New York | 22° |
| Orlando | 31° |
| Ósló | 5° |
| París | 11° |
| San Francisco | 15° |
| Stokkhólmur | 5° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Sigmundur Halldórsson *sigmundur@frettabladid.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*

Kynntu þér notkun og kosti metaneldsneytis á **metan.is**.

# Metanlán

Landsbankinn býður nú hagstæð yfirdráttarlán til þeirra sem vilja breyta bílnum og skipta yfir í umhverfisvænna og ódýrara eldsneyti. Í boði er lán með hagstæðari vaxtakjörum en hefðbundið yfirdráttarlán og er lánstími til allt að 48 mánaða.

Metaneldsneyti hefur verið notað til að knýja bíla hér á landi í áratug og reynslan verið góð. Hægt er að uppfæra allar gerðir bensínbíla með beinni innspýtingu og margar gerðir dísilbíla. Ávinningurinn er margþættur:

- Umhverfisvænna eldsneyti
- 40-45% lægri eldsneytiskostnaður
- Minni hávaði frá vél
- Sömu þægindi í akstri
- Innlent eldsneyti
- Gjaldeyrissparnaður
- Græn atvinnustarfsemi
- Aukið orkuöryggi

Landsbankinn vill með þessu leggja sitt af mörkum til samfélagsins og komandi kynslóða.

**Nánari upplýsingar á landsbankinn.is eða í næsta útibúi.**




NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-0280.
ENNEMM / SÍA / NM44020

KJÖRKASSINN



*Finnst þér mikið um fordóma í garð feitra?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 59,7% |
| NEI | 40,3% |

SPURNING DAGSINS Í DAG:

*Hefur þú farið í bíó á þessu ári og séð íslenska kvikmynd?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Byssumaðurinn í Malmö talinn hafa gert nítján árásir undanfarið ár í borginni:

# Glæpamenn leita mannsins

**SVÍÞJÓÐ** Lögreglan í Malmö telur að byssumaðurinn óþekkti beri ábyrgð á 19 þeirra skotárása, sem óupplýstar eru í borginni. Reynist þetta rétt hefur þessi maður valdið dauða einnar konu og sært átta manns illa.

Lögreglan bíður nú niðurstöðu rannsókna á lífsýnum, sem fundist hafa á vettvangi.

Ljóst þykir einnig að sama skotvopnið hefur verið notað í sumum árásanna, en lögreglan vill ekki gefa upp hve oft þetta vopn hefur verið notað.

Í sænskum fjölmiðlum kemur fram að fyrrverandi meðlimir glæpagengja séu farnir að leita uppi byssumanninn.

„Við þekkjum þetta svæði. Það er miklu auðveldara fyrir okkur en lögregluna að hafa hendur í hári hans,“ er haft eftir einum þeirra á vefsíðu dagblaðsins Sydsvenskan. „Hann getur bara vonað að við finnum hann ekki fyrst.“

Alls eru 50 skotárásir óupplýstar sem framdar hafa verið frá því í október á síðasta ári. Allt bendir til þess að einn og sami maðurinn hafi verið að verki í nítján þeirra. **- gb**



**BÖRJE SJÖHOLM** Lögreglustjórinn á Skáni segir allar líkur á því að einn og sami maðurinn hafi verið að verki. NORDICPHOTOS/AFP

Orku- og loftslagsaðgerðir:

# Sveitarfélögin keppa sín á milli

**UMHVERFISMÁL Norrænir orkumálaráðherrar blésu í gær formlega til keppni um titilinn „Norrænt orkusveitarfélag“. Keppninni er ætlað að vekja athygli á og styðja við aðgerðir sem stuðla að sjálfbærum lausnum í orku- og loftslagsmálum.**

**„Orkunotkun heimsins og losun gróðurhúsalofttegunda er langmest í borgum og bæjum. Því eru aðgerðir einstakra sveitarfélaga afar mikilvægar,“ segir á vef Orkustofnunar. Samkeppnin stendur yfir árin 2010 og 2011. - óká**

Launavísitalan hefur hækkað:

# Kaupmáttur eykst lítillega

**EFNAHAGSMÁL** Mánaðarleg launavísitala í september hækkaði um 0,3 prósent frá fyrra mánuði og 6,0 prósent miðað við sama mánuð í fyrra, samkvæmt nýjum tölum Hagstofunnar. Eins jókst kaupmáttur launa um 0,3 prósent milli mánaða, en um 2,2 prósent síðustu tólf mánuði.

Í fréttabréfi Samtaka atvinnulífsins er hækkunin fyrst og fremst sögð eiga sér skýringu í tveimur samningsbundnum hækkunum samkvæmt almennum kjarasamningum. Þá komi til áhrif árstíðasveiflna þar sem bónusar, þar sem um þá er að ræða, lækki yfir sumarmánuðina og hækki aftur í september. **- óká**

Nímenningar fyrir dómi:

# Vildi fá aðgang að leyniskjölum

**DÓMSMÁL Ragnar Aðalsteinsson, lögmaður fjögurra af þeim níu einstaklingum, sem hafa meðal annars verið ákærðir fyrir að ráðast á Alþingi árið 2008, krafðist þess í fyrirtöku málsins í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær að fá aðgang að meintum leynigögnum um málið.**

**Í frétt Vísis.is segir að Ragnar hafi ekki getað sýnt eða sannað að gögnum hafi verið haldið frá sér og sínum skjólstæðingum, en taldi margt benda til þess.**

**Dómarinn tók kröfuna fyrir og mun kveða upp úrskurð von bráðar. - vg, þj**

UMHVERFISMÁL

## Vistbyggðarráð opnar vef

Vistbyggðarráð, sem stofnað var í febrúarlok á þessu ári, hefur opnað nýjan vef, www.vbr.is. Ráðinu er ætlað að vera leiðandi vettvangur á sviði sjálfbærrar þróunar við skipulag, hönnun, byggingu, rekstur og viðhald mannvirkja hér á landi.



**LANDNÁMSÞORP Í ENGEY** Áætlað er að það taki fimm ár að byggja upp víkingaþorp í Engey, meðal annars með aðstoð innlendra og erlendra sjálfboðaliða. MYNDIR/CASPER ART

# Hafna víkingaþorpi í Engey

**Landnámsþorp í Engey fær synjun skipulagsyfirvalda sem segja hafnaraðstöðu skorta og stefnan sé að halda eynni óbyggðri. Einstakt tækifæri í ferðaþjónustu segir umsækjandinn sem heldur málinu til streitu.**

**SKIPULAGSMÁL** Félagið Landnámsferðir hefur sótt um lóð í Engey undir landnámsþorp með víkingaþema en fengið synjun hjá skipulagssviði Reykjavíkurborgar.



**SVEINN HJÖRTUR GUÐFINNSSON**

Sveinn Hjörtur Guðfinnsson, framkvæmdastjóri Landnámsferða, segir að þrátt fyrir þessa fyrirstöðu hjá skipulagsyfirvöldum haldi málið áfram. Ætlunin sé ekki að tjalda til einnar nætur. Áralangur undirbúningur sé að baki og samráð sé haft við hæfa fornleifafræðinga, meðal annars dr. Völu Garðarsdóttur, sem stjórnaði uppgreftrinum á Alþingisreitnum. Þorpið verði byggt eftir námkvæmri forskrift fræðimanna.

„Þetta er einstakt tækifæri fyrir ferðaþjónustu. Við höfum verið í Þýskalandi þar sem fólk dáir íslenska menningu og vill vita meira um landnámið og hvernig þetta byrjaði allt saman,“ segir Sveinn sem kveður verkefnið munu verða fjármagnað af einstaklingum sem ekki sé tímabært að nefna. „Þetta eru að minnsta kosti engir útrásarvíkingar.“

Sveinn segir erlenda handverksfræðinga bíða í röðum eftir að leggja verkefninu lið. Innlendir námsmenn, meðal annars í Tækniskólanum, geti einnig lagt hönd á plóginn. Nýta eigi trjágróður sem til falli á höfuðborgarsvæðinu í uppbyggingu þorpsins og smíði víkingaskipa.

„Við gerum okkur grein fyrir því hversu dýrmæt saga Íslands er. Sagan af landnáminu og fólkinu sem byggði landið er gríðarlega sterk en henni hafa ekki verið gerð nógu góð skil. Ef einhvern tíma er mikilvægt fyrir þjóðina að horfa til arfsins þá er það nú,“ segir Sveinn.

„Fornleifar í Engey hafa enn ekki verið skráðar en það er algjört grundvallaratriði að slíkt verði gert, ef til einhverrar uppbyggingar kemur,“ segir Minjasafn Reykjavíkur meðal annars í sinni umsögn.

„Rétt er að víkingaþorp og staðir þar sem byggt er upp sögulegt umhverfi hafa mikið aðdráttarafl fyrir ferðamenn. En slíkur staður þarf að vera vel hugsaður og hannaður til að virðast sannfærandi,“ segir í umsögn Minjasafnsins sem telur umsóknina of ófullkomna til að geta talist raunhæf.

Sveinn segir umsagnir Minjasafnsins og skipulagssviðs byggja á þekkingarleysi og nefnir þar möguleika til hafnaraðstöðu sérstaklega. Þá standi ekki til að reisa þorpið þar sem minjar séu fyrir heldur á svæði sem þegar hafi verið plægt.

Sveinn undirstrikar að mikilvægt sé að þorpið verði einmitt í Engey. „Þannig komast gestirnir frá borginni og inn í tímavél sem flytur þá aftur til landnámsaldar.“

**gar@frettabladid.is**

Áskriftarsjóður ríkisverðbréfa

*Góður ávöxtunarkostur – einnig í áskrift*



Við öflum fyrir þig

10,3%

ÁRLEG NAFNÁVÖXTUN*

100% RÍKISTRYGGING

*Hafðu samband við ráðgjafa okkar í síma 460 4700 eða kynntu þér málið á www.iv.is*

100% afsláttur af viðskiptaþóknun til 12. nóvember 2010

ÍSLENSK VERÐBRÉF

Þar sem þínir hagsmunir ráða ferðinni

Strandgata 3 600 Akureyri | Sigtún 42 105 Reykjavík

Sími: 460 4700 | www.iv.is | iv@iv.is

*Árleg nafnávöxtun frá 15.01.2001 til 31.09.2010. Ávöxtun í fortíð er ekki ávísun á ávöxtun í framtíð.

Áskriftarsjóður ríkisverðbréfa er verðbréfasjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf. er rekstrarfélag sjóðsins. Útboðslýsingu og nánari upplýsingar er hægt að nálgast á heimasíðu www.iv.is. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér útboðslýsingu sjóðsins og þá sérstaklega umfjöllun um áhættuþætti.

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is

# Næsta skref varðandi bílalánið þitt

**Við höfum nú endurreiknað hluta af bílalánum, bílasamningum og kaupleigusamningum í erlendri mynt í samræmi við niðurstöðu Hæstaréttar frá 16. júní og 16. september 2010. Lánasamningur verður útbúinn um þá fjárhæð sem stendur eftir ógreidd að endurútreikningi loknum.**

**Framkvæmd endurútreiknings verður í nokkrum áföngum, eftir stöðu lána:**

## 1 Lán með sama greiðanda frá upphafi

Viðskiptavinir sem hafa verið greiðendur á láni frá útgáfudegi geta nú skoðað endurútreikning á vefsvæði Íslandsbanka Fjármögnunar. Þú skráir þig inn á slóðinni www.islandsbanki.is/fjarmognun með kennitölu og lykilorði sem sent hefur verið í netbankann þinn og er að finna undir „Netyfirlit“ eða „Rafræn skjöl“. Ef þú lendir í vandræðum með að finna lykilorðið þá getur þú haft samband við viðskiptabanka þinn.

Ef þú átt inneign hjá Íslandsbanka Fjármögnun getur þú lækkað lánið þitt um þá fjárhæð með innborgun á höfuðstól þess, eða kosið að fá inneign þína greidda inn á bankareikning. Hafir þú vangreitt verður þeirri upphæð bætt við lánið.

Endurútreikningar vegna lána í fyrsta áfanga verða aðgengilegir á vefsvæði Íslandsbanka Fjármögnunar til 5. nóvember nk.

## 2 Uppgreidd lán

Þeir sem hafa greitt upp lán sín hjá Íslandsbanka Fjármögnun munu geta skoðað endurútreikninga þegar vinnu við fyrsta áfanga lýkur, en reiknað er með að það verði í nóvember næstkomandi.

## 3 Yfirtekin lán

Enn er óvissa um meðhöndlun uppgjörs á yfirteknum lánum. Um leið og þeirri óvissu hefur verið eytt mun Íslandsbanki Fjármögnun tilkynna viðskiptavinum sínum hvernig haga skuli uppgjöri.

**Nánari upplýsingar á www.islandsbanki.is/fjarmognun.** Þér er velkomið að hafa samband við ráðgjafa Íslandsbanka Fjármögnunar og ráðgjafa Íslandsbanka um land allt.

Íslandsbanki gerir þann fyrirvara við ofangreint að verði boðað frumvarp viðskiptaráðherra að lögum getur það haft áhrif á útreikning og uppgjör lána.



## Ferli í fyrsta áfanga

**A** Endurútreikningur lána með sama greiðanda frá upphafi er nú aðgengilegur á vef okkar

**B** Þú undirritar ný lánaskjöl og skilar til Íslandsbanka

**C** Uppgjör fer fram

Íslandsbanki Fjármögnun
islandsbanki.is/fjarmognun
fjarmognun@islandsbanki.is
Kirkjusandi – 155 Reykjavík
Sími 440 4000

Íslandsbanki

Konfúsíusarstofnunin Norðurljós sýnir:

**Rauðiklettur** 赤壁 eftir John Woo 吴宇森:

**Askja, stofa 132, fimmtudagur 28. október, kl: 17:30 - 19:20**

Kvikmyndin Rauðiklettur fjallar um örlagaþrungna stórorrustu sem átti sér stað við endalok Han tímans (208-209 e.kr.) og var upphaf sundrungartímabils í Kína. Leikstjórinn John Woo er þekktur fyrir stílmiklar og sjónrænar spennumyndir.

**Sýningin er öllum opin og án endurgjalds. Sýningartími 140 mín.**

Myndin er í tveimur hlutum og verður seinni hluti sýndur á sama tíma fimmtudaginn 4. nóvember.



Kínversk fræði við HÁSKÓLA ÍSLANDS
konfusius@hi.is | www.konfusius.hi.is
北极光孔子学院 KONFÚSÍUSARSTOFNUNIN NORÐURLJÓS

Mannréttindadómstóll Evrópu fordæmir framkomu Moskvuborgar:

# Skylt að leyfa gleðigöngur

**RÚSSLAND, AP** Rússnesk stjórnvöld þurfa að greiða þeim, sem skipulögðu gleðigöngu samkynhneigðra í Moskvu árin 2006, 2007 og 2008, vel á fimmtu milljón króna í skaðabætur og málskostnað.

Þetta er niðurstaða mannréttindadómstóls Evrópu, sem fordæmir það að borgarstjórn Moskvu hafi komist upp með að banna göngurnar bara vegna þess að embættismönnum var illa við samkynhneigða.

„Borgarstjórinn í Moskvu hefur margoft sagst staðráðinn í að koma í veg fyrir fjöldagöngur samkynhneigðra, af því honum finnst þær ósæmilegar,“ segir í dómsúrskurðinum.

Ekki er hægt að áfrýja niðurstöðu dómstólsins, og það þýðir að rússneskum stjórnvöldum ber skylda til að gera samkynhneigðum kleift að koma hindrunarlaust saman í borgum landsins.

Umræddur borgarstjóri, Júrí Lúsjkov, var reyndar rekinn úr embætti í síðasta mánuði eftir átján ár í starfinu.

Sergei Sobjanín, náinn samstarfsmaður Vladimírs Pútín forsætisráðherra, mun taka við embættinu. **- gb**



**NÝI BORGARSTJÓRINN** Dmitrí Medvedev forseti, Kirill patríarki og Sergei Sobjanín að lokinni vígsluathöfn borgarstjórans. NORDICPHOTOS/AFP

# Trúfélög ekki enn byrjuð að byggja

**Ásatrúarfélagið og Rétttrúnaðarkirkjan hafa ekki enn hafið framkvæmdir á lóðum sem þau fengu úthlutað frá Reykjavíkurborg. Rétttrúnaðarfólk mun ljúka samningum við borgina í haust, en ásatrúarmenn vonast til að klára árið 2012.**

**TRÚMÁL** Ásatrúarfélagið og Rétttrúnaðarkirkjan hafa ekki enn hafið byggingu á lóðum sínum þrátt fyrir að hafa fengið úthlutað lóðum í lok árs 2006. Þá fengu ásatrúarmenn lóð við Leynihlíð sem síðar varð Menntasveigur, undir Öskjuhlíð, og Rétttrúnaðarkirkjan fékk lóð við Nýlendugötu.

Ásatrúarmenn höfðu þá beðið í áraraðir eftir að fá lóð undir nýbyggingu hofs.

Félag múslima á Íslandi bíður enn eftir að fá lóð undir mosku, en fulltrúar skipulagsyfirvalda fullyrða að hreyfing sé komin á þau mál og þau muni skýrast á næstunni.

Rétttrúnaðarkirkjan bíður þess enn að undirrita lóðaleigusamning við Reykjavíkurborg, en að sögn Timur Zolotuskiy, prests kirkjunnar, eru þeir vongóðir um að málin fari að skýrast í haust.

„Þetta veltur á mörgum þáttum en við erum einnig að þróa verkefnið, hvað varðar kirkjuna og safnaðarheimilið, og svo erum við líka að ræða við okkar stuðningsaðila, en það mun skýrast þegar leigusamningar og kostnaðaráætlun er komin á hreint.“

Timur segir um 600 félaga í rússnesku og serbnesku rétttrúnaðarkirkjunum hér á landi. Þeir séu nú að vinna að hönnun byggingarinnar ásamt arkitektum og leitast verður við að finna lausn sem hentar við íslenskar aðstæður.

„Við byrjuðum á táknrænan hátt á sumardaginn fyrsta þegar við vígðum minnisvarða á lóðinni,“ sagði Hilmar Örn Hilmarsson, allsherjargoði í samtali við Fréttablaðið, en það var til minningar um Sveinbjörn Beinteinsson, sem var allsherjargoði um árabil.

Hilmar bætir því við að nú séu að hefjast prufanir á klöpp undir lóðinni. Þegar því er lokið, sennilega eftir nokkrar vikur, verður farið út í nánari útfærslu á byggingunni.

Hilmar bætir því við að enn eigi eftir að leggja veg, lagnir og þess háttar að lóðinni, en efnahagshrunið hafi einnig spilað inn í og tafið framkvæmdir.

„Við þurfum að sníða okkur stakk eftir vexti því að við förum illa út úr bankahruninu. Við þurftum því að fara út í praktískari lausnir.“

Hilmar Örn segist ekki viss um hvenær framkvæmdum verði lokið, „en í bjartsýniskasti vonast ég til þess að hofið, eða helgidómurinn, verði tilbúinn á árunum 2012 til 2013.“ **thorgils@frettabladid.is**



**BLÓT** Ásatrúarmenn vonast til þess að bygging hofs komist á rekspöl á næstunni. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**RÉTTTRÚNAÐARKIRKJA VIÐ NÝLENDUGÖTU** Frumhugmyndir að fyrirhugaðri rétttrúnaðarkirkju.

Forstjóri Landspítala - háskólasjúkrahúss óttast ekki sjúkrahús á Ásbrú:

# Fjölgar atvinnutækifærum

**HEILBRIGÐISMÁL** Björn Zoëga, forstjóri Landspítala – háskólasjúkrahúss, segist ekki hafa áhyggjur af því að missa starfsfólk yfir til fyrirhugaðs einkasjúkrahúss á Ásbrú. Í viðtali við Fréttablaðið fyrir helgi varaði landlæknir við því að þess háttar starfsemi gæti grafið undan sérfræðiþekkingu á Landspítala þar sem ýmsar stéttir gætu sótt í störf syðra.

Björn segir í viðtali við Fréttablaðið að Landspítali hafi verið að skera niður síðustu tvö árin líkt og fleiri stofnanir. Þeir hafi fækkað starfsfólki og sjúkrahús á Ásbrú gæti aukið möguleika fólks í heilbrigðisgeiranum á því að fá vinnu, eða jafnvel að auka við sig.

„Mér finnst eðlilegt að menn reyni að finna ný verkefni og atvinnutækifæri í íslensku atvinnulífi,“ segir Björn. „Ef allt fer á versta veg getur það haft neikvæð áhrif, en miðað við það sem ég veit um þetta verkefni hef ég ekki áhyggjur eins og er.“

Björn sagðist vonast til þess að fyrirhugað verkefni muni hafa í för með sér betri nýtingu á á því vinnuafli sem er fyrir í landinu. „Svo er jafnvel möguleiki á því að Íslendingar sem eru búsendir erlendis sjái þetta sem tækifæri til að koma heim og vinna.“ **- þj**

ALLIR VINNA

Teppalagt tækifæri fyrir stigaganga.

NÝTIÐ YKKUR VIRÐISAUKASKATTINN!

Verð frá 5.980 kr. per m² ákomið.

Vönduð og slitsterk, þéttofin teppi sem auðvelt er að þrífa.

Bjóðum heildarlausnir, þegar endurnýja á gólfteppi í stigagöngum í fjölbýlis- og sambýlishúsum. Aðeins eitt símtal og málið er komið í gang.

Stepp

PARKET & GÓLF Ármúla 32 · 108 Reykjavík · Sími 533 5060 · Fax 533 5061 · www.stepp.is

Endursöluaðilar um land allt osram.is

GOÐSAGNIR UM SPARPERUR

„... mynda kalt ljós“

Hversu „hlýtt“ eða „kalt“ ljós er, ákvarðast af litahitastigi perunnar. OSRAM DULUX® SUPERSTAR og OSRAM DULUXSTAR® perur eru fáanlegar í hinum hefðbundna hlýhvíta lit sem gefur svipaða birtu og venjuleg ljósapera og eru því tilvaldar til nota innan heimila.

SKIPTU NÚNA!

SJÁÐU HEIMINN Í NÝJU LJÓSI OSRAM

Jóhann Ólafsson & Co

Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 90 stöðum um land allt.
Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing

Allt sem þú þarft...

10 ára gömul verð!

Eldsmiðjan

562 3838

Bragagata 38a Laugavegur 81 Suðurlandsbraut 12

18.-31. október

GILDIR EKKI UM DRYKKI OG HEIMSENDINGU

# HINN EINI SANNI
## *sláturmarkaður!*



**ÓDÝRT OG GOTT!**
Keppurinn á ca. 85 kr.

*Síðustu dagar!*

# SLÁTUR MARKAÐUR

Sláturmarkaðinum lýkur á morgun!

Afgreitt frá kl. 14 - 18

# ÓDÝRT Í HAGKAUP SKEIFUNNI
**Nautakjöt og grísakjöt í magnpakkningum**

ÍSLANDS NAUT




ÍSLANDS GRÍS




### ½ Ungnautaskrokkur
VAXTALAUST LÁN Í 4 MÁNUÐI*

Ca. 60-80 kg kjöt
Lund
File
Innralæri (roast beef)
Ribeye
Stroganoff ca. 4 kg
Snitsel ca. 6 kg
Gúllas ca. 6 kg
Hamborgarar 100x100 gr stk
Hakk ca. 28 kg

**1498kr/kg**
Aðeins í Skeifunni

*Lánið ber 3% lántökugjald.

### Nautakassi 1
Hakk ca. 4 kg
Hamborgarar
20x100 gr stk
Gúllas ca. 2 kg
Snitsel ca. 2 kg

**1449kr/kg**
Aðeins í Skeifunni

### Nautakassi 2
Hakk ca. 3 kg
Hamborgarar
20x100 gr stk
Innralæri (roast beef)
ca. 2,5-3 kg kg
File ca. 2 kg

**1749kr/kg**
Aðeins í Skeifunni

### ½ Grísakjöt
Rifjasteikur 2 stk. 2,5-3 kg
Hnakkasneiðar ca. 1,5-2 kg
Kótelettur 4-5 kg
Bayonne skinka 1,5-2 kg
Bógur 2,5-3 kg
Hakk 4-5 kg
Steikur í neti úr læri
2 stk. x 3,5-4 kg

**949kr/kg**
Aðeins í Skeifunni

**OPIÐ**
24 Hagkaup
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

# Kvennafrídagurinn 35 ára



**50 ÞÚSUND KONUR SAMEINAÐAR** Afleitt veður hafði engin áhrif á mætingu á kvennafrídeginum 2010. Fyrirtæki lokuðu eða löguðu starfsemi sína að þörfum þeirra fjölmörgu sem vildu taka þátt. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**RAUÐI ÞRÁÐURINN** Prjónaverkefnið „Rauði þráðurinn" skilaði 225 metra löngum trefli sem strengdur var á milli Hæstaréttar og Héraðsdóms Reykjavíkur sem hvatning til réttarkerfisins um að ofbeldismenn verði látnir standa skil á gjörðum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




**HELVÍTIS FOKKING** Kunnugleg slagorð frá búsáhaldabyltingunni sáust lítillega breytt. Vart verður annað séð en það sé viðeigandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**ARNARHÓLL** Konur fylgdust með skipulagðri dagskrá á Arnarhóli. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**SIGRÚN PÁLÍNA INGVARSDÓTTIR** „Ég vann með reiðina. Ég vann með sorgina, óttann og kvíðann. Ég vann með höfnunina og skömmina. Að þessu loknu gat ég komið aftur … Eftir fjórtán ár stend ég hér, upprétt og heil, með sannleikann og kærleikann að vopni." FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

ENNEMM / SÍA / NM43755





**GRÍÐARLEGUR FJÖLDI** Allt að 50 þúsund konur á öllum aldri söfnuðust saman á Arnarhóli þrátt fyrir skítaveður. Gangan fór frá Hallgrímskirkju, niður Skólavörðustíg og að Arnarhóli. Víða um land söfnuðust konur saman og vöktu athygli á baráttumálum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




**AÐ KAUPA VÆNDI ER GLÆPUR** Kvennafrídeginum árið 2010 var stefnt gegn kynbundnu ofbeldi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




**ORÐ DAGSINS** Túlkun þessara skilaboða er óráðleg. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**ÁFRAM STELPUR** Baráttuhugurinn fór ekki fram hjá neinum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**FRÉTTASKÝRING:** Deilt um fyrirkomulag rannsóknarsjóða ríkisins

# Jón vill halda stjórn á sínum sjóðum

**Ráðherrar eru ósammála um fyrirkomulag rannsóknarsjóða. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið vill halda stjórn á sínum sjóðum. Vísindamenn kalla eftir faglegra starfi og fleiri samkeppnissjóðum til að fara með framlög ríkisins.**

Skiptar skoðanir eru meðal ráðherra ríkisstjórnarinnar um fyrirkomulag rannsóknarsjóða á forræði ríkisins. Heimildir Fréttablaðsins herma að Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra og Jón Bjarnason, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, hafi á fundi vísinda- og tækniráðs fyrr á árinu deilt hart um tregðu þess síðarnefnda til að setja sjóði síns ráðuneytis undir regluverk svokallaðra samkeppnissjóða.

Deilurnar teygja sig þó víðar og hafa meðlimir fræðasamfélagsins blandað sér í umræðuna.

Hópur íslenskra vísindamanna hefur vakið athygli á því að mun lægra hlutfalli ríkisframlaga til rannsókna og þróunarstarfs hér á landi er ráðstafað í gegnum svokallaða samkeppnissjóði en til dæmis á Norðurlöndunum.

Þessu misræmi mótmæla þeir og kalla eftir breyttum vinnubrögðum hins opinbera. Það er í samræmi við stefnu vísinda- og tækniráðs, sem heyrir undir forsætisráðuneyti og markar stefnu stjórnvalda í vísindaog tæknimálum. Ráðið hefur kallað eftir því að hærra hlutfalli opinberra framlaga til rannsókna og nýsköpunar verði úthlutað í gegnum samkeppnissjóði.

„Samkeppnissjóðir eru besta leiðin til að veita fé til rannsóknarverkefna,“ segir Eiríkur Steingrímsson, prófessor við læknadeild Háskóla Íslands, í samtali við Fréttablaðið. Hann skrifaði, ásamt Magnúsi Karli Magnússyni starfsbróður sínum, grein um málið í Fréttablaðið fyrir skömmu.

„Þess háttar sjóðir eru með stöðugt gæðaeftirlit sem felst í því að alþjóðlegir jafningjar, sem þekkja til vísindanna, meta það hversu líklegt er að viðkomandi nái árangri og hversu góðar aðferðir viðkomandi ætlar að nota. Þetta metur í rauninni líkurnar á því að verkefnið nái árangri.“

Eiríkur bætir því við að mikill meirihluti ríkisframlags til rannsókna, eða á milli 85 og 90 prósent, fari fram hjá þessum samkeppnissjóðum, annars vegar sem bein framlög til stofnana og hins vegar í sjóði sem eru í umsjá ráðuneytanna þar sem Eiríkur segir að fagleg sjónarmið ráði ekki alltaf för.

Eiríkur tekur sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið sem dæmi, en þar sé um milljarður króna sem er úthlutað „á pólitískum forsendum frekar en vísindalegum“. Þykir honum þetta vond notkun á almannafé.



**RANNSÓKNIR** Deilt er um fyrirkomulag rannsóknarsjóða ríkisins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Hvað eru samkeppnissjóðir?

Samkeppnissjóðir eru þeir rannsóknarsjóðir þar sem áhersla er lögð á faglegt jafningjamat og gæðaeftirlit við úthlutanir.

Umsækjendur þurfa að sannfæra stjórnir sjóða um ágæti og notagildi væntanlegra rannsókna sinna.

Allir sjóðir sem eru undir Rannsóknamiðstöð Íslands (Rannís) lúta þessum reglum.



**JÓN BJARNASON**



**EIRÍKUR STEINGRÍMSSON**

Í skriflegu svari við fyrirspurn Fréttablaðsins hélt Jón Bjarnason því fram að sjóðir á vegum ráðuneytisins lytu „regluverki samkeppnissjóða“ þar sem „skipan í stjórnir þeirra er með sambærilegum hætti og skipan í stjórnir annarra sjóða á vegum ríkisins, til dæmis þeirra sjóða sem eru í þjónustu Rannís“.

Það stenst þó varla þegar horft er til nokkurra helstu sjóða ráðuneytisins. Í stjórn sjóða Rannís og fagráða er skipað með faglegum hætti og fulltrúar úr vísindasamfélaginu meta ágæti umsókna.

AVS-rannsóknarsjóðurinn, sem heyrir undir sjávarútvegsráðherra og vinnur að því að auka verðmæti sjávarfangs, hefur um 250 milljónir á fjárlögum í ár. Stjórnarformaður sjóðsins er Ásmundur Einar Daðason, alþingismaður og samflokksmaður ráðherra, en í stjórn eru einnig fulltrúar frá sjávarútvegsfyrirtækjum og LÍÚ.

Þá er Kjartan Ólafsson, fyrrverandi alþingismaður, í formannsstóli í Framleiðnisjóði landbúnaðarins, sem hefur haft um 150 milljónir til úthlutunar á ári, en hefur þó einungis 15 milljónir samkvæmt fjárlögum ársins. Í stjórninni eru líka tveir fulltrúar tilnefndir beint af Bændasamtökum Íslands.

Ekki fengust svör frá ráðuneytinu við því hvernig mætti rökstyðja að sjóðirnir vinni eftir regluverki samkeppnissjóða.

Aðspurður hvort kæmi til greina að færa sjóðina undir forsjá Rannís eins og gert hefur verið við Tækniþróunarsjóð, sem heyrir undir iðnaðarráðuneytið, sagði Jón að núverandi skipan sjóðamála sé stuðli að beinni tengingu við atvinnuvegina, sem vilji ekki breytt fyrirkomulag.

„Innan sjávarútvegs- og landbúnaðar hefur verið lögð áhersla á óbreytta skipan og ráðuneytið hefur stutt það sjónarmið,“ segir Jón.

Þó er líklegt að breytingar séu í farvatninu því gert er ráð fyrir að nýtt sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti verði sameinað iðnaðarráðuneyti í einu atvinnumálaráðuneyti. Ef af því verður munu breytingar velta á pólitískum vilja væntanlegs ráðherra.



**Þorgils Jónsson**
thorgils@frettabladid.is









**SKÓLABÖRN** Sálmar eru órjúfanlegur hluti kveðskapar, segir prófessor í félagsfræði og meðlimur í Gideonfélaginu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Prófessor segir vart mögulegt að sleppa sálmum:

# Kveðskapur gegnir hlutverki í grunnskólum

**TRÚMÁL** „Ef kenna á börnum kveðskap þá verður ekki skautað framhjá sálmum. Ef þeim sleppir þá er skólinn ekki að gegna hlutverki sínu og skyldum,“ segir Rúnar Vilhjálmsson, prófessor í félagsfræði við Háskóla Íslands og meðlimur í Gídeonfélaginu.

Félagið hefur gefið grunnskólabörnum Nýja testamentið í hátt í sextíu ár. Rúnar segir ekki ljóst hvar Nýja testamentið fellur í tillögum mannréttindaráðs Reykjavíkurborgar um takmarkanir við aðgangi trúfélaga að skólastarfi í borginni.

Í niðurstöðum skýrslu starfshóps um um samstarf kirkju og skóla frá 2007 segir að kennarar innan leik- og grunnskóla beri ábyrgð á kennslu, trúarlegri listsköpun og fræðslu barna um trúarbrögð, lífsskoðanir og kristilegt siðgæði. Þar segir að komi upp ágreiningur skuli beina athugasemdum til Leikskólaeða Menntasviðs Reykjavíkurborgar. Af og til koma athugasemdir frá foreldrum um það sem þeir telja trúboð í skólum, samkvæmt upplýsingum frá Mennta- og leikskólasviði borgarinnar.

Fjallað verður um tillögur mannréttindaráðs á fundi þess í dag og er stefnt að því að tillagan verði tekin fyrir hjá borgarráði í nóvember. **- jab**

## Tjáir sig í vikunni

„Ég er ekki kominn í stand til að tjá mig um þetta mál, hef ekki haft orku í það. Ég ætla að bíða með það þar til seinna í vikunni,“ segir Jón Gnarr borgarstjóri. Hann var lagður inn á sjúkrahús í Stokkhólmi í Svíþjóð með útbrot og bráðaofnæmi um allan líkamann í síðustu viku. Hann kom aftur heim á laugardag og hefur legið á Landspítalanum síðan þá.



# Við viljum *sjá* þig

Staðreyndin er sú að ökumenn sjá vegfarendur með endurskinsmerki fimm sinnum fyrr. Flest eigum við endurskinsmerki ofan í skúffu, en þau koma aðeins að gagni séu þau notuð. Gætum að því að börnin okkar noti endurskinsmerki.

Arion banki ætlar í samstarfi við Umferðarstofu, Skátana og Ríkislögreglustjóra að gefa endurskinsmerki, sem nálgast má í öllum útibúum bankans eftir helgi. Þeir sem búa fjarri útibúum bankans, geta sent tölvupóst á fraedsla@us.is og fengið merkin send.

Ríkislögreglustjórinn

Skátarnir

UMFERÐARSTOFA

Nældu þér í endurskinsmerki í næsta útibúi bankans.

Arion banki

ÍSLENSKA SIA.IS ARI 51890 11/10

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Meirihluti mannréttindaráðs snýr aðalnámskrá og skýrslu um samstarf kirkju og skóla á haus.

## Ofsi og misskilningur

Fulltrúar Bezta flokksins, Vinstri grænna og Samfylkingarinnar í mannréttindaráði Reykjavíkur eru í vandræðum vegna mikilla og neikvæðra viðbragða við tillögu flokkanna um að úthýsa kristinni trú og siðum úr skólastarfi í borginni. Talsmenn tillögunnar reyna nú að halda því fram að viðbrögðin byggist á „misskilningi" og séu „ofsafengin" eins og Margrét Sverrisdóttir, formaður ráðsins, orðaði það hér í blaðinu eftir að biskup Íslands gagnrýndi áformin harðlega.

En hvernig er hægt að misskilja tillöguna? Þar segir berum orðum að heimsóknir starfsmanna trúfélaga í skóla séu bannaðar. Undir það falla líka heimsóknir presta sem koma til að veita áfallahjálp þegar slys eða dauðsföll hafa orðið. Þar segir klárlega að kirkjuferðir, „bænahald, sálmasöngur og listsköpun í trúarlegum tilgangi" eigi ekki heima í skólum. Hversu mikið mark á þá að taka á vandræðalegum útlistunum um að samt megi syngja sálma á litlu jólunum, setja upp helgileiki og gera trúarlegar myndir í jólaföndri? Meinti meirihlutinn eitthvað annað en það sem hann setti á blað?

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Í samtalinu við Fréttablaðið vísaði Margrét Sverrisdóttir til skýrslu starfshóps Reykjavíkurborgar um samstarf kirkju og skóla frá 2007. Ýmislegt bendir til að meirihlutinn í mannréttindaráði hafi misskilið skýrsluna. Að minnsta kosti ganga tillögur hans miklu lengra en hugmyndir starfshópsins. Í þeim er einmitt kveðið á um samstarf, en ekki samstarfsslit. Þar er sömuleiðis rík áherzla á að samstarfið sé undir hverjum og einum skóla komið, í stað þess að þeim séu öllum bönnuð samskipti við kirkjuna. Í „hugmyndum um samstarf" er nefnt sem dæmi að skóli geti kallað til fulltrúa trúar- og lífsskoðunarhópa vegna áfalla, en þess þurfi að gæta að virða trúarlegar forsendur þeirra sem eiga hlut að máli og fjalla um málin af fagmennsku. Annað dæmi er tekið af vettvangsheimsóknum – sem fulltrúar flokkanna þriggja vilja banna.

Meirihlutinn virðist ekki hafa lesið – eða þá misskilið – aðalnámskrá grunnskóla. Þar er á meðal markmiða fyrir yngstu bekkina að verða „betur fær um að skilja og njóta trúarlegrar tjáningar í tónlist, myndlist og bókmenntum" (sem fer kannski ekki alveg saman við bannið við trúarlegum söngvum og listsköpun), að kunna skil á Biblíunni (sem er ekki í samræmi við fyrirhugað bann við Biblíugjöfum í skólum) og „þekkja kirkjuhúsið, helstu tákn, kirkjulegar athafnir og starf kirkjunnar í heimabyggð" (sem getur reynzt erfitt þegar búið verður að banna kirkjuferðirnar).

Ef einhvers staðar er ofsa og misskilning að finna, er það í tillögum meirihluta mannréttindaráðs, sem í viðleitni til að bregðast við kvörtunum frá litlum minnihluta gengur alltof langt og hefur snúið bæði fyrri tillögum í málinu og þeim viðmiðum sem öllum grunnskólum í landinu ber að fara eftir á haus. Það er vel hægt að tryggja rétt minnihlutans án þess að vaða yfir trú, siði og venjur yfirgnæfandi meirihluta landsmanna.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Blámenn Bjarna

Björg Eva Erlendsdóttir gagnrýnir Bjarna Harðarson í pistli á Smugunni fyrir orðaval á fundi VG um Evrópumál. Bjarni ku hafa sagt að gagnrýni á þjóðernishyggju Heimssýnarmanna væri ómakleg, þótt vissulega væri hópur þar innanborðs sem byggði andstöðu sína við Evrópusambandið á ótta við að mæta blámönnum á götu. Bjarni var, augljóslega, að benda á það hversu fáránlegur málflutningur slíkra afturhaldsóðra fornaldardýrkenda getur verið. Til þess greip hann til þessa forneskjulega og niðrandi orðs. Það er óþarfi að atyrða hann fyrir slík stílbrögð.



### Ágætasta fólk

Að því sögðu tók Bjarni reyndar fram í kjölfarið að slíkar skoðanir dæmdu fólk ekki úr leik í umræðunni og það væri ekkert því til fyrirstöðu að vinna með því gegn Evrópusambandsaðild. Það er athyglisverð afstaða.

### Fornborg

Nokkuð almenn samstaða var um það í samfélaginu að konur landsins ættu skilið að leggja niður störf seinni partinn í gær og mótmæla í sameiningu langvarandi mismunun kynjanna. Eftir því var tekið að þessi samstaða ríkti í þjóðfélaginu öllu – nema reyndar í Árborg. Hver á að sækja börnin á leikskólann ef hann þarf að loka fyrr og mömmurnar eru allar að mótmæla? spurði Eyþór Arnalds. Nútíminn er nefnilega ekki alls staðar jafnsnemma á ferð. Kannski vísar forliðurinn Ár- alls ekki til vatnsfalls, heldur til forneskjunnar.



stigur@frettabladid.is

## HALLDÓR




## Ný kröfugerð verkalýðssamtaka?

Lífskjör almennings



Svavar Gestsson
fyrrverandi félagsmálaráðherra

Verður kröfugerð Alþýðusambandsins á næstu mánuðum um félagslegar aðgerðir í stað kauphækkana sem ekki er innistæða fyrir? Mun ASÍ gera kröfu um endurreisn félagslega íbúðakerfisins? Spurt er í framhaldi af setningarræðu forseta ASÍ á þingi samtakanna á dögunum. Síðastliðið vor skrifaði ég greinar í þetta blað þar sem ég hvatti til nýrrar kröfugerðar Alþýðusambandsins einkum í húsnæðismálum og í samgöngumálum í þéttbýli.

Enginn tók undir þessar hugmyndir í kosningabaráttunni síðastliðið vor. Forseti Alþýðusambandsins skammaði stjórnmálaflokkana fyrir að hafa eyðilagt félagslega íbúðakerfið. Staðreyndin er sú að hann hefði átt að skamma verkalýðssamtökin; þau hreyfðu engum mótmælum þegar félagslega kerfið var eyðilagt. Og þeir stjórnmálaflokkar sem nú fara með stjórn landsins voru varla til þegar kerfið var eyðilagt.

1980 settum við lög um húsnæðismál þar sem gert var ráð fyrir því að þriðjungur íbúðabygginga í landinu yrði á félagslegum grundvelli. Hinir áttu að reyna að klára sín mál sjálfir með lánum frá lífeyrissjóðum og bönkum. Þessi lagasetning réði úrslitum um húsnæðismál alþýðufjölskyldna þúsundum saman.

Núna í kreppunni þegar þetta kerfi hefur verið eyðilagt kemur best í ljós hve fráleit þessi skemmdarverk voru.

Mun Alþýðusambandið kannski setja fram kröfur um félagslegt íbúðakerfi í næstu kjarasamningum? Er kannski komið að því að verkalýðsfélögin setji fram kröfur um félagslegt endurbætur í kjarasamningum? Þær kröfur gætu snúist um að verja velferðarkerfið og svo að bæta það.

Meginmunurinn á lífskjörum ungra fjölskyldna á Íslandi og á Norðurlöndunum á hinum liggur í kostnaði við húsnæði og kostnaði við að komast í vinnuna eða til þjónustustofnana. Nútíma verkalýðshreyfing ætti því að gera kröfur um bættar almenningssamgöngur og um nýtt félagslegt íbúðakerfi í næstu kjarasamningum.

Að vísu er ekki víst að ASÍ eigi í þessum efnum samleið með svokölluðum samtökum atvinnulífsins; en það gildir væntanlega einu. Aðalatriðið hlýtur að vera að verkalýðsforystan eignist samstöðu með fólkinu í verkalýðshreyfingunni.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Mannfyrirlitning

Í DAG
Jónína Michaelsdóttir
blaðamaður



Fyrir margt löngu var ég að spjalla við roskinn mann um aðstæður alþýðufólks á árum áður. Þessi maður óx úr grasi í afskekktu þorpi úti á landi, og sagði mér meðal annars að hann hefði eitt sinn á yngri árum tekið þátt í að bera mann í rúmi sínu milli bæja. Þetta var heilsulaus maður á fátækraframfæri, en slíkt fólk var kallað sveitarómagar eða þurfalingar og var réttindalaust. Hreppurinn greiddi með því og ástæða þessa flutnings var sú, að bóndi á öðrum bæ hafði boðist til að hafa hann á heimilinu fyrir lægri upphæð en bóndinn sem hann hafði legið hjá í góðu atlæti. Þurfalingurinn var að sjálfsögðu ekki spurður hvernig honum litist á vistaskiptin og hreppurinn kynnti sér ekkert endilega hvort lægra meðlag þýddi verra atlæti. Burðarmaðurinn sagði að sér hefði liðið undarlega í þessu hlutverki. Þótt þurfalingurinn hafi ekki borið sig illa, var hann greinilega órólegur. Vissi ekkert hvað beið hans.

Mér fannst nánast óraunverulegt að vera að ræða við mann sem mundi þessa tíma og hafði tekið þátt í flutningi sveitarómaga á vegum hreppsins á æskuárum sínum. Þjóðin var þá fátæk, raunverulega fátæk. Hreppstjórinn þurfti að skoða hagstæðustu lausnir, og þessi tilhögun var viðurkennd um allt land. Það breytir ekki því að það kostaði ekkert þá frekar en núna að sýna fólki þá lágmarks virðingu að umgangast það sem manneskjur, en ekki eins og húsdýr eða kennitölu í tölvu.

**Vanhæfni í samskiptum**

Þrátt fyrir ótrúlegar framfarir hér á landi á síðustu áratugum, miklum samskiptum við aðrar þjóðir, bæði sem ferðamenn og námsmenn víða um heim, erum við langt frá því að vera veraldarvön eða fáguð í samskiptum hvert við annað. Sama hráa tillitsleysið og yfirlætið sem áður sneri að þeim sem minna máttu sín kemur enn upp á yfirborðið þegar á reynir. Oft er það reyndar sprottið úr vanhæfni í mannlegum samskiptum. Þannig eru mörg dæmi til um karla sem ganga út af heimilum sínum fyrirvaralaust og segjast í leiðinni vilja skilnað. Jafnvel þótt börn þeirra standi hjá. Ganga svo út án frekari skýringa. Og nú tíðkast ekki að fólki sé sagt upp eftir ára eða áratuga starf hjá fyrirtækjum með því að yfirmaður ræði málið og gefi viðkomandi svigrúm. Nú fær hann tilkynningu um að hann sé rekinn hér og nú. Ekki endilega skýring. Bara: Þurfum ekki lengur á þér að halda! Eins gott að við eigum góða sálfræðinga.

Og nú erum við að upplifa spegilmynd framkomunnar við þurfalingana. Hið opinbera þarf að draga saman. Þrengja að heilsustofnunum, loka heimilum með fólki sem getur ekki séð um sig sjálft, eða flytja það annað. Fólkið fær ekkert val.

Heimili fyrir Alzheimersjúklinga úti á landi er lokað, er mér sagt. Fólk er fært annað, til dæmis í annað byggðarlag. Enginn er spurður. Ekki er leitað eftir leiðum til að mæta þessu fólki.

Á sama tíma er ein nefndin eftir aðra sett á laggirnar, og hvers kyns verkefni sem ekkert liggur á að framkvæma eru sett á oddinn. Ekkert líf er í atvinnusköpun, enginn skilningur á því hvað það er sem drífur samfélagið áfram, og mannfyrirlitningin birtist nú skýrast hjá þeim sem mæra þá sem minna mega sín í öðru hverju orði. Forgangsröðun er vægast sagt sérkennileg.

> Ekkert líf er í atvinnusköpun, enginn skilningur á því hvað það er sem drífur samfélagið áfram, og mannfyrirlitningin birtist nú skýrast hjá þeim sem mæra þá sem minna mega sín í öðru hverju orði.

**Það gera þetta allir**

Ég var að fletta bók um fylgjur og fyrirboða eftir Sigurð Haralz sem kom út árið 1965.

Niðurlag bókarinnar er á þessa leið: „Nú á dögum virðist íslenska þjóðin svífa í eins konar tækni- og gróðavímu. Það er tvistað í kringum gullkálfinn af slíku ofurkappi að slíkt og þvílíkt hefur aldrei skeð áður hér á landi. Ef einhver spyr, hvort það sé nú víst, að öllu öðru sé fyrir slíkt fórnandi, þá er svarið: Það gera þetta allir.

Ef enn er spurt: Getur ekki skeð, að þetta sé of dýru verði keypt, eða er það öruggleg víst að þetta sé svona eftirsóknarvert? Þá er svarið: Það gera þetta allir.

Ef ekkert er athugavert við þann hugsunarhátt, sem svona svör bera með sér, þá hefur mér og mínum skjátlast – og það meira en lítið.“

Er þetta ekki kunnuglegt? Vorum við stikkfrí? Berum við ekki ábyrgð?

**FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU**
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing



**Deildarstjóri markaðsdeildar við Þjóðleikhúsið**
ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Deildarstjóri markaðsdeildar skipuleggur kynningarstarf hússins í samráði við leikhússtjóra, leiklistarráðunaut og listræna stjórnendur og fylgir því eftir. Hann annast gerð birtinga- og markaðsáætlana og semur um kaup á auglýsingum, vörum og þjónustu í samráði við framkvæmdastjóra. Hann sér um heimasíðu leikhússins og reglulega uppfærslu hennar og innra og ytra kynningarstarf.

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólamenntun í markaðsfræði eða skyldum greinum.
- Þekking á helsta hugbúnaði í greininni og notkun hans.
- Reynsla af kynningar- og markaðsmálum, áætlanagerð og verkefnastjórnun.
- Gott vald á talaðri og ritaðri íslensku. Góð kunnátta í ensku.
- Áhugi á listum og starfsemi leikhúsa.
- Öguð og ábyrg vinnubrögð. Hæfni í mannlegum samskiptum.

Umsóknum og fylgigögnum má skila á netfangið leikhusid@leikhusid.is, að því tilskyldu að skrifleg umsókn berist samhliða.
Umsóknareyðublöð má nálgast á vef Þjóðleikhússins www.leikhusid.is
Umsóknarfrestur er til og með 30. október 2010.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Tinna Gunnlaugsdóttir, þjóðleikhússtjóri, í síma 585 1200.



# Forgangsröðun í menntamálum og nýsköpun

Menntamál

Guðrún Sævarsdóttir
sviðstjóri véla- og rafmagnssviðs við Háskólann í Reykjavík



Í nýframlögðu fjárlagafrumvarpi má greina breytingar í áherslum stjórnvalda í menntamálum. Eins og fram kom í grein Gunnars Guðna Tómassonar og Sigurðar Magnúsar Garðarssonar í Fréttablaðinu þ. 14.10. sl., og staðfest var í svargrein frá Katrínu Jakobsdóttur menntamálaráðherra í Fréttablaðinu þ. 16.10., þá eru framlög til námsbrauta á sviði tækni- og raungreina skert um 12,2% sem er mun meiri skerðing en er á framlögum til félagsvísindagreina á borð við viðskiptafræði og lögfræði. Framlög til kennslu hjúkrunarfræði eru aukin.

### Framlög á hvern ársnemanda

Allar tölur eru í þúsundum íslenskra króna




> Forgangsröðunin í frumvarpinu þýðir að háskólar og deildir í tækni og raunvísindum fá þyngsta höggið og þurfa að draga saman hjá sér umfram aðrar deildir.

### Tækninám og nýsköpun

Nú þarf ekki að fjölyrða um þörfina á sparnaði hins opinbera eða ástæður þess. Þó er ekki úr vegi að minna á fullyrðingar stjórnvalda um að leiðin fyrir Ísland út úr kreppunni sé nýsköpun, verðmætasköpun þar sem hugvitið er virkjað. Það er almennt viðurkennt að tæknigreinar eru mikilvægar fyrir nýsköpun, og að rannsóknir í tæknigreinum og raunvísindum eru uppspretta hugmynda sem geta orðið að nýjum vörum og verðmætasköpun. Þegar Finnar mörkuðu sér stefnu til að vinna sig út úr kreppunni á síðasta áratug 20. aldar þá lögðu þeir ríka áherslu á kennslu og rannsóknir í hinum skapandi greinum: Listum, hönnun og tækni. Finnar neyddust til að fara í sársaukafullan niðurskurð á ríkisútgjöldum, og skáru jafnframt niður framlög til menntunar, en stóðu meðvitað vörð um tækni og listir. Flaggskip þeirra í dag eru hátæknifyrirtæki á borð við Nokia, og finnsk hönnun er öllum kunn.

### Stefnumótun menntamálaráðherra

Katrín segir í grein sinni að þó vægi námsgreina sé breytt í kostnaðarlíkani ráðuneytisins þá hafi skólarnir frelsi til forgangsröðunar þegar þeir dreifi fjármunum á námsbrautir hjá sér. Menntamálaráðherra getur ekki skorast undan stefnumótandi hlutverki sínu. Með því að breyta kostnaðarmati fyrir námsgreinarnar í líkaninu og sérstakri niðurfærslu fjárveitinga til raunvísinda og tæknigreina í fjárlögum sendir hún skilaboð til háskólanna um að leggja minni áherslu á gæði þessara námsbrauta. Þetta eru skýr skilaboð frá ráðherra til stjórnenda skólanna. Í kjölfarið verður miklu erfiðara fyrir þá sem standa í forsvari fyrir kennslu í tæknigreinum innan skólanna að réttlæta dýr verkleg námskeið, þar sem nemendur fá að spreyta sig.

Það er ríkur þáttur í verkfræði og tæknigreinum að þekkingu sem byggir á raunvísindum er beitt á skapandi hátt til að finna lausnir eða þróa tækni og vörur. Niðurstöður úr rannsóknum opna þeim möguleika til nýsköpunar sem hafa þekkingu til að bera kennsl á tækifærin og þjálfun í því að takast á við áskoranir. Þegar draga þarf úr kostnaði við tækninám er auðveldast að skera burtu hinn skapandi hluta, sem er langdýrasti þáttur námsins. Forgangsröðunin í frumvarpinu þýðir að háskólar og deildir í tækni og raunvísindum fá þyngsta höggið og þurfa að draga saman hjá sér umfram aðrar deildir.

### Samanburður við Norðurlönd

Í grein sinni bendir menntamálaráðherra réttilega á að eftir niðurskurðinn sé framlag til kostnaðarflokks 5 enn tvöfalt framlag til flokks 1. Í því samhengi má nefna að þessi munur er meiri annars staðar á Norðurlöndum, enda almennt viðurkennt að tækninám þurfi og eigi að vera dýrt til að vera fullnægjandi að gæðum. Að auki má nefna að gott tækninám er stutt af rannsóknum og kennt af kennurum sem stunda alþjóðlegar samanburðarhæfar rannsóknir. Þar má benda á samanburð við sænska og danska háskóla á mynd sem sýnir fjármögnun miðað við hvern nemanda í fullu námi í heilt ár – svokallaðan ársnemanda. Á myndinni má sjá að rannsóknaframlag til þessara háskóla er nálægt því að vera jafn hátt og framlagið til kennslu, og samanlagt er framlagið á hvern nemanda tvöfalt til þrefalt á við framlag til íslensku háskólanna HR og HÍ. Sérstaka athygli vekur hve lágt rannsóknaframlagið er til HR, sem er sá íslenskra háskóla sem er hlutfallslega langstærstur í tæknigreinum.

Yfirvöld íslenskra menntamála þurfa að taka sig á og endurskoða þau boð sem þau senda frá sér sé þeim nokkur alvara í því að rétta af þjóðarbúið með nýsköpun og uppbyggingu þekkingariðnaðar hér á landi.

AF NETINU

### Biskupinn dæmir sig úr leik



Biskupinn yfir Íslandi, Karl Sigurbjörnsson, hefur dæmt sjálfan sig úr leik í allri umræðu um trúmál á Íslandi með því að fullyrða í prédikun í gær að því myndi fylgja „fáfræði, fordómar og andleg örbirgð“ ef blakað yrði við því háttalagi í skólum landsins að prestar hafi þar tækifæri til að stunda trúboð. Þessi orð eru rætinn dónaskapur í garð annarra en kristins fólks.

Ég trúi til dæmis ekki á neinn guð, og ég frábið mér að maður úti í bæ sé að fimbulfamba um það í útvarpið að þar með þjáist ég af fávisku, fordómum og andlegri örbirgð. Ég ætla meira að segja að leyfa mér að halda fram að ég sé hvorki fáfróðari, fordómafyllri né fátækari andlega en Karl Sigurbjörnsson. Jafnvel þótt hann skarti titlinum „herra“.

dv.is/blogg/tresmidja

**Illugi Jökulsson**

### Kvennaráð



Konur eiga að ráða heiminum næstu fimm þúsund ár eða svo. Því hef ég lengi haldið fram.

Ekki nóg með að það sé sanngjarnt vegna þess sem á undan er gengið, heldur er ég viss um að heimurinn verður betri um leið og þær taka við stjórninni.

Og ég er ekki að tala um að konur eigi að hella sér í stjórnmálabaráttuna eftir ríkjandi leikreglum karlmanna, heldur búa sér til nýjar reglur á sínum forsendum.

Ég er viss um að allt yrði mýkra og manneskjulegra í samfélaginu ef konur myndu móta það upp á nýtt.

blog.eyjan.is/sludrid/

**Björgvin Valur Guðmundsson**




# Ófaglegar tillögur Mannréttindaráðs

Trúmál

Birgitta Thorsteinsson
formaður Félags kennara í kristnum fræðum, siðfræði og trúarbragðafræðum



Vegna tillagna sem Mannréttindaráð Reykjavíkurborgar hefur nú til umfjöllunar um samstarf skóla og trúar- og lífsskoðunarfélaga vill stjórn Félags kennara í kristnum fræðum, siðfræði og trúarbragðafræði (FÉKKST) koma eftirfarandi á framfæri.

FÉKKST er fagfélag innan Kennarasambands Íslands og eitt af meginmarkmiðum félagsins er að gæta hlutleysis og hlúa að greininni á faglegan hátt. Við viljum njóta trausts og vera hafin yfir ásakanir um trúboð í skólum. Fagmenntun kennara á að tryggja nemendum óhlutdræga fræðslu.

Stjórn félagsins telur að ákvæði um að banna heimsóknir nemenda í bænahús trúfélaga feli í sér skerðingu á möguleikum kennara í trúarbragðafræði til að beita fjölbreyttum kennsluháttum. Slíkar vettvangsferðir eru vænlegur kostur til að dýpka skilning nemenda á ákveðnum viðfangsefnum og þjóna þeim tilgangi að kynna fyrir þeim hlutverk og innviði þessara bygginga, trúartákn sem þar er að finna og skipulag. Umrædd fræðsla hefur ekkert með trú nemandans að gera. Þvert á móti er verið að efla víðsýni nemenda og leitast við að fyrirbyggja fordóma.

Víða í aðalnámskrá grunnskóla er talað um vettvangsferðir sem mikilvægan hluta af námi nemenda. Hér stangast tillögur Mannréttindaráðs Reykjavíkur á við áherslur í aðalnámskrá.

Með ákvæðum um bann við trúarlegri listsköpun og notkun sálma er einnig verið að hamla því að beitt sé skapandi og fjölbreyttum vinnubrögðum í trúarbragðakennslu. Biblían og önnur trúarrit eru uppfull af táknrænu myndmáli sem birtist í listasögunni og trúarleg efni hafa verið listamönnum innblástur í gegnum aldirnar. Í aðalnámskrá grunnskóla í kristnum fræðum, siðfræði og trúarbragðafræði er bæði gert ráð fyrir að nemendur kynnist listrænni tjáningu trúar og fái tækifæri til listrænnar sköpunar. Eftirsóknarvert þykir að samþætta kennslu í trúarbragðafræði við listgreinar og háleit markmið aðalnámskrár grunnskóla í listgreinum frá árinu 2007 bera þess glöggt vitni. Í henni má finna mýmörg dæmi um mikilvægi listsköpunar í námi barna.

Svo virðist að kennurum sé ekki treystandi lengur til að beita kennsluháttum sem fela í sér listsköpun er tengjast trúarlegum viðfangsefnum án þess að í því felist trúarleg tilbeiðsla. Í aðalnámskrá grunnskóla er mikil áhersla lögð á skapandi vinnu nemenda og þykir okkur skjóta skökku við ef ekki má beita slíkum vinnubrögðum í trúarbragðakennslu.

Í markmiðskafla nýju grunnskólalaganna er tóku gildi 1. júlí árið 2008 segir í 2. grein:

Starfshættir grunnskóla skulu mótast af umburðarlyndi og kærleika, kristinni arfleifð íslenskrar menningar, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi og virðingu fyrir manngildi.

Það er ekki hægt að líta fram hjá þeirri staðreynd að Íslendingar eru þjóð með kristna menningararfleifð sem skólarnir taka mið af. Skólinn hefur m.a. menningarlegum skyldum að gegna gagnvart nemendum sínum. Í grunnskólum borgarinnar er skólamenning sem sérhver skóli hefur mótað og þróað í starfi sínu. Ýmsir viðburðir og hefðir hafa fest sig í sessi og eru í dag órjúfanlegur þáttur í starfi skólanna. Má þar nefna kirkjuheimsóknir og helgileiki nemenda fyrir jól. Þannig heimsóknir þarf þó að skipuleggja út frá forsendum skólans sem fræðslustofnun með nemendur með ólíkan bakgrunn.

Trúarbrögð gegna veigamiklu hlutverki í menningu og þjóðlífi og það hlýtur að teljast afneitun á þeirri staðreynd að ætla að skera á öll tengsl skóla og trúarstofnana í landinu. Félagið telur sjálfsagt mál að setja ramma um samstarf skóla og trúar- og lífskoðunarfélaga en telur tillögur Mannréttindaráðs með boðum og bönnum ekki vænlega leið.

Stjórn FÉKKST þykir miður að tillögur Mannréttindaráðs skuli hamla skapandi skólastarfi á sviði trúarbragðafræðslu og takmarka sjálfstæði kennara í sínu faglega starfi. Markmið skólastarfs og kennslu er að gera nemendur meðvitaða um fjölbreytileika mannlífsins, stuðla að umburðarlyndi gagnvart ólíkum skoðunum fólks og fyrirbyggja fordóma. Þykja okkur tillögurnar sem eru til umfjöllunar hjá Mannréttindaráði bæði vanhugsaðar og gallaðar og hvetjum til að þær verði dregnar til baka í núverandi mynd.

Hér hefur aðeins verið drepið á örfá atriði sem stjórn FÉKKST vill vekja athygli á að svo stöddu.

Við teljum að tillögur Mannréttindaráðs vegi að fagmennsku kennara og séu ekki til þess fallnar að skapa þá nauðsynlegu sátt sem ríkja þarf um námsgreinina og skólastarfið almennt.



**Málþing um brjóstakrabbamein** verður haldið í Safnaðarheimili Hafnarfjarðarkirkju í kvöld. Þar verður sjónum meðal annars beint að streitu, næringu, líkamsrækt og brjóstakrabbameini. Málþingið hefst klukkan 19.30. Nánar á krabb.is.




**Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447



Eirberg

## Slakaðu á heima

- Sjálfvirkt og stillanlegt nudd
- Djúpslökun með infrarauðum hita
- Stillanlegt Shiatsu herða- og baknudd

Úrval nuddsæta - verð frá 23.750 kr.

Verið velkomin í verslun okkar prófið og sannfærist!

Sími 569 3100 • Stórhöfða 25 • www.eirberg.is




**Annie Mist Þórisdóttir tekur þátt í fjórða móti Intersport Þrekmótaraðarinnar 2010 í Eyjum**

# Metnaður skiptir mestu



Intersport Þrekmótaröðinni 2010 lýkur með fjórða og síðasta mótinu í Vestmannaeyjum laugardaginn 30. október. Annie Mist Þórisdóttir tekur þátt og er ekki í vafa um að hún muni sigra. „Ég ætla mér að vinna, ætti klárlega að geta það," segir hún og ætti að hafa eitthvað til síns máls enda sigurvegari mótaraðarinnar frá því í fyrra. Hún á hins vegar ekki von á því að endurtaka leikinn í ár. „Nei, ég missti nefnilega úr eitt mót þar sem ég var erlendis að kenna Crossfit, en allt frá því ég lenti í öðru sæti á Cross Fit Games í Kaliforníu í sumar hef ég verið fengin til að halda námskeið í því víðs vegar í Evrópu sem veita þjálfararéttindi."

Innt eftir því hvaða eiginleika maður þurfi að hafa til að sigra í móti af þessu tagi, setur Annie metnað og sjálfsaga ofarlega á lista. „Sjálf æfi ég daglega í tvo til þrjá tíma, það þýðir ekkert annað," segir Annie og kveðst njóta hverrar mínútu.

*roald@frettabladid.is*

Annie Mist kvartar ekki undan tímanum sem fer í æfingar og kennslu í ræktinni, enda á hún að baki feril í fimleikum þar sem hún þurfti að æfa í minnst fjóra tíma á dag, sex daga vikunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




Rómantískir, vandaðir hversdags- og sparidúkar

Fyrir bústaðinn og heimilið

Opið: má-fö. 12:30 -18:00,
Dalvegi 16a, Rauðu múrsteinshúsunum Kóp.201
S: 517 7727 nora.is , facebook.com/noraisland

Nóra



Patti.is

Landsins mesta úrval af sófasettum





Áklæði að eigin vali

Vín sófasett 3+1+1
Verð frá
345.900 kr

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA





Púðar í úrvali

Verð frá 2.900 kr

Dugguvogi 2 / s: 557 9510 / www.patti.is
Opið : Mánud. - Föstud. frá 9 til 18 og Laugard. frá 11 til 16





STUÐNINGS STÖNGIN

LÉTTU ÞÉR LÍFIÐ

Hjálparsessan lyftir 70% af þinni þyngd

HVAÐ ER STUÐNINGSSTÖNGIN?
Hjálpartæki sem auðveldar fólki að vera virkt og athafnasamt við daglegt líf án þess að þurfa að reiða sig á aðra.

Auðveld í uppsetningu
Engar skrúfur eða boltar
Tjakkast milli lofts og gólfs
Hægt að nota við hallandi loft, timburloft og mikla lofthæð
Margir aukahlutir í boði

- Falleg og nútímaleg hönnun
- Passar allsstaðar og tekur lítið pláss
- Viðurkennd af Tryggingastofnun ríkisins

Er erfitt að standa upp?

10 ÁR Á ÍSLANDI

www.vilji.is • Sími 856 3451




**Íþróttafélag fatlaðra í Reykjavík** stendur fyrir æfingum í ýmsum íþróttagreinum, svo sem frjálsum íþróttum, knattspyrnu, sundi, bogfimi og boccia. Æfingatöflu og allar upplýsingar um félagið má nálgast á heimasíðu þess www.ifr.is.











Í heimildarmyndinni verða þátttakendur sjónmældir fyrir og eftir námskeiðið í sjónþjálfun og þeim fylgt eftir í þrjá mánuði. Að myndinni stendur fyrirtækið Ný sýn með þeim Hafsteini G. Hafsteinssyni, Birgi Jóhannessyni og Guðmundi Jónasi Haraldssyni í fararbroddi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Getur þjálfun lagað sjón?

**Fyrirtækið Ný sýn gerir heimildarmynd um sjónþjálfarann Dr. Leo Angart sem telur að hægt sé að laga nærsýni, fjarsýni og sjónskekkju með þjálfun. Af því tilefni er haldið námskeið í sjónþjálfun hér á landi.**

Ný sýn er fyrirtæki sem sérhæfir sig í gerð heimildarmynda, en fyrsta verkefni þess er heimildarmynd um sjónþjálfun. „Hugmyndin vaknaði þegar Gummi byrjaði að verða fjarsýnn og fór að velta fyrir sér hvort eitthvað væri hægt að gera. Þá komst hann að því að til væri fólk sem þjálfaði sjón og gæti þannig lagað fjarsýni og aðra sjóngalla,“ segir Hafsteinn Gunnar Hafsteinsson, BA í sálfræði og MA í átakastjórnun, sem stendur að Nýrri sýn ásamt Birgi Jóhannessyni rekstrarverkfræðingi og Guðmundi Jónasi Haraldssyni leikara og leikstjóra.

„Við höfðum samband við Danann Dr. Leo Angart sem þykir virtur í þessum fræðum og hann var alveg til í að taka þátt í heimildarmynd,“ útskýrir Hafsteinn en þeir félagar hafa unnið að undirbúningi myndarinnar í heilt ár.

Stór hluti myndarinnar verður tekinn upp á námskeiði sem verður haldið undir stjórn Dr. Angarts dagana 2. og 4. nóvember næstkomandi í veislusalnum Nauthóli.

Hafsteinn segir að fólk eigi að geta náð töluverðum árangri á námskeiðinu. „Auðvitað fer eftir því hversu slæm sjónin er og hve lengi fólk hefur gengið með gleraugu, hve langan tíma tekur að laga sjónina með æfingum. Þeir sem eru með mínus einn eða tvo ættu að geta lagað það á einu námskeiði eða nokkrum vikum eftir það. Ef sjónin er daprari en það, getur það tekið hálft ár eða lengur,“ segir hann og bendir á að Dr. Angart byggi þjálfun sína á rannsóknum Williams Bates á auganu sem eru frá árinu 1916.

Að laga sjón með þjálfun hljómar eins og töfralausn, og jafnvel munu margir halda að sú lausn sé of góð til að vera sönn. Hafsteinn gerir ráð fyrir að fæstir augnlæknar trúi á þjálfun sem lausn, þó að þjálfun geti ekki skaðað. Þá hafi ekki verið gerðar raunprófanir á þjálfuninni að hans viti. Hins vegar beri mjög margir þjálfuninni góða sögu, og hann þekki sjálfur fólk sem hafi náð árangri með henni auk þess sem fjölmargar bækur hafi verið skrifaðar um málefnið. „Ég er sjálfur með -4,5 og nota gleraugu. Ég ætla að taka þátt í námskeiðinu og verð sjónmældur fyrir og eftir námskeiðið líkt og aðrir þátttakendur,“ útskýrir Hafsteinn en í heimildarmyndinni verður þátttakendum einnig fylgt eftir í þrjá mánuði frá námskeiðslokum. „Þannig ætlum við að gera hálfgildis raunprófun á því hvort þjálfunin virki.“

*solveig@frettabladid.is*







Fjöldi lita sem augað getur greint í sundur er á milli einnar og tíu milljóna.



visindavefur.is

## Námskeið í sjónþjálfun

NÝ SÝN STENDUR FYRIR SJÓNÞJÁLFUN UNDIR STJÓRN DR. LEOS ANGART Í VEISLUSAL NAUTHÓLS 2. OG 4. NÓVEMBER.

Námskeiðið kennir Daninn Dr. Leo Angart. Hann notaði gleraugu í 26 ár, var með sjónskekkju og nærsýni upp á -5,5. Í tilkynningu segir að fyrir sextán árum hafi hann losað sig sjálfur við gleraugun með því að þjálfa augun. Hann hefur kennt öðrum sömu þjálfun síðastliðin tíu ár í yfir 25 löndum.

Dr. Angart telur að aldur og erfðir eigi lítinn, ef nokkurn þátt í því hvers vegna sjónin daprast hjá 60 prósentum alls almennings á Vesturlöndum á aldrinum 6 til 20 ára og 85 prósentum fólks í Asíu. Hann heldur því fram að flestir beiti sjóninni ekki rétt, noti hana á mjög einhæfan hátt og geri aldrei æfingar til að viðhalda henni.

Námskeiðið undir stjórn Dr. Angarts fer fram 2. og 4. nóvember í Nauthól veislusal, Nauthólsvegi 106. Það er tíu tímar alls og stendur frá 17 til 22 hvorn dag en einn æfingadagur er á milli. Námskeiðið verður á einfaldri og góðri ensku en hægt er að kaupa miða á www.midi.is.

Námskeiðið á að hjálpa fólki sem er með nærsýni, fjarsýni og sjónskekkju. Einnig á það að hjálpa þeim sem þurfa á lesgleraugum að halda, eru með latt auga, eru tileygðir eða með önnur sjónvandamál. Nánari upplýsingar um Dr. Angart er að finna á www.vision-training.com.



Dr. Leo Angart kennir námskeið í sjónþjálfun í næstu viku.





„Þetta kemur manni í form bæði líkamlega og andlega,“ segir Guðrún Arnalds jógakennari. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Hefja sig upp yfir álagið

**Guðrún Arnalds er mörgum jógaiðkendum á Íslandi að góðu kunn. Nú hefur hún opnað nýja jógastöð í Skipholti 29 A undir merki fyrirtækis síns Andartaks og er með margs konar tíma í boði.**

„Ég hef ekki áður verið með eigin stöð, bara sali hjá öðrum,“ segir Guðrún sem sérhæfir sig í kundalini-jóga og er að mennta fleiri kennara í þeirri grein á hinni nýju stöð sinni, Andartaki, í Skipholti 29 A.

Ein af nýjungum starfseminnar hjá Guðrúnu er morgunjóga frá 7 til 8.15 á þriðjudögum og fimmtudögum. „Best er að hugleiða áður en sólin rís,“ segir hún og mælir með morgunjóga til að byggja upp viljastyrk, sjálfstraust og einbeitingu. Orka og gleði er yfirskrift hádegistímanna sem eru sömu daga milli klukkan 12 og 13. Auk þess eru bæði byrjendatímar og framhaldsnámskeið í boði. En hvað einkennir kundalini-jóga frá öðrum tegundum þessara fornu austurlensku fræða? „Kundalini-jóga er meira andlegt en annað jóga og það er það sem fólk sækir í,“ segir Guðrún og útskýrir það nánar. „Í því er mikil hreyfing og dýnamík en ekki eins mikill fókus á teygjur og í ýmsum öðrum afbrigðum af jóga. Því fylgir samt útrás og áreynsla og menn svitna gjarnan þannig að kundalini-jóga er góð leið til að halda sér í formi.“



Kundalini-jóga styrkir ónæmis- og taugakerfið að sögn Guðrúnar Arnalds sem segir alla velkomna í ókeypis prufutíma.

Guðrún segir kundlini-jóga byggja mikið á takti. „Fólk gerir sömu hreyfinguna aftur og aftur í ákveðnum takti við öndunina og það hjálpar því að fara inn á við, þannig að æfingarnar verða að hugleiðslu. Svo er falleg tónlist sem hjálpar til. Nemendur mínir hafa oft sóst eftir að eiga diska með kundalini-jógatónlist til að tengja sig inn á við. Það nýtist þeim heima.“

Annað sem Guðrún segir einkenna kundalini-jóga er kröftug öndun. „Það er alltaf hugleiðsla í lok hvers tíma hjá mér og hún byggir á einhverri öndun eða því að fólk segir eða syngur einhverja möntru í huganum. Það hjálpar því við að ná innri fókus.“

Fyrir þann sem er undir álagi í vinnunni segir Guðrún kundalini-jóga góða leið til að leita inn á við og öðlast jafnvægi. „Það er talað um að þetta jóga sé hannað fyrir fólk sem býr við álag og streitu. Með iðkun þess nær það að hefja sig upp yfir álagið og hafa orku og úthald til að takast á við það sem bíður,“ segir hún. „Þetta kemur manni í form bæði líkamlega og andlega.“

*gun@frettabladid.is*



REM-svefn er mun mikilvægari en áður var talið, samkvæmt niðurstöðum rannsóknar er birt var í National Geographic.

# Draumfarir bæta minnið

**Draumfarir geta bætt minnið og aukið sköpunar- og skipulagshæfileika, samkvæmt rannsókn í tímaritinu National Geographic.**

Niðurstöður rannsóknar sem birt var í nýjasta hefti tímaritsins National Geographic þykja gefa góða hugmynd um mikilvægi REM-svefns, sem er aðeins um 20 prósent af heildarsvefni fólks. Rannsóknin byggðist á því að fólki var skipt í þrjá hópa. Einn hópurinn var látinn leggja sig, nógu lengi til að ná hinum svokallaða REM-svefni, sem kemur fyrir með reglulegu bili á um það bil 90 mínútna fresti yfir svefntímann. Annar hópur var einnig látinn blunda, nógu stutt til að hann næði ekki REM-svefnstigi og þriðji hópurinn hvíldist í rólegu umhverfi án svefns.

Allir hóparnir voru látnir leysa ákveðin verkefni og í ljós kom að hópnum sem náði REM-svefnstiginu gekk betur með verkefni er tengdust ímyndunarafli og minni og átti auðveldara með að sjá samhengi milli óskyldra hluta. *- jma*


TVEIR ALVEG SPLÚNKUNÝIR



teg. 98880 létt fylltur, mjúkur og æðislegur í BC skálum á kr. 4.350,- buxur í stíl á kr. 1.990,-



teg. 100161 - létt fylltur og flottur í BC skálum á kr. 4.350,- vænar buxur í stíl á kr. 1.990,-

Misty - fyrir allar konur
Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Opið mán.-fös. 10-18. Lau. 10-14.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is
Vertu vinur

VILTU HÆTTA Á NIKÓTÍNI?

MEÐ EYRNANÁLASTUNGU OG SLÖKUNARÆFINGUM

Næstu námskeið byrja 1. nóvember og 10. janúar 2011

Upplýsingar hjá Ólöfu í síma 699-8410 eða Gunnari í síma 822-0727.
Nánari upplýsingar er að finna á www.dao.is

DAO
www.dao.is


## Illa læsilegt letur auðveldar lærdóm

VÍSINDAMENN VIÐ PRINCETON-HÁSKÓLA TELJA AÐ ILLA LÆSILEGT LETUR AUÐVELDI FÓLKI AÐ MUNA STAÐREYNDIR ÚR TEXTA.

Vísindamenn við Princeton-háskóla telja að illa læsilegt letur auðveldi fólki að muna staðreyndir úr texta. Sjálfboðaliðar í rannsókn vísindamanna við Princeton-háskóla fengu 90 sekúndur til að læra uppdiktaðar upplýsingar um nokkrar tegundir geimvera. Annar hópurinn fékk listann í venjulegu letri en hinn í illa læsilegu letri. Eftir þetta voru sjálfboðaliðarnir truflaðir með einhverjum hætti í fimmtán mínútur og að því loknu lagt fyrir próf til að athuga hve mikið þeir mundu.

Niðurstaðan var sú að þeir sem fengu illa læsilegt letur mundu að meðaltali 14 prósentum meira en þeir sem fengu upplýsingarnar í venjulegu letri. Töldu rannsakendur að með því að bera upplýsingarnar fram á flókinn hátt neyði það manninn til að einbeita sér meira. Frá þessu er greint á fréttavef BBC en rannsóknin verður birt í alþjóðlega tímaritinu Cognition.

Með þessu er talið sýnt fram á að sálfræðin geti vísað leiðina að mörgum hlutum sem geti hjálpað til við menntun enda geta þættir sem þykja lítilfjörlegir haft mikil áhrif á hvernig við vinnum úr og varðveitum upplýsingar.

Rannsakendur telja þó ítarlegri rannsókna þörf og setja þann varnagla við þessa rannsókn að sjálfboðaliðar fengu greitt fyrir þátttöku, og gætu þannig hafa lagt meira á sig, auk þess sem nemendur í skólarannsókninni voru í úrvalsskóla. *- sg*




Viltu breyta mataræðinu
til batnaðar á einfaldan og öfgalausan hátt?



INGA KRISTJÁNSDÓTTIR næringarþerapisti D.E.T. kennir ykkur hve einfalt það getur verið að bæta mataræðið og hvaða ráð hún hefur til þess.

Þriðjudaginn 2. nóvember

ÞETTA ER EKKI FLÓKIÐ! Inga er búin að halda yfir 40 fyrirlestra um efnið enda nálgunin einföld, skýr og hentar öllum sem áhuga hafa á breyttum lífsháttum.



FARIÐ VERÐUR MEÐ EINFÖLDUM HÆTTI YFIR:
- Hverju er hægt að skipta út og hvað kemur þá í staðinn
- Hvernig hægt er að þekkja muninn á hollri og skaðlegri fitu
- Hvernig þú getur haldið fullri orku allan daginn og losnað við sykurþörf og þreytuköst

Staður og stund: Heilsuhúsið Lágmúla 5, kl.19:30 - 22:00

www.heilsuhusid.is
heilsuhúsið

Innifalið í námskeiðinu er mappa með uppskriftum og fróðleik. Verð: 4.400.-
Nánari upplýsingar og skráning í síma 8995020 eða á eig@heima.is

## Lífið frá nýjum sjónarhóli

BORÐA, BIÐJA, ELSKA MEÐ EDDU BJÖRGVINSDÓTTUR OG BJARGEYJU AÐALSTEINSDÓTTUR Í MANNI LIFANDI Í DAG.

Edda Björgvinsdóttir og Bjargey Aðalsteindóttir standa fyrir námskeiðinu Borða, biðja, elska í Manni lifandi í Borgartúni 24 í dag klukkan 18.

Á námskeiðinu munu Edda og Bjargey fjalla um betra mataræði, minni streitu og mátt hugleiðslu svo fátt eitt sé nefnt. Þá verða í boði léttar veitingar í anda bókarinnar Borða, biðja, elska eftir Elizabeth Gilbert.

Þátttökugjald er 2.900 krónur og er hægt að skrá sig á námskeiðið með því að senda póst á gg@madurlifandi.is.



Edda Björgvinsdóttir stendur að baki námskeiðinu.

# Bjóða hollan og rétt samsettan mat

**Á Shape.is er hægt að panta matarpakka með öllum máltíðum dagsins. Þeir innihalda einungis 1.500 kaloríur og eru sérstaklega hugsaðir fyrir fólk sem vill léttast. Þjónustunni hefur verið vel tekið að sögn Gunnars Más Sigfússonar, eins þeirra sem standa að baki þjónustunni.**

Vefurinn Shape.is fór í loftið fyrir rúmri viku en þar er hægt að panta matarpakka með öllum máltíðum dagsins sem innihalda einungis 1.500 kaloríur. Einkaþjálfarinn Gunnar Már Sigfússon stendur að baki þjónustunni ásamt matreiðslumönnunum Snorra Birgi Snorrasyni og Einari Helga Jónssyni. Hann fullyrðir að fólk sem borðar eingöngu það sem er í matarpökkunum komi til með að léttast. „Grunnorkuþörf kvenna er rúmlega tvö þúsund kaloríur á dag svo það segir sig sjálft.“

Gunnar Már segir viðtökurnar hafa farið fram úr björtustu vonum. „Við fórum af stað með ákveðnar væntingar en eftirspurnin var mun meiri en við bjuggumst við. Við höfum verið að leggja grunninn að þessu síðasta hálfa árið og er augljóst að þetta er nýjung sem fólk kann að meta,“ segir Gunnar.

Matarpakkarnir innihalda morgunmat, hádegismat, kvöldmat og tvær millimáltíðir. „Ég reikna út kaloríurnar og legg upp með hvaða kolvetni, prótín og fitu er gott að borða á hvaða tíma dags. Snorri og Einar sjá síðan um að útbúa matinn. Við leggjum upp með nokkuð hefðbundinn mat og erum enn sem komið er ekki að leggja áherslu á glútein- og lactosa-frítt fæði. Við skerum hins vegar einföld kolvetni verulega niður en leggjum þess í stað mikla áherslu á prótín í einhverju formi og eru þau í þremur til fjórum máltíðum dagsins. Maturinn er fullur af næringu, hollri fitu og góðum prótínum og skammtastærðirnar eru hugsaðar þannig að líkaminn nýti næringarefnin sem best,“ upplýsir Gunnar.



Gunnar Már ásamt matreiðslumönnunum Snorra Birgi Snorrasyni og Einari Helga Jónssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hann hefur langa reynslu af því að vinna með fólki sem vill léttast og lifa heilbrigðu lífi en hann hefur starfað sem einkaþjálfari í átján ár og heldur regluleg námskeið á Nordica Spa. „Það fara um það bil hundrað manns í gegnum námskeið hjá mér á mánuði og eftir að hafa talað við allan þennan fjölda er ég viss um að fólk veit vel hvað þarf til að léttast og lifa heilbrigðara lífi. Það er hins vegar fyrst og fremst tímaskortur og skipulagsleysi sem kemur í veg fyrir að af því verði. Fólk hefur ekki tíma til að elda rétt samsett-an mat á hverjum degi. Það tekur lotur og borðar hollt en þá vill mataræðið oft verða einhæft.“

Gunnar vill einfalda fólki lífið og hefur það að leiðarljósi að velja mat sem hann vildi óska að hann hefði sjálfur aðgang að á hverjum degi. „Það er veitingahúsabragur á hverri máltíð. Við leggjum ríka áherslu á fjölbreytni og ætti engum að leiðast að lifa á þessum mat. Þá erum við með mikið af ferskpressuðum grænmetissöfum og skyrdrykkjum í millimál.“

Gunnar hefur gert samning við fjórar N1 stöðvar á höfuðborgarsvæðinu en þangað sækja viðskiptavinir matinn. Hann er sóttur í hádeginu og getur viðkomandi þá strax tekið til við að borða hádegismatinn. Hann borðar svo millimáltíðina og kvöldmatinn en á svo morgunmat og annað millimál til að borða daginn eftir. Enn sem komið er er einungis boðið upp á einn matarpakka en strax í næsta mánuði verður örðum bætt við. Hann mun innihalda 1.800 kaloríur og er hugsaður fyrir karla enda orkuþörf þeirra meiri. „Þá stefnum við líka að því að bjóða upp á fimm daga safakúr með ítarlegum leiðbeiningum.“ En hvað kosta herlegheitin? „Pakkinn kostar 3.490 krónur á dag og er hægt að panta allt frá einum degi og upp í nokkurra vikna áskrift.“ Nánari upplýsingar er að finna á www.shape.is.

*vera@frettabladid.is*

;ALLT TÍSKA Fimmtudaga

Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is - sími 512 5473

Henný Árnadóttir
henny@365.is - sími 512 5427

Þórdís Hermannsdóttir
thordish@365.is - sími 512 5447

Rekstrarleyfisnámskeið leigubílstjóra

Með vísun til laga nr. 134/2001 um leigubifreiðar, gengst Vegagerðin fyrir Rekstrarleyfisnámkeiði leigubílstjóra í Ökuskólanum í Mjódd **dagana 1. til 5. nóvember n.k.**

Þátttaka tilkynnist til fyrir **29. október** til Ökuskólans í Mjódd í síma **567-0300**

VEGAGERÐIN
ÖKU SKÓLINN Í MJÓDD

Webasto Feel the drive



BÍLASMIÐURINN HF

Aldrei kalt
í allan vetur með
Webasto bílahitara







Bílasmiðurinn hf • Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík • Sími: 567 2330
bilasmidurinn@bilasmidurinn.is



# Við leitum að góðu fólki

**vísir.is** og Fréttablaðið kynna nýjan og öflugan atvinnu- og raðauglýsingavef

Á vefnum getur þú með einföldum hætti flett í gegnum og skoðað atvinnuauglýsingar Fréttablaðsins. Þú kaupir atvinnuauglýsingu í **Fréttablaðinu** - öflugasta auglýsingamiðli landsins og hún birtist frítt í heila viku á einum stærsta vefmiðli landsins – **vísir.is**

**ALLT ATVINNA fylgir helgarblaði Fréttablaðsins... og birtist á vísir.is í viku**




+




FRÉTTABLAÐIÐ

vísir.is

...ég sá það á visir.is

## NUDD - TILBOÐ - NUDD

**Dekur f. 2 kr. 9900,-**

Skrúbb, heitur pottur, nudd f. 2 kr. 9900,-. Detox - f. 2 kr. 9900.-. Margar teg. nudds, alhliða snyrting, slökun, veitingar, heilsu, vítamín, næringarráðgjöf. Ekkert sex nudd. No sex massage. Uppl. - pantanir s. 823 8280. JB Heilsulind Skúlagötu 40. Opið 12-18 mán-lau.

## Spádómar







**Spásími 908 6060**
**Tarot, miðlun, trúnaður.**
**Er byrjuð á fullu aftur.**
**Opið frá 12-23 S. 894 9228**
**Steinunn visa/euro**

## Rafvirkjun




## Önnur þjónusta



Hræðilegt úrval af hryllilegum vörum fyrir Hrekkjavöku! Búningar, fylgihluti, skraut og borðbúnaður. Skoðaðu á www.partybudin.is Partýbúðin, Faxafeni 11, s. 534-0534



**GreenHouse**
Góður og fallegur fatnaður. Verið velkomin, opið í dag frá 13-19. Greenhouse Rauðagerði 26.

**Blekhylki.is**
Ódýr blekhylki og tónerar í HP, Dell, Brother, Canon og Epson send af stað samdægurs sjá nánar á Blekhylki.is S. 517-0150 Fjarðargötu 11.

## KEYPT & SELT

## Til sölu



**Hrekkjavakan Nálgast!**
Vampírutennur, litalinsur, farðar, búningar ofl. Skoðið úrvalið á vefversluninni hokuspokus.is Hókus Pókus Laugavegi 69 S. 551 7955.

Gámasala/Gámaleiga
Stólpi Gámar ehf
sími 568 0505




Glæný línuýsa, humar og fleira. Fiskbúðin Freyjugötu. S. 562 6625.

## Óskast keypt

**Kaupi gull !**

**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð. Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61. Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

## Hljóðfæri

5 mjög vel með farin og nánast ónotuð píanó til sölu á hagstæðu verði. Uppl. í s. 899 3133.

## Vélar og verkfæri



Handlyftivagnar HYTSU 2500kg m/ hraðlyftu Verð:49.900 kr með VSK ~~Sími: 5520110 www.pon.is~~

## Verslun



2 FYRIR 1 AF BUXUM TIL 1. NÓV !!! Buxur í öllum stærðum og gerðum. Emilía Bláu húsin Faxafeni s: 588-9925 emilia.is







## HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



**TANTRA MASSAGE**
Authentic initiation into the tantric mysteries with tantra massage. Unique experience for men, women and couples. Tel: 698 8301 www.tantra-temple.com

**SPA - DREAM OASIS**
**Fáðu kort og nudd frítt.**
NUDD: Heilln., Slökunarn., Skrúbb, Pottur, Sólbekkir og fleira. Símar 567 6666 og 862 0941. http://dreamoasis.magix.net

Whole bode massage 841 8529.

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið




Ertu með erfitt barn/ungling - viltu upplifa kraftaverk? Námskeið í Hjartanærandi uppeldi hefst 26.10 í Hafnarfirði 27.10 í Reykjanesbæ 28.10 á Blönduósi. S 6152161 greta@lifogframtid.net

## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Herb. miðb. rvk, húsg. fylgja. Verð 45 þús. S. 895 0482 eftir kl. 16.

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

**GÓÐ GISTING Í MIÐBÆNUM**
**Dags, viku og mánaðarleiga. Gistihúsið Egilsborg 896 4661**

Til leigu ný 2ja herb. íbúð í miðbæ Reykjavíkur. Reglusemi og snyrtimennska skilyrði. Fyrirframgreiðsla. Uppl. í s. 897 9390 og 896 1306.

Herbergi í Hraunbæ. Reglusemi áskilin. Uppl. í s. 865 9637 eða 847 6413.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

ROOM F/RENT W/FURNITURE IN 108 NEAR KRINGLA AND IN 109 / 111 BREIÐHOLT 8973611

## Húsnæði óskast

4 manna fjölskyldu vantar 3-4 herbergja íbúð. Uppl. í síma 847 1430 Júlíus.

Hjón með 1 barn, hund og kött óska eftir 3herb. íbúð til leigu/kaupleigu í Kóp/Garðabæ/Hfj. Reyklaus, reglusöm og skilvís með góð meðmæli. S: 8673993.

## Sumarbústaðir



**Útsala? Lækkað verð 2.1milljón**
22fm sumarhús til sölu í Húsafelli sem þarfnast standsett að innan. Leyfi komið fyrir stækkun í 34fm sem byrjað er á. Heitt vatn og pottur. Skipti og tilboð ath. S. 615 2500

## Til sölu



## Til sölu


# Sorptunnuskýli





Fyrir eina eða tvær sorptunnur

Fyrir 600 - 1.100 lítra kör



Snyrtileg lausn frá Steypustöðinni

STEYPUSTÖÐIN
STERKARI LAUSNIR

Hringhellu 2, 221 Hafnarfjörður | Hrísmýri 8, 800 Selfoss | Malarhöfða 10, 110 Reykjavík | sími 4 400 400, www.steypustodin.is



## FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU

Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing



Allt sem þú þarft...


## Geymsluhúsnæði

**Geymi tjaldvagna, fellihýsi ofl.**

**Ímynd gæða. Fjögurra stjörnu. 13 ára reynsla.**

**Í símaskrá ja.is undir;**

**geymsla asgeirs eirikssonar ehf.**

**Upplýsingar 897 1731 klettar@heimsnet.is**

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

## Gisting

Gisting Akureyri - Gista.is. Íbúðir í göngufæri við miðbæ. Lín og þráðlaust net. S. 694-4314.

## Atvinna



### VIÐSKIPTAFULLTRÚI
### ECONOMIC - COMMERCIAL ASSISTANT

Sendiráð Bandaríkjanna auglýsir stöðu viðskiptafulltrúa lausa til umsóknar. Umsóknarfrestur er til 31 október 2010. Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu sendiráðsins: http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html

The U.S. Embassy in Reykjavik is seeking an individual for the full time postion of Economic and Commercial Assistant. The closing date for this postion is October 31, 2010. Application forms and further information can be found on the Embassy's home page: http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html

Please send your application and resumé to : reykjavikvacancy@state.gov

## ATVINNA

## Atvinna í boði

**Kökuhornið Bæjarlind**

**Óskum eftir starfsfólki á tvískiptar vaktir 06:30-13:00 og 13:00-18:30 (ca. 73,43% starfshlutfall). íslenskukunnátta skilyrði.(EKKI YNGRI EN 18 ÁRA) kokuhornid@kokuhornid.is S. 866 0060, Kristín**

**Skemmtileg kvöldvinna**
Óskum eftir skemmtilegu fólki í símasölu frá kl. 17:30-21:30 virka daga. Uppl. e. hádegi í s. 868 4551.

**Leikskólinn Skerjagarður í Skerjafirði!**
Er að leita að leikskólakennara eða áhugasömum starfsmanni sem sýnir frumkvæði, er jákvæður og hefur brennandi áhuga á að vinna með börnum. Leikskólinn er einkarekinn, lítill og heimilislegur, tveggja deilda fyrir börn á aldrinum 18. mánaða til 6 ára. Lögð er áhersla á faglegt starf, þar sem einstaklingurinn fær að njóta sín í notalegu og öruggu umhverfi. Allar nánari uppl. í s. 822 1919 og 848 5213.

Spjalldömur - símadaður Finnst þér gaman að daðra við karlmenn í síma? Rauða Torgið leitar samstarfs við yndislegar símadömur, 25 ára og eldri. Duglegar og skemmtilegar konur geta auðveldlega búið sér til dágóðar aukatekjur. Nánari upplýsingar á www.RaudaTorgid.is.

**Café Konditori Copenhagen**
Bakarí/Kaffihús. Starfsfólk óskast til afgreiðslustarfa, 18 ára eða eldri. Í fullt starf og hlutastarf. Uppl. í s. 864 1585

## Atvinna óskast

27 ára kk óskar eftir vinnu. Er með Háskólapróf en allt kemur til greina. Get byrjað strax. S. 867 5139.

## TILKYNNINGAR

## Einkamál

Kona með fallega og seiðandi rödd vill kynnast góðum karlmanni með ýmislegt í huga. Auglýsing hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8154.

Símadömur Rauða Torgsins eru fjölbreyttur og síbreytilegur hópur yndislegra kvenna sem elska símadaður. Hver þeirra verður vinkona þín í kvöld? Símar 908-6000 (símatorg) og 535-9999 (kreditkort).


FYRIR 229 KRÓNUR FÆRÐ ÞÚ:



VHS SPÓLU Í KOLAPORTINU

EÐA



FRÁBÆRA SKEMMTUN Í HEILAN SÓLARHRING FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

Stöð 2, Stöð 2 Bíó og Stöð 2 Extra kosta aðeins 229 krónur á dag í Stöð 2 Vild.
Tryggðu þér áskrift í dag!



# GÓÐAR FRÉTTIR FYRIR NORÐURLAND

Þú færð Fréttablaðið í lausasölu á 27 stöðum á Norðurlandi og 90 stöðum um land allt.
Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing.




FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU

Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing

## Fjöldi lausasölustaða á Norðurlandi

N1 Staðarskála
Kaupfélagið Hvammstanga
Verslun Víðigerði
N1 Blönduósi
Potturinn og pannan, Blönduósi
Olís, Skagaströnd
Hlíðarkaup, Sauðárkróki
Kaupfélag Skagfirðinga, Sauðárkróki
N1 Sauðárkróki
Shellskáli, Sauðárkróki
10-11, Akureyri
N1 Hörgárbraut, Akureyri
Bónus, Akureyri
N1 Leiruvegi, Akureyri
Olís, Akureyri
N1, Dalvík
Olís, Dalvík
Olís, Ólafsfirði
Eyjabúðin/Eyjaljósið, Hrísey
N1, Húsavík
Shellskáli, Húsavík
Olís, Húsavík
Goðafossveitingar, Fosshóli
Búðin, Kópaskeri
Verslunin Ásbyrgi
Verslunin Urð, Raufarhöfn
N1, Þórshöfn



Allt sem þú þarft...



# GÓÐAR FRÉTTIR FYRIR SUÐURLAND

Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 23 stöðum á Suðurlandi og 90 stöðum um land allt.
Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing.




FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU

Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing

## Fjöldi lausasölustaða á Suðurlandi

Olís, Selfossi
Krónan, Selfossi
Bónus, Selfossi
N1 Fossnesti, Selfossi
N1 verslun Selfossi
Verslunin Árborg, Selfossi
Bjarnabúð, Brautarhóli (Reykholti)
Ferðaþjónustan Úthlíð
Þrastalundur, Grímsnesi
Minni-Borg, Grímsnesi
N1, Hveragerði
Bónus, Hveragerði
Glóðarsel, Laugarvatni
Olís, Hellu
Söluskálinn Landvegamótum
N1, Hvolsvelli
Söluskálinn Björk, Hvolsvelli
N1 Skaftárskáli, Kirkjubæjarklaustri
Skýlið, Vestmannaeyjum
Vöruval, Vestmannaeyjum
N1, Vestmannaeyjum
Olís, Vestmannaeyjum
Krónan, Vestmannaeyjum



Allt sem þú þarft...

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Fiskmeti á þriðjudegi

Ný fersk **ýsuflök** roð og beinlaus, fersk **ýsa í raspi**, frosnir **þorskbitar**, frosinn **steinbítur**, fryst **ýsuflök**, frystir ýsubitar í raspi, ferskar og frystar **fiskbollur** og nýjar **kartöflur**.



998 KR.kg

NÝ FERSK LÍNUÝSA ROÐ OG BEINLAUS



998 KR.kg

NÝ FERSK ÝSA ROÐ OG BEINLAUS Í RASPI


898 KR.kg

*NORÐANFISKUR:* FROSNIR ÞORSKBITAR ROÐ OG BEINLAUSIR



898 KR.kg

*NORÐANFISKUR:* FROSNIR ÝSUBITAR ROÐ OG BEINLAUSIR


698 KR.kg

FROSINN STEINBÍTUR ROÐ OG BEINLAUS



698 KR.800g

*BÓNUS* ÝSUBITAR Í RASPI 800g FRYSTIVARA


579 KR.kg

*NORÐANFISKUR:* FRYSTAR STEIKTAR FISKBOLLUR


698 KR.kg

*FISKBÚÐIN OKKAR:* FERSKAR STEIKTAR FISKBOLLUR


98 KR. 1 kg

NÝJAR KARTÖFLUR GULLAUGA OG RAUÐAR


298 KR. 1kg

EUROSHOPPER FROSIÐ BROKKOLI OG GRÆNMETISBLANDA 1 kg



298 KR. 500g

BÓNUS GULLRASPUR 500g



159 KR. 350g

BÓNUS HRÁSALAT 350g



298 KR.830g

ORA FISKBOLLUR HEILDÓS 830g



298 KR.500g

*AKURSEL:* LÍFRÆNT RÆKTAÐUR GULRÆTUR 500g

**BÓNUS BÝÐUR BETUR**

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA VISA Vildarklúbbur

# tímamót

timamot@frettabladid.is



63 **HILLARY CLINTON**, fyrrverandi forsetafrú og núverandi utanríkisráðherra bandaríkjanna, er 63 ára.

*„Í Biblíunni segir að Jesús hafi verið spurður hversu oft maður á að fyrirgefa, og hann svarar 70 sinnum 7. Nú jæja, þið megið öll vita að ég held nákvæmt bókhald yfir mínar fyrirgefningar.“*

AFMÆLI



**GÍSLI GUÐJÓNSSON** réttarsálfræðingur er 63 ára.



**SIGURÐUR JÓHANNESSON** hagfræðingur er 49 ára.



**EGILL HEIÐAR ANTON PÁLSSON,** leikari og leikstjóri, er 36 ára.



**BOB HOSKINS** leikari er 68 ára

# Íslenskt leikrit sýnt í Ljubljana

Leikritið Eldhús eftir máli, hversdagslegar hryllingssögur eftir Völu Þórsdóttur verður frumsýnt í Glej-leikhúsinu í Ljubljana í Slóveníu næstkomandi sunnudag.

Verkið er byggt á fimm smásögum eftir Svövu Jakobsdóttur og var sýnt í Þjóðleikhúsinu á sínum tíma.

Hópurinn sem stendur að baki sýningunum í Ljubljana samanstendur af helstu leikhúslistamönnum Slóveníu. - þj



**HRYLLINGUR** Verkið var sett upp í Þjóðleikhúsinu á sínum tíma.

## Merkisatburðir

**1900** Fyrsti hluti neðanjarðarlestakerfis New York-borgar opnar.

**1927** Gagnfræðaskólanum á Akureyri veitt heimild til að útskrifa stúdenta og er þaðan í frá nefndur Menntaskólinn á Akureyri.

**1936** Útvarpsþátturinn Um daginn og veginn hefur göngu sína.

**1950** Móðir Teresa setur á fót góðgerðastofnun í Kalkútta á Indlandi.

**1954** Chevrolet afhjúpar V-8 vélina.

**1961** Eldgos hefst í Öskju í Dyngjufjöllum.

**1965** Reykjanesbraut, milli Hafnarfjarðar og Keflavíkur, er formlega opnuð fyrir umferð.

**ÞETTA GERÐIST:** 26. OKTÓBER 1959

## *Bakhlið tunglsins mynduð*

Þennan dag árið 1959 opinberaðist fjarhlið tunglsins mannkyni í fyrsta sinn, en þá bárust myndir úr sovéska geimfarinu Luna 3.

Fjarhlið tunglsins er í raun ekki það sama og myrkvaða hlið tunglsins því að fjarhliðin snýr ætíð frá jörðinni og sést einungis um 18 prósent hennar við viss skilyrði á jörðu.

Myndirnar voru gefnar út ári síðar eftir að hafa verið rannsakaðar af sovéskum vísindamönnum.

Það sem greinir helst á milli hliða tunglsins er sú staðreynd að nærhliðin er alsett risavöxnum gígum, sem í fyrndinni voru talin höf. Gígar á fjarhliðinni eru hins vegar mun minni, en undantekningin er Aitken-gígurinn sem er stærri en Ísland að flatarmáli og að mestu á fjarhlið tunglsins.

Fyrstu mennirnir til að líta fjarhliðina eigin augum voru geimfararnir á Apollo 8 árið 1968.

Heimild: Wikipedia.org





**ÓLAFÍA ZOËGA ARKITEKT** Verkefnið hennar Criceland snýst um að veita almenningi aðgang að svæðum í borginni sem nú eru lokuð vegna kreppunnar.

**ÓLAFÍA ZOËGA ARKITEKT:** GERÐI VERÐLAUNAVERKEFNI ÚR ÍSLENSKU KREPPUNNI

# Stundum er nóg að gera lítið

Ólafía Zoëga útskrifaðist nýlega með hæstu einkunn úr Bergen Arkitektskole. Hálfbyggð hús og auðar lóðir, birtingarmynd kreppunnar á Íslandi, varð henni innblástur í mastersverkefnið, Criceland. Hún segir það snúast um að nýta lóðir í borginni sem nú séu lokaðar, en í miklu minni skrefum en áður hafi verið ætlað. „Stundum er nóg að gera lítið,“ segir hún. „Sumar lausnirnar geta nýst tímabundið þangað til að framtíðarplönin verða skýrari.“

Ólafía er frá Norðfirði en hefur búið í Bergen í fimm ár og fylgst með atburðum á Íslandi úr fjarlægð á þeim tíma. „Ég hef komið heim einu sinni til tvisvar á ári og alltaf séð miklar breytingar í hvert skipti. Á þessum fimm árum hafa sprottið upp heilu hverfin af fullgerðum og hálfbyggðum húsum, fyrir utan turna, verslunarhallir og skýjakljúfa. Auk þess er fullt af stórum, auðum lóðum. Ég skoðaði allt höfuðborgarsvæðið. Byrjaði í úthverfunum þar sem hálfbyggð hús teygðu sig út í auðnina og endaði í miðborginni þar sem þéttingarplönin hafa að vissu leyti endað í enn dreifðari byggð en áður, vegna þess að hús voru rifin til að byggja ný en sum þeirra komust aldrei upp og stórar lóðir standa eftir.“

Ólafía kveðst hafa einbeitt sér að auðum lóðum í miðbænum, á svæðinu frá Slippnum í Mýrargötu að Höfðatorgi í austri að báðum stöðum meðtöldum. „Ég endaði með að skipuleggja þrjár lóðir, eina sem er alveg tóm og er lokað með girðingu milli Þverholts og Einholts, eina á Mýrargötunni sem er með steypukumbalda og svo Höfðatorgi. Þetta eru lítil og sérstæð verkefni,“ segir hún og svo kemur lýsingin. „Ég gerði lítið baðhús í steypudraugnum í Mýrargötu sem tekur bara lítinn hluta af húsinu. Eitthvað sem væri mögulega hægt að hafa efni á. Á lóðinni milli Einholts og Þverholts bjó ég til almenningsgarð sem verður til í smá skrefum og á Höfðatorgi bjó ég til eldfjallasafn. Ég nota turninn og byggi utan á hann kassa og tröppur og fer svo inn á nokkrar hæðir. Þá er verið að nýta það sem fyrir er, gefa almenningi kost á að njóta útsýnisins um leið og það lærir um eldfjöllin.“ Á hún von á að þessum tillögum verði gaumur gefinn?

„Það er aldrei að vita. Kannski koma þær einhverjum hugsunum af stað. Við erum fjórar stúlkur af norðurslóðum sem ætlum að sýna verkefnin okkar í Tromsö í janúar í tengslum við stóra ráðstefnu um Norðurheimskautssvæðin. Ein okkar er frá Grænlandi, önnur Rússlandi, þriðja frá Norður-Noregi og svo ég frá Íslandi. Við ætlum að búa til eina sýningu úr öllum fjórum verkefnunum okkar.“

Ólafía tekur fram að hennar framlag sé ekkert „vonleysisverkefni“ því Reykjavík hafi upp á gífurlega mikið að bjóða. „Ég heyri talað um að borgin sé óheildstæð og undarleg og að mínu mati er það eitt það skemmtilegasta við hana. Hún er svo fjölbreytt og mér finnst alveg mega spila meira á það. Það þarf ekki allt að vera samstætt, fínt og flott.“

Hægt er að fræðast nánar um verkefnið á vefsíðunni http://criceland.blogspot.com. gun@frettabladid.is


†



*Innilegar þakkir til þeirra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu*

**Lilju Ólafsdóttur**

Nausti, Þórshöfn.

Sérstakar þakkir viljum við færa starfsfólki á Dvalarheimilinu Nausti og Heilbrigðisstofnun Þingeyinga á Húsavík, fyrir frábæra umönnun, ljúft viðmót og hlýju.

Ólafía B. Matthíasdóttir  Þórarinn B. Gunnarsson
Bjarki Friðgeirsson
Matthildur Jóhannsdóttir
Oddný Matthíasdóttir
Ólafur Stefánsson  Steinfríður Alfreðsdóttir
Magnea Stefánsdóttir  Þorsteinn Sæmundsson
Einar Stefánsson  Guðlaug Ragna Jónsdóttir
Jón Stefánsson
Anna Jenný Einarsdóttir
ömmubörn, langömmubörn og langalangömmubörn.


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

# Þorgerður lenti í fjórða sæti á PRIX EUROPA

Útvarpskonan Þorgerður E. Sigurðardóttir náði þeim merka árangri á dögunum að hreppa fjórða sætið í PRIX EUROPA, fyrir útvarpsþátt sinn Í briminu, sem sendur var út á Rás 1 um síðustu páska. PRIX EUROPA er keppni evrópskra útvarps- og sjónvarpsstöðva, sem og sjálfstæðra framleiðenda, um besta dagskrárefni ljósvakamiðla.

Þessi árangur er glæsilegur þar sem Þorgerður keppti við 37 aðra evrópska þætti.

„Ég átti satt að segja ekki von á þessu,“ segir Þorgerður í samtali við Fréttablaðið, en bætir því við að þættinum hafi verið mjög vel tekið.

„Í þættinum tala ég við konu sem heitir Sigrún Hermannsdóttir og fjalla um það þegar hún sem barn missti föður sinn í sjóslysi, og hvernig hún vinnur svo úr reynslu sinni.“

Þorgerður segir að afar fróðlegt hafi verið að sækja þessa keppni þar sem hún fékk smjörþefinn af því besta sem gert er í útvarpi í Evrópu.

„Útvarp er mjög vanmetinn miðill þar sem er hægt að ná fram mjög ákveðnum áhrifum.“

Þorgerður lætur lítið uppi um nýtt efni sem hún er að vinna að, en hún vinnur einnig við útvarpsþáttinn Víðsjá. „Það er ekkert sem ég get gefið upp, en það mun allt koma í ljós.“ - þj



**FÉKK VIÐURKENNINGU FYRIR ÚTVARPSÞÁTT** Útvarpsþáttur Þorgerðar E. Sigurðardóttur varð í fjórða sæti á PRIX EUROPA. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**ERLENDUR SVEINSSON** Erlendur átti bestu stuttmyndina á Ljósvakaljóðum, Viltu breyta lífi þínu?

# Vann Ljósvakaljóð

Mynd Erlends Sveinssonar, Viltu breyta lífi þínu?, var kjörin besta stuttmynd Ljósvakaljóða 2010 af ríflega þrjátíu innsendum myndum. Hreppti höfundurinn fimmtíu þúsund krónur í verðlaun. Stuttmyndin var nýlega sýnd á RIFF, Alþjóðlegri kvikmyndahátíð. Myndin fjallar um eldri mann og vanabundið líf hans. Einn daginn fær eldri maðurinn skilaboð frá æðri máttarvöldum um að nú sé tími breytinga.

Níu kvikmyndir frá höfundum á aldrinum 15-25 ára voru sýndar á Ljósvakaljóðum en keppnin fór fram í Norræna húsinu. Dómnefnd stuttmynda skipuðu leikstjórarnir Grímur Hákonarson, Guðný Halldórsdóttir og Óskar Jónasson. Stuttmyndahandrit Kristjáns Más Gunnarssonar, Blóðdögg, hlaut verðlaun fyrir besta innsenda stuttmyndahandritið af 23 löglegum handritum í keppni. Kristján hlaut tuttugu þúsund krónur í verðlaun.

# Gjörningaklúbburinn í Hafnarborg

Tvær nýjar sýningar verða opnaðar í Hafnarborg, menningar- og listamiðstöð Hafnarfjarðar á laugardaginn. Annars vegar verða sýnd ný málverk eftir Eggert Pétursson í Sverrissal, og hins vegar verður Gjörningaklúbburinn á efri hæð safnsins með sýningu sem nefnist Tight.

Sýning Eggerts er innblásin af smágerðum gróðri sem vex í hrauni, en Eggert er þekktur fyrir málverk sín af íslenskri flóru.

Í sýningu Gjörningaklúbbsins velta þær upp hugmyndum um sköpun mannsins og þróunarkenninguna.

- þj



**TIGHT** Sýning Gjörningaklúbbsins skírskotar til nælons eða nælonsokkabuxna sem ganga eins og rauður þráður í gegnum sýninguna, að því er fram kemur í tilkynningu.

---



*Elskulegur bróðir okkar, mágur og frændi*

**Hilmar Leó Antonsson**

Snorrabraut 30,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi 13. október. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Líknardeildar LSH í Kópavogi fyrir frábæra umönnun.

**Fanney Dziekiewicz** — **Georg Dziekiewicz**
**María Antonsdóttir** — **Ragnar Guðjónsson**
**Borghildur Antonsdóttir**
**Kolbjörg Antonsdóttir**
**og frændsystkini.**

---



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sigríður J. Claessen**

ljósmóðir

lést 24. október á elliheimilinu Grund.
Útför verður auglýst síðar.

**Aðstandendur**

---



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, systir og amma*

**Nguyen Thi Nguyet**

andaðist á Landspítalanum við Hringbraut 24. október 2010. Útförin fer fram á miðvikudag, 27. október, klukkan 11 frá Fossvogskirkju.

**Binh The Duong** — **Lan Thi Tran**
**Hafsteinn Bao Duong**
**Thanh The Duong** — **Yen Hoang Tran**
**Duc Manh Duong** — **Thuy Thi Vu**
**Kamilla Thao Duong**
**og barnabörn.**

---



*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Hallfríður Ingólfsdóttir**

Grænási 3a, Reykjanesbæ,

lést laugardaginn 23. október síðastliðinn.
Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju mánudaginn 1. nóvember kl. 13.

**Karl G. Sævar**
**Kristinn Rúnar Karlsson** — **Svanlaug Halldórsdóttir**
**Einar Ólafur Karlsson** — **Jófríður Leifsdóttir**
**Ingólfur Karlsson** — **Helena R. Guðjónsdóttir**
**Bjarni Þór Karlsson** — **Heba Friðriksdóttir**
**Sigurbjörg Guðmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi*

**Ármann Einarsson**

frá Brekkuvelli
Nökkvavogi 31, Reykjavík,

andaðist á Landspítalanum við Hringbraut aðfaranótt fyrsta vetrardags, 23. október.

Jarðarförin auglýst síðar.

**Jónína Hafsteinsdóttir**
**Kristín Ármannsdóttir** — **Pétur Þorsteinsson**
**Særún Ármannsdóttir**
**Ólöf, Unnur og Dagný.**

---



*Látinn er hjartkær sambýlismaður, faðir, bróðir og frændi*

**Magnús Reynir Magnússon**

járn- og stálsmiður
Víðihvammi 26, Kópavogi.

Útförin fer fram frá Kópavogskirkju, föstudaginn 29. okt. kl. 13.00.

**Minda Arante**
**Magnús Helgi Magnússon**
**og aðrir aðstandendur**

---



**Sigþrúður Guðbjartsdóttir (Sússa)**

andaðist 18. október. Útför fer fram frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 27. október kl. 15.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Halldóra Kristín Arthursdóttir**
**Íris Bryndís Guðnadóttir.**

---



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðrún Þorvaldsdóttir**

frá Fáskrúðsfirði,

andaðist á dvalarheimilinu Sólvöllum á Eyrarbakka að morgni 23. október.

**Bjarni Jóhannsson**
**Sigurborg Garðarsdóttir** — **Ásgeir Ingi Eyjólfsson**
**Sigríður Garðarsdóttir** — **Tyrfingur Halldórsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Elskuleg móðir, tengdamóðir, amma og langamma*

**Sigríður Unnur Ottósdóttir**

Funalind 7, Kópavogi,

lést á líknardeild Landspítalans laugardaginn 23. október. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 29. október kl. 11. Þeim sem vilja minnast hennar er bent Líknardeild Landspítalans í Kópavogi.

**Svanhvít Gróa Ingólfsdóttir** — **Tryggvi Þór Aðalsteinsson**
**Eðvarð Ingólfsson** — **Svanhildur María Ólafsdóttir**
**Jón Steinar Ingólfsson** — **Freyja Sveinsdóttir**
**Dóra Ingólfsdóttir** — **Svavar Gísli Ingvason**
**barnabörn og langömmubörn.**

---



*Einlægar þakkir færum við öllum þeim fjölmörgu sem sýndu okkur samúð og hlýhug, vináttu og virðingu við andlát og útför elskulegrar eiginkonu, móður, tengdamóður, dóttur og ömmu*

**Eyglóar Eyjólfsdóttur**

fyrrverandi skólameistara.

Sérstakar þakkir eru færðar starfsfólki blóðlækningadeildar Landspítalans v. Hringbraut fyrir ómetanlega umönnun, kærleik og stuðning.

**Steinarr Höskuldsson**
**Höskuldur Steinarsson** — **Helga Ívarsdóttir**
**Gunnhildur Steinarsdóttir** — **Fanney Stefánsdóttir**
**Eyjólfur Guðmundsson** — **Svanfríður Þorkelsdóttir**
**og barnabörn.**

---



*Hjartkær föðursystir okkar,*

**Sigþrúður Rannveig Stefánsdóttir**

frá Grund, Kópaskeri,

lést á hjúkrunarheimilinu Sólvangi þann 23. október. Kveðjuathöfn verður haldin frá Hafnarfjarðarkirkju fimmtudaginn 28. október klukkan 13.
Jarðsett verður í Skinnastaðakirkjugarði.

**Arnþrúður G. Björnsdóttir**
**Stefanía Björnsdóttir**
**og fjölskyldur.**

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** ofstopi, **6.** rún, **8.** laus greinir, **9.** veiðarfæri, **11.** mun, **12.** tónstigi, **14.** einkennis, **16.** tveir eins, **17.** hlaup, **18.** geislahjúpur, **20.** tveir eins, **21.** auðveld.

**LÓÐRÉTT**
**1.** áfengisblanda, **3.** íþróttafélag, **4.** eyja í Miðjarðarhafi, **5.** svelg, **7.** rekaviður, **10.** skítur, **13.** háttur, **15.** óhapp, **16.** blekking, **19.** ólæti.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** ofsi, **6.** úr, **8.** hið, **9.** net, **11.** ku, **12.** skali, **14.** aðals, **16.** tt, **17.** gel, **18.** ára, **20.** yy, **21.** létt.
**LÓÐRÉTT: 1.** púns, **3.** fh, **4.** sikiley, **5.** iðu, **7.** rekatré, **10.** tað, **13.** lag, **15.** slys, **16.** tál, **19.** at.




# Hvorki meira né minna

**BAKÞANKAR**
**Þórunnar Elísabetar Bogadóttur**



Einhverja merkilegustu sögulegu atburði á Íslandi minnist ég ekki að hafa lært eða lesið um í skólabókum. Kannski er það bara gleymska eins og með margt sem á að lærast í skólum, en ég man allavega ekki eftir því að mikið hafi verið gert úr sögulegum atburðum eins og kvennafrídeginum árið 1975, kjöri Vigdísar Finnbogadóttur árið 1980 og kvennaframboðunum nokkru síðar. Um þetta lærði ég annars staðar. Þetta voru atburðir sem áttu sér stað áður en ég fæddist en hafa skipt sköpum í öllu mínu lífi. Skólinn hefði átt að upplýsa mig og allar hinar stelpurnar og strákana líka um mikilvægi þessara atburða.

**Í GÆR** minntist ég nefnilega þeirra kvenna sem þorðu að standa upp og ryðja þar með brautina fyrir okkur hinar. Ég veit að margt af því sem telst sjálfsagt í dag var allt annað en það fyrir ekki svo mörgum árum síðan. Ég veit að ástæða þess hversu langt við höfum náð í jafnréttismálum er þrotlaus barátta – ekkert hefur verið afhent á silfurfati.

**AF** því að ég veit þetta verð ég ekki bara pirruð, heldur eiginlega sár, þegar ég heyri konur tala í þá veru að konur eigi ekki að velta sér upp úr því að þeim sé mismunað, eða það sé konum ekki til framdráttar að leita skýringa á mismunun í samfélaginu. Og þegar því er haldið fram að kvennafrídagur í dag sé tímaskekkja, konur vilji forréttindi ekki jafnrétti og svo framvegis langar mig að öskra á viðkomandi.

**SEM** betur fer sameinast konur úr öllum áttum og öllum stéttum enn á þessum degi þó með undantekningum sé. Konur sem hafa ólíkar stjórnmálaskoðanir og ólíkar skoðanir á jafnréttisbaráttunni. Kvennafrídagurinn er frábært dæmi um samstöðu og það að konur eru eftir allt saman konum bestar.

**ÞETTA** með forréttindi kvenna hélt ég að væri nýtt af nálinni, en svo er auðvitað ekki. Í ræðu Aðalheiðar Bjarnfreðsdóttur á kvennafrídeginum upphaflega kemur nefnilega fram að svipað viðhorf mætti konum þá, að þær vildu svipta karla öllum völdum. Og það sem barist var fyrir þá myndum við ekki láta okkur detta í hug að nefna forréttindi í dag. En það sem hún sagði þá gildir líka í dag: „Ekkert er fjær okkur en kúga karla. Við viljum jafnrétti. Hvorki meira né minna."

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



ORMSSON



AEG

FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

ÞVOTTA DAGAR

# ÞVOTTAVÉLAR · ÞURRKARAR og UPPÞVOTTAVÉLAR

## *Gerðu hreinlega frábær kaup á eðalheimilistækjum!*

### Þottavél LAVAMAT 62840

1200 snúninga
Taumagn 6 kg
Öll hugsanleg þvottakerfi



Listaverð:
119.900,-
***Þú sparar:***
***24.000,-***

TILBOÐSVERÐ – **95.900,-**

### Þottavél LAVAMAT 64840

1400 snúninga
Taumagn 6 kg
Öll hugsanleg þvottakerfi



Listaverð:
129.900,-
***Þú sparar:***
***26.000,-***

TILBOÐSVERÐ – **103.900,-**

### Þottavél LAVAMAT 52840

ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ

1200 snúninga
Taumagn 6 kg
Öll hugsanleg þvottakerfi



Listaverð:
129.900,-
***Þú sparar:***
***34.000,-***

TILBOÐSVERÐ – **95.900,-**

### Þottavél LAVAMAT 76850

ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ

1600 snúninga
Taumagn 7 kg
Öll hugsanleg þvottakerfi
Kolalaus mótor
Íslensk notendahandbók



Listaverð:
179.900,-
***Þú sparar:***
***36.000,-***

TILBOÐSVERÐ – **143.900,-**

### Þottavél LAVAMAT 74850

ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ

1400 snúninga
Taumagn 7 kg
Öll hugsanleg þvottakerfi
Kolalaus mótor
Íslensk notendahandbók



Listaverð:
169.900,-
***Þú sparar:***
***34.000,-***

TILBOÐSVERÐ – **135.900,-**

### Þurrkari LAVATHERM T55460

Barkalaus með rakaskynjara
Taumagn: 6 kg



Listaverð:
119.900,-
***Þú sparar:***
***24.000,-***

TILBOÐSVERÐ – **95.900,-**

### Þurrkari LAVATHERM T56740

ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ

Barkalaus með rakaskynjara
Taumagn: 7 kg
Íslensk notendahandbók



Listaverð:
139.900,-
***Þú sparar:***
***28.000,-***

TILBOÐSVERÐ – **111.900,-**

### Uppþvottavél FAVORIT 45001-W

12 manna stell
TURBO-þurrkun
5 þvottakerfi
Mjög hljóðlát 47db
Skjár sýnir þvottatímann



Listaverð:
134.900,-
***Þú sparar:***
***27.000,-***

TILBOÐSVERÐ – **107.900,-**

### Uppþvottavél FAVORIT 45001-M

12 manna stell
TURBO-þurrkun
5 þvottakerfi
Mjög hljóðlát 47db
Skjár sýnir þvottatímann



Listaverð:
145.900,-
***Þú sparar:***
***29.200,-***

TILBOÐSVERÐ – **116.700,-**

### Þottavél & þurrkari PAR 1

LAVAMAT 62840 & LAVATHERM T55460

**ÞVOTTAVÉL**
1200 snúninga
Taumagn 6 kg
Öll hugsanleg þvottakerfi

**ÞURRKARI**
Barkalaus með rakaskynjara
Taumagn: 6 kg



Listaverð:
239.800,-
***Þú sparar:***
***53.955,-***

TILBOÐSVERÐ – *PARIÐ* **185.845,-**

### Þottavél & þurrkari PAR 2

LAVAMAT 74850 & LAVATHERM T58840

ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ

**ÞVOTTAVÉL**
1400 snúninga
Taumagn 7 kg
Öll hugsanleg þvottakerfi
Íslensk notendahandbók

**ÞURRKARI**
Barkalaus með rakaskynjara
Taumagn: 7 kg
Stafrænn framvinduskjár
Íslensk notendahandbók



ÞURRKGRIND FYRIR SKÓ OG VIÐKVÆMAN FATNAÐ

Listaverð:
319.800,-
***Þú sparar:***
***71.455,-***

TILBOÐSVERÐ – *PARIÐ* **248.345,-**

www.ormsson.is

*Umboðsmenn um land allt*

ORMSSON

ÞÉR LÍÐUR BETUR MEÐ AEG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** |
| LÁGMÚLA 8 | KEFLAVÍK | MODEL-AKRANESI | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK-EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI |
| SÍMI 530 2800 | SÍMI 421 1535 | SÍMI 431 3333 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 471 2038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 |






# menning

menning@frettabladid.is

# Hugljúf Dísa og kvakandi froskar

Leikhús ★★★★

**Dísa ljósálfur**

Höfundur og leikstjóri: Páll Baldvin Baldvinsson.

**Helstu hlutverk:** Álfrún Helga Örnólfsdóttir, Kári Viðarsson, Sólveig Arnarsdóttir, Steinn Ármann Magnússon, María Þórðardóttir, Þórir Sæmundsson, Esther Thalia Casey.

**Danshöfundur:** Helena Jónsdóttir.

**Tónlist:** Gunnar Þórðarson

Nýr íslenskur söngleikur í Austurbæjarbíói. Prúðbúin börn og afar og ömmur fjölmenntu á þessa tímamótasýningu með tónlist Gunnars Þórðarsonar og texta Páls Baldvins Baldvinssonar. Dísa var lítil en samt svo stór. Ég vil vera Dísa, sagði lítil skvísa að sýningunni lokinni. Samferðamaður minn fjögurra ára var ekki í nokkrum vafa um hver var uppáhaldið hans og hver var aðalpersónan, auðvitað býflugan.

Páll Baldvin Baldvinsson ræðst hér í að leikgera lítið kver, sem á sínum tíma var til á hverju heimili, um hina sígildu teiknimyndasögu Dísu ljósálf eftir Hollendinginn G.T. Rotmann. Dísa er sem kunnugt lítill ljósálfur og verður fyrir því að týna mömmu sinni í skóginum. Og í leit hennar að móðurinni fáum við að kynnast alls kyns verum bæði góðum og vondum. Dísa lendir í því að missa vængina og líklega hafa hinir fullorðnu mestan áhuga á að vita hvernig það er leyst hér. Stóru ljótu skærin voru hér hvergi nálæg en ljóti moldvörpukarlinn náði engu að síður að hræða smáfólkið þannig að grátur ómaði úr einu horni en viðkomandi var þó fljótur að jafna sig því margt bjart og skemmtilegt fylgdi svo á eftir.

Hér hljómuðu í fyrsta sinn tónar og lög úr smiðju Gunnars Þórðarsonar og voru mörg grípandi. Einkum þó söngur nornarinnar sem Ester Thalia Casey söng og lék af miklum styrk og tilfæringum.

Búningur hennar í nornagervinu var skemmtilegur með hangandi pottum á krínólínupilsi einu ógurlegu, hins vegar hefði hún mátt vera örlítið ljósari yfirlitum í gervi móðurinnar í lokin.



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hér var leikgleðin í fyrirrúmi og fullorðnir jafnt sem börn skemmtu sér konunglega. Sólveig Arnarsdóttir sem froskadrottningin átti salinn í hvert sinn sem hún birtist. Froskadrottningin var þó ekkert góð, hún var dyntótt. Samferðamaður minn sagði um kvöldið frá músakrökkum og einum rosalega vondum en langaði að vera býflugustrákurinn og hitta hann. Þessi rosalega vondi var Moldvörpukarlinn, mjög ógnandi með skelfilega ásjónu. Það var Þórir Sæmundsson sem ljáði hann lífi og naut þess að hræða krakka svo um munaði.

Það sem höfundurinn og leikstjórinn Páll Baldvin gerði svo rétt í þessari sýningu var að endurvekja þá gömlu hefð, (sem því miður er dottin niður í hinum leikhúsunum) að persóna verksins hefur beint samband við salinn og spjallar við áhorfendur. Þetta er einfalt og þýðingarmikið. Steinn Ármann lék býfluguna og hefði í raun mátt sjást meira því hann verður persónulegur tengiliður milli salar og sviðs. Bráðskemmtilegur.

Búningalistakonan María Ólafsdóttir býr hér til hvern gullmolann á fætur öðrum. Storkurinn með sinn stórkostlega fótabúnað vakti bæði undrun og aðdáun. Kári Viðarsson leikur froskastrákinn Jeremías sem verður vinur Dísu og kynnir hana fyrir sinni ógnvekjandi móður. Kári hefur sterka útgeislun og var samspil þeirra þriggja, Dísu, mömmunnar og hans mjög skemmtilegt. Hina litlu hugljúfu Dísu leikur Álfrún Helga Örnólfsdóttir og það er nú bara eins og að fletta upp á fyrstu blaðsíðunni í bókinni og sjá fyrir sér þessa litlu veru með tárin í augunum. Það hefði þó mátt lækka aðeins í tónlistinni þegar hún syngur einsöng. María Þórðardóttir er nokkuð skondin í hlutverki músamömmunnar en fellur svolítið í skuggann af óhugnanlega karlinum sem svartálfurinn, í moldvörpuatriðinu.

Búningarnir voru heillandi, en hinn dökki bakgrunnur dró aðeins úr áhrifum einkum þá er nornin birtist sem var í mjög flottum svörtum búningi sem féll svolítið inn í bakgrunninn. Músabörn og froskakrakkar dansa og tekst Helenu Jónsdóttur danshöfundi að laða fram bæði leikgleði og eins þær hreyfingar, hljóð og tíst sem einkennir dýrin. Tónlistin er heillandi og það er mikill tregi í lítilli Dísu þegar hún syngur ein og er læst inni.

Að týna mömmu er alveg hroðalegt og eitthvað sem allir krakkar skilja að er vont. Þess vegna hefði mátt gera aðeins meira úr endurfundum þeirra mæðgna og splæsa í lokalag. Að öðru leyti var sýningin hugljúf, áheyrileg og nokkuð trú gamla kverinu.

Páli Baldvini tekst mjög vel að smíða söngleik úr sögunni og tónlist Gunnars Þórðarsonar er frábær og þegar farin að hljóma víða. Nú bíðum við eftir Rauðgrana og Álfinni álfakóngi. **Elísabet Brekkan**

**Niðurstaða:** Sýning sem allir krakkar frá fjögurra ára ættu að sjá.



**ÓP HÓPURINN** Frá vinstri: Rósalind Gísladóttir, Erla Björg Káradóttir, Bylgja Dís Gunnarsdóttir, Hörn Hrafnsdóttir, Antonía Hevesí og Jóhanna Héðinsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Háar nótur í hádeginu

Mánaðarlegir hádegistónleikar hefja göngu sína í Íslensku óperunni í dag. Hópur ungra einsöngvara tekur þátt í tónleikaröðinni ásamt Antoníu Hevesi píanóleikara en einnig munu gestir úr röðum þekktra íslenskra söngvara líta við og láta í sér heyra.

Nokkrir söngvaranna sem koma fram eru söngvarar úr Óp-hópnum svokallaða, sem stofnaður var í fyrra og starfaði í samstarfi við Íslensku óperuna í fyrravetur.

Á efnisskrá fyrstu tónleikanna í dag eru atriði úr Così fan tutte, Brottnáminu úr kvennabúrinu og Brúðkaupi Fígarós eftir Mozart, Spaðadrottningunni eftir Tsjaíkovskí og Carmen eftir Bizet.

Flytjendur eru Bylgja Dís Gunnarsdóttir sópran, Bragi Jónsson bassi, Erla Björg Káradóttir sópran, Hörn Hrafnsdóttir messósópran, Jóhanna Héðinsdóttir messósópran, Magnús Guðmundsson tenór, Rósalind Gísladóttir messósópran og Antonía Hevesi á píanó.

Tónleikarnir hefjast klukkan 12.15 og er miðaverð 1.500 krónur.

# Allt nema Bach

**Halla Steinunn Stefánsdóttir barokkfiðluleikari frumflytur nýtt verk eftir Maríu Huld Markan Sigfúsdóttur í Þjóðmenningarhúsinu í kvöld klukkan átta.**

**Halla Steinunn er listrænn stjórnandi kammerhópsins Nordic Affect og eru tónleikarnir liður í starfi hópsins innan veggja Þjóðmenningarhússins.**

**Efnisskráin er undir yfirskriftinni „Allt nema Bach“ og mun Halla Steinunn að auki flytja verk eftir Telemann, Biber, Vilsmayr og Baltzar og fleiri. Tónverkið sem hún frumflytur í kvöld pantaði Halla Steinunn sérstaklega hjá Maríu Huld, sem er einna þekktust fyrir starf sitt með Amiinu.**



HALLA STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 52048 10/10

# HOT SPRING
# ER KOMINN Í LOFTIÐ

Icelandair hefur gefið út geisladiskinn Hot Spring, sem inniheldur tónlist íslenskra tónlistarmanna. Icelandair hefur í áratugi stutt við íslenskt tónlistarlíf, til dæmis Músíktilraunir, Iceland Airwaves og Reykjavík Loftbrú.

Ekki síður er Icelandair stolt af því að leika íslenska tónlist í vélum sínum. Ástæðan fyrir útgáfu Hot Spring er að farþegar Icelandair spyrja mikið um hvernig sé hægt að nálgast tónlistina sem leikin er í vélunum þegar fólk stígur um borð.

Diskinn verður hægt að fá um borð í vélum Icelandair og í helstu hljómplötuverslunum á Íslandi, auk þess sem hægt er að hlaða honum niður á tonlist.is




ICELANDAIR
WWW.ICELANDAIR.IS

# Prófessorinn er mikill krakki

Lagið Það geta ekki allir verið gordjöss með Páli Óskari situr í efsta sæti bæði Lagalistans og vinsældalista Rásar 2. Það hefur setið samanlagt í fimm vikur í efsta sæti yfir vinsælustu og mest spiluðu lög landsins. Lagið er á plötunni Diskóeyjan sem er nýkomin út. Á henni kennir Prófessorinn Óttarr Proppé börnum og öðrum tilheyrendum góða siði í fágunarskóla sínum við Diskóflóa.

„Þetta er spurning um að vera ekki feiminn við að vera í stuði," segir Óttarr um Prófessorinn. Diskóeyjan er rokkópera eftir Braga Valdimar Skúlason. Honum til halds og trausts við verkefnið voru Óttarr og Kiddi úr Hjálmum og fengu þeir til liðs við sig landskunna poppara, þar á meðal Sigtrygg Baldursson og Pál Óskar.



**DISKÓFÉLAGAR** Bragi Valdimar Skúlason, Prófessorinn og Kiddi úr Hjálmum sem unnu saman að Diskóeyjunni.

„Prófessorinn er gömul týpa sem ég var að dunda við fyrir fullorðna," segir Óttarr og á þar við hljómsveitina Funkstrasse sem var virkust í kringum 1995. „Það var voða gaman en ekki verkefni sem greip mann svona gjörsamlega. Þegar honum var snúið upp á leikinn og æskufjörið kom sannleikurinn í ljós. Þá lifnaði hann almennilega við. Prófessorinn er í eðli sínu svo mikill krakki, eiginlega eins og Andrés Önd. Hann er ekki alveg fullorðinn og þarf heldur ekkert að vera fullorðinn."

Óttarr viðurkennir að sumum krökkum finnist Prófessorinn, sem er einnig áberandi í rokksveitinni Dr. Spock, skrítinn. „Við höfum lent í því að krakkar hafa verið aðeins hikandi. Hann er líka svo ofsalega langur því hann er á svo háum hælum. En þegar hann beygir sig niður og fer að spjalla eru flestir krakkar að fatta hann."

Memfismafían mun ásamt Prófessornum og föruneyti kynna Diskóeyjuna á næstu vikum og verður meðal annars efnt til tónleika í Hofi á Akureyri 28. nóvember. **- fb**

# Síðasta sort

Bíó ★

**Takers**

Leikstjóri: John Luessenhop.

**Aðalleikarar:** Matt Dillon, Idris Elba, Chris Brown, Hayden Christensen, Paul Walker, Jay Hernandez, T.I.



Takers segir frá hópi ræningja sem stela hverju góssinu á fætur öðru og lögreglumönnunum sem reyna árangurslaust að góma þá. Þegar gamall félagi bófanna losnar úr fangelsi leggja ræningjarnir á ráðin um sitt safaríkasta rán til þessa. Mun þeim takast það? Mér var allavega alveg sama.

Ég veit ekki hvar er best að byrja. Handrit myndarinnar er illa skrifað, persónusköpun er engin og samtölin eru svo klaufaleg að áhorfandinn gleymir því nánast hversu lélegir leikararnir eru sem leika þau. Tónlistin er óþolandi og kraumar undir myndinni allan tímann.

Fyrri hluti myndarinnar er eins og löng sjónvarpsauglýsing frá Herragarðinum. Bófarnir spígspora um í jakkafötum, reykja vindla og rembast við töffaraskapinn líkt og hópur menntaskólapilta sem slegið hafa saman í límósínu fyrir busaball. Seinni hlutinn er ein löng og illa útfærð hasarsena þar sem ómögulegt er að greina hetjur frá illmennum sökum myndavélarhristings og annars áreitis.

Undanfarin misseri hafa margir framsæknir kvikmyndagerðarmenn náð ágætis tökum á hinni stafrænu myndavélartækni. Takers notast við slíka tækni en misheppnast algjörlega. Takers er í sama sjónræna gæðaflokki og myndbandið úr fermingarveislu frænda þíns. Manstu? Pabbi þinn var kominn aðeins í glas og lét litlu systur þína halda á myndavélinni. Ég er ekki að reyna að vera leiðinlegur. Takers er í alvörunni svona léleg.

**Haukur Viðar Alfreðsson**

**Niðurstaða:** Versta mynd ársins. Gæfi henni hauskúpu ef ég gæti.


ÞRIÐJUDAGAR ERU TILBOÐSDAGAR!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| INHALE | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| TAKERS | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| SOCIAL NETWORK | kl. 5.20 - 8 - 10.35 | 7 |
| SOCIAL NETWORK LÚXUS | kl. 5.20 - 8 - 10.35 | 7 |
| BRIM | kl. 4 - 6 - 8 | 12 |
| EAT PRAY LOVE | kl. 10 | L |
| AULINN ÉG 2D | kl. 3.40 | L |
| AULINN ÉG 3D | kl. 3.40 | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| INHALE | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| SOCIAL NETWORK | kl. 6 - 9 | 7 |
| BRIM | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| EAT PRAY LOVE | KL 5.15 - 8 | L |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| TAKERS | kl. 8 - 10 | 16 |
| SOCIAL NETWORK | kl. 8 - 10.15 | 7 |
| BRIM | kl. 6 | 12 |
| AULINN ÉG 3D | kl. 6 | L |

facebook.com/smarabio AUKAKRÓNUR 5%

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




TILBOÐ í bíó. Gildir á allar sýningar dagsins.




LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| TAKERS | 8 og 10.15 | 16 |
| LEGEND OF THE GUARDIANS 3D | 8 - ENS TAL | L |
| KONUNGSRÍKI UGLANA 3D | 5.50 - ISL TAL | L |
| SOCIAL NETWORK | 5, 7.30 og 10 | 7 |
| AULINN ÉG 3D | 6 - ISL TAL | L |

BESTA SKEMMTUNIN SAMBÍÓIN




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| THE SWITCH | kl. 6 - 8 - 10:20 | 10 |
| KONUNGSRÍKI UGLANNA-3D M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | 7 |
| ÓRÓI | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 10 |
| THE TOWN | kl. 8 - 10:30 | 16 |
| THE TOWN | kl. 6 - 9:15 | VIP |
| FURRY VENGEANCE | kl. 6 | L |
| DINNER FOR SCHMUCKS | kl. 8 - 10:20 | 7 |
| SOLOMON KANE | kl. 10:30 | 16 |
| ALGJÖR SVEPPI-3D | kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| KONUNGSRÍKI UGLANNA-3D ísl. Tali | kl. 6 | 7 |
| THE SWITCH | kl. 8 - 10:10 | 10 |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 6 | L |
| ÓRÓI | kl. 8 - 10:10 | 10 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| THE SWITCH | kl. 8:10 - 10:20 | 10 |
| KONUNGSRÍKI UGLANNA-3D M/ ísl. Tali | kl. 6 | 7 |
| LEGEND OF THE GUARDIANS-3D ótextuð Ensku | kl. 6 | 7 |
| ÓRÓI | kl. 8:10 - 10:20 | 10 |
| THE TOWN | kl. 8 - 10:30 | 16 |
| FURRY VENGEANCE | kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| KONUNGSRÍKI UGLANNA M/ ísl. Tali | kl. 6 | 7 |
| SOCIAL NETWORK | kl. 8 - 10:20 | 10 |
| DINNER FOR SCHMUCKS | kl. 5:50 - 10:20 | 7 |
| ÓRÓI | kl. 8 | 10 |

ÞRIÐJUDAGSBÍÓ Í DAG KR. 650*
*GILDIR EKKI Í VIP, Á ÍSLENSKAR MYNDIR, Á MYNDIR Í 3D OG BEINAR ÚTSENDINGAR

BÍÓ ★ PARADÍS

| | |
|---|---|
| ÁFRAM STELPUR! (MADE IN DAGENHAM)(L) | 18:00, 20:00(frítt f. konur!) |
| NORD VESTUR(L) | 18:30, 20:30 |
| AMERÍKANINN (THE AMERICAN)(14) | 20:10 |
| WALL STREET 2(L) | 17:40, 20:20 |

ÁFRAM STELPUR! FRÍTT KL. 20 FYRIR ALLAR KONUR! Þriðjudagstilboðin eru líka hjá okkur: 850 kr. á allar hinar myndirnar.




MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR / WWW.BIOPARADIS.IS / MIDI.IS




Nú í bíó SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ sena


ZIK ZAK OG VESTURPORT KYNNA
★★★★★
Með því stórbrotnasta sem sést hefur.
- DV, J.V.J.
★★★★
„fallegt, fyndið og harmrænt“
- Fréttatíminn, Þ.Þ.
★★★★
Allir í gallana!
- Fréttablaðið, H.V.A.
HAFIÐ GEFUR...
HAFIÐ TEKUR...
★★★★
Stórkostlegt listaverk!
Pressan K.I.
BRIM
INGVAR E. SIGURÐSSON NINA DÖGG FILIPPUSDÓTTIR GÍSLI ÖRN GARÐARSSON
ÓLAFUR EGILL EGILSSON BJÖRN HLYNUR HARALDSSON ÓLAFUR DARRI ÓLAFSSON
VÍKINGUR KRISTJÁNSSON NANNA KRISTÍN MAGNÚSDÓTTIR
ZIK ZAK KVIKMYNDIR OG VESTURPORT KIDFILM KVIKMYNDAMIÐSTÖÐ ÍSLANDS POLISH FILM INSTITUTE & NORDISK FILM OG TV FOND „BRIM“
INGVAR E. SIGURÐSSON NINA DÖGG FILIPUSDÓTTIR GÍSLI ÖRN GARÐARSSON ÓLAFUR EGILL EGILSSON BJÖRN HLYNUR HARALDSSON ÓLAFUR DARRI ÓLAFSSON VÍKINGUR KRISTJÁNSSON NANNA KRISTÍN MAGNÚSDÓTTIR
BÖRKUR JÓNSSON G. MAGNI ÁGÚSTSSON VALDÍS ÓSKARSDÓTTIR & EVA LIND HÖSKULDSDÓTTIR INGVAR LUNDBERG & KJARTAN KJARTANSSON MARGRÉT EINARSDÓTTIR ÁSTA HAFÞÓRSDÓTTIR SLOWBLOW
OTTÓ G. BORG ÁRNI ÓLAFUR ÁSGEIRSSON INGVAR E. SIGURÐSSON NINA DÖGG FILIPUSDÓTTIR GÍSLI ÖRN GARÐARSSON ÓLAFUR EGILL EGILSSON BJÖRN HLYNUR HARALDSSON ÓLAFUR DARRI ÓLAFSSON VÍKINGUR KRISTJÁNSSON NANNA KRISTÍN MAGNÚSDÓTTIR
JÓN ATLA JÓNASON ÞÓRIR SNÆR SIGURJÓNSSON SKÚLI FR. MALMQUIST GRÍMAR JÓNSSON & VESTURPORT ÁRNI ÓLAFUR ÁSGEIRSSON
SMÁRABÍÓ
NÚ Í BÍÓ
HÁSKÓLABÍÓ

# sport

sport@frettabladid.is



**ALEXANDER PETERSSON** verður væntanlega ekki með gegn Lettlandi á morgun og missir þar með af tækifæri til að spila gegn landsliði fæðingarlands síns. „Ég hef beðið eftir þessum leik í 7-8 ár en held að ég þurfi að bíða eitthvað lengur,“ sagði Alexander í gær en hann er meiddur á hné.

## ÚRSLIT

### *Iceland Express-deild karla*

**ÍR - Tindastóll 97-73 (49-42)**

***Stig ÍR***: Nemanja Sovic 28 (4 fráköst), Kelly Biedler 21 (11 fráköst), Ásgeir Örn Hlöðversson 9, Eiríkur Önundarson 8, Karolis Marcinkevicius 7, Vilhjálmur Steinarsson 7, Níels Dungal 5 (6 fráköst), Kristinn Jónasson 4 (5 fráköst), Bjarni Valgeirsson 3, Hjalti Friðriksson 3, Davíð Þór Fritzson 2.

**Stig Tindastóls**: Josh Rivers 17 (8 fráköst), Dragoljub Kitanovic 17, Friðrik Hreinsson 11, Helgi Rafn Viggósson 9 (12 fráköst), Dimitar Petrushev 6, Einar Bjarni Einarsson 4, Hreinn Gunnar Birgisson 4, Helgi Freyr Margeirsson 3, Þorbergur Ólafsson 2.

**Snæfell - KFÍ 125-118 (79-63)**

**Stig Snæfells**: Sean Burton 29, Pálmi Freyr Sigurgeirsson 25, Ryan Amaroso 24 (10 fráköst), Jón Ólafur Jónsson 21 (8 fráköst), Atli Rafn Hreinsson 11 (8 fráköst), Emil Þór Jóhannsson 10 (5 fráköst), Lauris Mizis 5.

**Stig KFÍ**: Nebojsa Knezevic 27 (5 fráköst), Carl Josey 26 (7 fráköst), Craig Schoen 24 (7 stoðsendingar), Darco Milosevic 14 (5 fráköst), Daði Berg Grétarsson 10, Hugh Barnett 10 (4 fráköst), Ari Gylfason 7.

**Stjarnan - Njarðvík 91-81 (52-42)**

**Stig Stjörnunnar**: Justin Shouse 23 (7 fráköst, 6 stoðsendingar), Jovan Zdravevski 19 (5 fráköst), Fannar Freyr Helgason 16 (7 fráköst), Marvin Valdimarsson 15 (8 fráköst), Daníel G. Guðmundsson 9, Birkir Guðlaugsson 6, Ólafur Aron Ingvason 2, Kjartan Atli Kjartansson 1.

**Stig Njarðvíkur**: Christopher Smith 29 (8 fráköst), Guðmundur Jónsson 15, Kristján Rúnar Sigurðsson 9, Hjörtur Hrafn Einarsson 7 (6 fráköst), Páll Kristinsson 5 (4 fráköst), Lárus Jónsson 5, Rúnar Ingi Erlingsson 4, Egill Jónasson 4 (4 fráköst), Óli Ragnar Alexandersson 3.

**STAÐAN**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Grindavík** | **4** | **4** | **0** | **356-294** | **8** |
| KR | 4 | 3 | 1 | 376-337 | 6 |
| **Stjarnan** | **4** | **3** | **1** | **345-327** | **6** |
| Snæfell | 4 | 3 | 1 | 404-385 | 6 |
| **Haukar** | **4** | **2** | **2** | **339-339** | **4** |
| KFÍ | 4 | 2 | 2 | 397-388 | 4 |
| **Hamar** | **4** | **2** | **2** | **339-337** | **4** |
| Njarðvík | 4 | 2 | 2 | 317-338 | 4 |
| **Keflavík** | **4** | **1** | **3** | **323-335** | **2** |
| ÍR | 4 | 1 | 3 | 347-347 | 2 |
| **Fjölnir** | **4** | **1** | **3** | **324-361** | **2** |
| Tindastóll | 4 | 0 | 4 | 262-341 | 0 |

### *Sænska úrvalsdeildin, karfa*

**Norrköping - Sundsvall 101-81**

Jakob Örn Sigurðarson skoraði 27 stig á 34 mínútum fyrir Sundsvall. Hlynur Bæringsson var í leikmannahópi liðsins en kom ekki inn á.

### *Danska úrvalsdeildin*

**OB - SönderjyskE 1-2**

Rúrik Gíslason skoraði mark OB og lék allan leikinn. Ólafur Ingi Skúlason lék allan leikinn fyrir SönderjyskE en Arnar Darri Pétursson var á bekknum.

### *Sænska úrvalsdeildin, fótb.*

**Halmstad - AIK 1-2**

Jónas Guðni Sævarsson var í byrjunarliði Halmstad. Helgi Valur Daníelsson lék allan leikinn fyrir AIK.

**IFK Gautaborg - Trelleborg 1-2**

Ragnar Sigurðsson og Theodór Elmar Bjarnason spiluðu allan leikinn fyrir IFK. Hjálmar Jónsson var á bekknum og kom ekki við sögu.

# Þrjú hundruð er skemmtileg tala

**Ólafur Stefánsson leikur á morgun sinn 300. landsleik á ferlinum. Þar með bætist hann í hóp aðeins tveggja annarra sem hafa náð þeim áfanga. Ólafur segir þó að gæðin eigi að vera mikilvægari en magnið.**

**HANDBOLTI** Þegar Ísland mætir Lettlandi í undankeppni EM 2012 á morgun mun Ólafur Stefánsson leika sinn 300. leik með íslenska landsliðinu. Um merkan áfanga er að ræða en aðeins tveir aðrir hafa náð honum. Það eru þeir Guðmundur Hrafnkelsson sem lék 407 leiki á sínum tíma og Geir Sveinsson með 340 leiki.

Reyndar hafði Ólafur lítið leitt hugann að þessum áfanga þegar Fréttablaðið hitti hann að máli á æfingu íslenska landsliðsins í Mýrinni í Garðabænum í gær.

„Ég var eiginlega búinn að gleyma þessu,“ sagði hann í léttum dúr en rifjar svo upp: „Ég átti eiginlega að ná þessu í síðasta leik [æfingaleik gegn Danmörku í júní] en þá skrópaði ég. Við skulum vona að þetta hafist í þetta sinn.“

Hann hlær þegar hann er spurður hvort það sé eitthvað sem standi upp úr á þessum tímamótum. „Nei, það er svo margt. Bara að þetta séu 300 leikir segir mikið. Ég er búinn að vera lengi í þessu. Þetta er bara skemmtileg tala og það hittist svona á að þessu sinni.“

Hann man ekki eftir öðrum hliðstæðum áföngum, hvorki eftir 100. leiknum eða 200. leiknum. „Nei, ég man eftir fyrsta leiknum. Annað ekki.“



**MIKILVÆGT AÐ TEYGJA** Ólafur Stefánsson glaðbeittur á æfingu íslenska landsliðsins í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ólafur er 37 ára gamall og ætlar að taka eitt ár til viðbótar í boltanum. Hann segir að það verði annaðhvort með hans núverandi félagi, Rhein-Neckar Löwen, eða með AG Kaupmannahöfn í Danmörku. Félögin eru í eigu sama mannsins, Jespers Nielsen.

„Ég gerði munnlegan samning við Jesper um það en þó er óvíst hvað verður. Fyrst að Gummi [Guðmundur Guðmundsson] er tekinn við þjálfarastöðunni hjá Löwen finnst mér líklegra að ég verði þar.“

Honum líkar vel að hafa landsliðsþjálfarann sem þjálfara síns félagsliðs. „Það er í fyrsta skipti sem við vinnum saman á þennan máta og það er frábært að vera með honum. Ég var í raun alltaf á skjön við hinn þjálfarann [Ola Lindgren] en nú er allt orðið léttara. Leikirnir sjálfir eru reyndar enn erfiðir.“

Fram undan hjá Ólafi og landsliðinu eru nú leikir gegn Lettlandi og Austurríki í undankeppni EM 2012 og svo úrslitakeppni HM sem fer fram í Svíþjóð í janúar. Ólafur á þó ekki von á að hann muni nokkru sinni ná að spila sinn 400. landsleik.

„Nei, við skulum vona ekki. Þá væri eitthvað mikið að. En ég er þó stoltur af þessum áfanga enda ekki margir sem hafa náð honum. Ég tel þó eitt mikilvægara en að spila marga leiki en það er að spila þá vel – gæði frekar en magn. En þetta er vissulega skemmtileg tala.“ **eirikur@frettabladid.is**

### Eftirminnilegustu leikirnir á landsliðsferli Ólafs Stefánssonar



**1 -** Fyrsti landsleikur Ólafs á móti Egyptalandi. Þorbergur Aðalsteinsson valdi hann fyrst í landsliðið og Ólafur skoraði 2 mörk í 27-18 sigri en leikið var í Laugardalshöllinni 17. október 1992.

**17 -** Ólafur spilar sinn fyrsta leik á stórmóti þegar Ísland vinnur 27-16 sigur á Bandaríkjunum í Laugardalshöllinni í sínum fyrsta leik á HM á Íslandi 7. maí 1995. Ólafur skoraði sitt fyrsta mark í sigri á Túnis tveimur dögum síðar.

**46 -** Ólafur brýtur tíu marka múrinn í fyrsta sinn þegar hann skorar 11 mörk í 23-21 sigri á Sviss 29. júní 1996.

**100 -** Ólafur spilar sinn hundraðasta leik og skorar 6 mörk þegar Ísland vinnur 34-13 sigur á Kýpur í undankeppni EM í Kaplakrika 16.maí 1999.

**116 -** Ólafur skorar 12 mörk í 38-22 sigri á Makedóníu í undankeppni HM í Kaplakrika 11. júní 2000.

**139 -** Ólafur skorar 12 mörk í 21-20 sigri á Egyptalandi í æfingamóti í Noregi 5. janúar 2002. Ólafur skoraði 11 mörk í jafntefli við Noreg daginn áður.

**152 -** Ólafur skorar 5 mörk í 22-29 tapi Íslands á móti Dönum í leiknum um þriðja sætið á EM í Svíþjóð 2002 og tryggir sér með því markakóngstitilinn á mótinu. Leikurinn fór fram í Globen í Stokkhólmi 3. febrúar 2002.

**173 -** Ólafur er í sigurliði í hundraðasta skipti með íslenska landsliðinu og skorar 6 mörk þegar Ísland vinnur 33-29 sigur á Póllandi á HM í Portúgal 29. janúar 2003.

**176 -** Ólafur skorar 11 mörk í 32-27 sigri Íslands á Júgóslavíu í leiknum um 7. sætið á HM í Portúgal 2. febrúar 2003 en með þessum sigri tryggði Ísland sér sæti á Ólympíuleikunum í Aþenu. Ólafur er einnig í þessum leik fyrstur Íslendinga til þess að skora 200 mörk á stórmóti.

**193 -** Ólafur skorar 13 mörk í 37-31 sigri á Ítalíu í undankeppni HM en leikið var í Chieti á Ítalíu 29. maí 2004.

**200 -** Ólafur leikur sinn 200. landsleik og skorar 6 mörk þegar Ísland tapar 23-31 á móti Spánverjum á Ólympíuleikunum í Aþenu.

**210 -** Ólafur skorar sitt þúsundasta mark fyrir landsliðið í 34-34 jafntefli á móti Tékkum á HM í Túnis 23. janúar 2005.

**281 -** Ólafur spilar sinn fyrsta leik sem fyrirliði íslenska landsliðsins og skorar 10 mörk í 38-37 sigri á Póllandi í Póllandi 27. október 2005.

**229 -** Ólafur bætir markamet Kristjáns Arasonar hjá íslenska karlalandsliðinu þegar hann skorar sitt 1.090. landsliðsmark í 33-36 tapi fyrir Noregi á EM í Sviss 2.febrúar 2006.

**283 -** Ólafur skorar fimm mörk í 36-30 sigri Íslands á Spáni í undanúrslitaleik Ólympíuleikanna í Peking 22. ágúst 2008 og Ísland vinnur í fyrsta sinn til verðlauna á stórmóti.

**297 -** Ólafur vinnur bronsið með íslenska landsliðinu sem vinnur 29-26 sigur á Póllandi í leiknum um þriðja sætið á EM í Austurríki 31. janúar 2010.

**300 -** Ólafur leikur sinn 300. landsleik á móti Lettum í undankeppni EM í Laugardalshöllinni 27. október 2010.




**Kveikjum útiljósin**

Kemur blaðberinn þinn að þínu húsi í myrkri? Sýnum tillitssemi. Höfum ávallt kveikt á útiljósum við útihurð og póstlúgu.

Þannig tryggir þú örugga dreifingu á þitt heimili.

Með fyrirfram þökk,

Pósthúsið

Við látum það berast

Pósthúsið | Suðurhraun 1
S:585 8300 | www.posthusid.is


Stjarnan vann sinn þriðja leik í röð í Iceland Express-deild karla í gær:

# Stjarnan stóðst áhlaup Njarðvíkur

**KÖRFUBOLTI** Stjarnan vann í gær þriðja leik sinn í röð í Iceland Express-deildinni þegar liðið lagði Njarðvík 91-81. Lengi vel var ekkert sem benti til þess að spenna yrði í leiknum en heimamenn voru með forystuna nær allan tímann.

Þeir byrjuðu síðasta fjórðunginn hins vegar illa og skyndilega hafði Njarðvík náð að minnka muninn í aðeins fimm stig. En Stjarnan stóðst áhlaupið og þjálfarinn Teitur Örlygsson gat leyft sér að gleðjast yfir sigri á sínu gamla félagi.

„Þetta lítur þrusuvel út,“ sagði Fannar Helgason, fyrirliði Stjörnunnar. „Við erum að rúlla þetta á mörgum mönnum og það er enginn þreyttur. Mér líst rosalega vel á þetta hjá okkur.“

Fannari fannst breiddin vera helsti munurinn milli liðanna. „Mér fannst við líka vera bara beittari í flestum aðgerðum. Vörnin var traust allan leikinn og sóknin fín þó hún hikstaði aðeins í lokin.“

Miðherjinn Christopher Smith var að spila sinn fyrsta leik fyrir Njarðvík og var stigahæstur í liðinu. Jóhann Árni Ólafsson er enn á meiðslalistanum og ekki ljóst hvenær hann snýr aftur.

„Við vorum ráðvilltir enda að fá nýja menn inn en það kom mér á óvart hversu andlausir við vorum,“ sagði Sigurður Ingimundarson, þjálfari Njarðvíkur, sem var augljóslega ansi pirraður eftir tapið í gær.

Liðin mætast að nýju í bikarnum bráðlega og verður sá leikur einnig í Garðabænum. „Við eigum leik á fimmtudag og klárum það verkefni fyrst áður en við skoðum þetta. En það er rétt að við mætum hingað aftur og þá verður annað uppi á teningnum,“ sagði Sigurður. **- egm**



**BARIST UNDIR KÖRFUNNI** Marvin Valdimarsson og Guðmundur Jónsson eigast við í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

FORSÍÐA | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN

# FÁÐU FÍNA OG FRÆGA FÓLKIÐ Í HEIMSÓKN



m.visir.is

Fáðu Vísi í símann og iPad!

## Má bjóða ykkur meiri Vísi?

Úrval afþreyingar, frétta og myndskeiða í margfalt betri upplausn en áður og með góðu aðgengi fyrir allar tölvur og farsíma. Horfðu, hlustaðu og fylgstu með öllu því sem gerist, hvar og hvenær sem er á Vísi.

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á nýjum Vísi.




Meiri Vísir.

vísir.is

## > Charlie Sheen

„Frægð felur í sér völd. Mistök mín voru þau að ég hélt að ég vissi strax hvernig ég ætti að meðhöndla frægðina. En það er engin handbók sem hægt er að fara eftir og engin námskeið í boði.“

***Charlie Sheen leikur í gamanþættinum Two and a Half Man sem er sýndur á Stöð 2 í kvöld klukkan 19.20.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ROALD EYVINDSSON SVALAR GÆGJUÞÖRFINNI Í COME DINE WITH ME

# *Svona á að gera gott sjónvarp*

Þótt ég verði kannski seint sakaður um að vera heimsins besti kokkur þá er óhætt að segja að ég sé mikill áhugamaður um mat. Satt best að segja er ég síhugsandi um mat allan liðlangan daginn, alveg frá því að ég vakna á morgnana og þar til ég fer að sofa á kvöldin og stundum ná þessar hugsanir meira að segja inn í draumalandið.

Það ætti því ekki að koma á óvart að matreiðsluþættir skuli eiga upp á pallborðið á mínu heimili. Gordon Ramsay, Nigella Lawson, Jamie Oliver og meira að segja blessunin hún Rachel Ray eru í uppáhaldi þótt fátt finnist mér jafnast á við bresku þættina Come Dine With Me, sem sýndir eru á sjónvarpsstöðinni BBC Lifestyle (áður Food).

Þættirnir í Come Dine With Me eru allir eins uppbyggðir. Áhorfendur fylgjast þar með fjórum keppendum bjóða hver öðrum í mat og hlýtur sá þúsund pund í vinning sem að mati hinna heldur best heppnaða matarboðið. Hugmyndin að baki þáttunum er því sáraeinföld og framleiðslan ódýr en útkoman hins vegar yfirleitt alveg óborganleg, sem helgast meðal annars af þremur mikilvægum atriðum.



Keppendurnir eru sjaldnast atvinnukokkar en þetta gerir það að verkum að jafnvel þótt uppbyggingin sé ávallt sú sama er óljóst hvernig matarboðin muni heppnast eða hver úrslitin verða. Þá er gægjuþörf áhorfenda svalað þar sem þátttakendur bjóða heim til sín í mat eins og í hverjum öðrum innlitsþætti, nema þátttakendur ganga hér skrefinu lengra með því að vaða beint í persónulegar hirslur húsráðandans meðan hann er að störfum í eldhúsinu. Þá er óupptalið það atriði sem vegur hvað þyngst í skemmtanagildi þáttanna, en það eru dramatísku samskiptin, rifrildin og slagsmálin, milli þessara fjögurra og oft gerólíku einstaklinga sem allir vilja vinna.

## SJÓNVARPIÐ

**15.55 Fólk og firnindi - Fyrirheitna landið**
**16.55 Handboltinn (e)**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Svona eru mæður (1:6) (Sådan er mödre)**
**18.00 Friðþjófur forvitni (8:20) (Curious George II)**
**18.25 Hundaþúfan (6:6) (Doghill)**
**18.30 Kobbi gegn kisa (2:13) (Kid Vs Kat)**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.05 Skólaklíkur (25:34) (Greek)** Bandarísk þáttaröð.
**20.50 Sportið**
**21.25 Návígi** Viðtalsþáttur Þórhalls Gunnarssonar. Gestir þáttarins eru um margt ólíkir og koma alls staðar að úr samfélaginu. En eitt eiga þeir þó sameiginlegt, þeir hafa allir áhugaverða sögu að segja.
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.20 Luther (2:6) (Luther)** Breskur sakamálaflokkur. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.15 Refsiréttur (5:5)** (Criminal Justice) Bresk sakamálasyrpa í fimm þáttum. (e)
**00.15 Kastljós (e)**
**00.40 Fréttir (e)**
**00.50 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 At First Sight**
**10.05 Leonard Cohen: I'm Your Man**
**12.00 Notting Hill**
**14.00 At First Sight**
**16.05 Leonard Cohen: I'm Your Man**
**18.00 Notting Hill**
**20.00 The Heartbreak Kid**
**22.00 Rocky Balboa**
**00.00 Stormbreaker**
**02.00 Grilled**
**04.00 Rocky Balboa**
**06.00 Me, Myself and Irene**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Strumparnir, Bratz, Íkornastrákurinn
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.20 That Mitchell and Webb Look** (3:6)
**10.55 Wipeout USA**
**11.45 Monk** (4:16)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Frasier** (23:24)
**13.25 My Fake Fiance**
**15.00 Sjáðu**
**15.30 Ben 10**
**15.50 Barnatími Stöðvar 2** Háheimar, Nonni nifteind, Strumparnir
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons** (21:21)
**18.23 Veður** Markaðurinn
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (2:19)
**19.45 How I Met Your Mother** (3:24)
**20.10 The Middle** (13:24) Frábærir gamanþættir um dæmigerða vísitölufjölskyldu þar sem allt lendir á ofurhúsmóðurinni.
**20.35 Two and a Half Men** (1:22)
**21.00 Cougar Town** (20:24)
**21.25 White Collar**
**22.10 The Shield** (8:13)
**22.55 Talk Show With Spike Feresten** (3:22).
**23.20 Pretty Little Liars** (8:22)
**00.05 Grey's Anatomy** (4:22)
**00.50 Medium** (5:22)
**01.35 Nip/Tuck** (4:19)
**02.20 Katie Morgan's Sex Tips: Question**
**02.50 The Nun**
**04.30 White Collar**
**05.15 Cougar Town** (20:24)
**05.40 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**17.55 Á vellinum** Virkilega skemmtilegur þáttur þar sem barna- og unglingastarfinu er veitt athygli. Fjallað verður um yngri flokkana í knattspyrnunni og þeim gerð góð skil.
**18.25 Fréttaþáttur** Skyggnst á bak við tjöldin hjá liðunum sem leika í Meistaradeild Evrópu. Hitað upp fyrir komandi leiki og um leið hinir ýmsu leikir krufðir til mergjar.
**18.55 Enski deildabikarinn: Man. Utd. - Wolves** Bein útsending frá leik Man. Utd og Wolves í enska deildabikarnum.
**21.00 Spænsku mörkin 2010-2011** Sýnt frá öllum leikjunum, öllum mörkunum og öllum helstu tilþrifunum úr leikjum helgarinnar í spænska boltanum.
**21.45 HP Búðarmótið** Sýnt frá HP Búðarmótinu en mótið er hluti af Kraftasportinu en til leiks mæta flestir af sterkustu kraftajötnum landsins.
**22.25 Justin Timberlake Childrens Open** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi. Öll mót ársins á PGA mótaröðinni krufin til mergjar.
**23.20 Enski deildabikarinn: Man. Utd. - Wolves**
**01.00 Main Event** Sýnt frá World Series of Poker.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**14.10 WBA - Fulham** Útsending frá leik WBA og Fulham í ensku úrvalsdeildinni.
**15.55 Tottenham - Everton** Útsending frá leik Tottenham og Everton í ensku úrvalsdeildinni.
**17.40 Premier League Review 2010/11** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
**18.35 Ariel Ortega** Magnaðir þættir um marga bestu knattspyrnumenn heims. Að þessu sinni verður fjallað um Ariel Ortega, fyrrverandi landsliðsmann Argentínu.
**19.00 Stoke - Man. Utd.** Útsending frá leik Stoke og Man. Utd í ensku úrvalsdeildinni.
**20.45 Man. City - Arsenal** Útsending frá leik Man. City og Arsenal í ensku úrvalsdeildinni.
**22.30 Ensku mörkin 2010/11** Sýnt frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni.
**23.00 Chelsea - Wolves**

## SKJÁREINN

**07.20 Spjallið með Sölva** (5:13)
**08.00 Dr. Phil** (33:175)
**08.40 Rachael Ray** (109:175)
**09.25 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Spjallið með Sölva** (5:13)
**12.40 Pepsi MAX tónlist**
**15.50 Game Tíví** (6:14)
**16.20 Rachael Ray** (110:175)
**17.05 Dr. Phil** (34:175)
**17.45 Parenthood** (3:13)
**18.30 Fyndnar fjölskyldumyndir** (4:10)
**18.55 Real Hustle** (7:8) Áhugaverður þáttur þar sem þrír svikahrappar leiða saklaust fólk í gildru.
**19.20 Rules of Engagement** (4:13)
**19.45 Whose Line is it Anyway** (11:20)
**20.10 The Marriage Ref** (7:12) Bráðskemmtileg þáttaröð þar sem stjörnudómstóll leysir úr ágreiningsmálum hjóna.
**21.00 Nýtt útlit** (6:12) Hárgreiðslu- og förðunarmeistarinn Karl Berndsen veitir venjulegu fólki nýtt útlit, allt frá förðun til fata.
**21.50 Nurse Jackie** (4:12) Skemmtileg þáttaröð um hjúkrunarkonu sem er snjöll í sínu starfi en þarf að fá dópið sitt reglulega.
**22.20 United States of Tara** (4:12)
**22.50 Jay Leno** (134:260)
**23.35 CSI. New York** (13:23)
**00.25 Sordid Lives** (7:12)
**00.50 CSI. Miami** (3:25)
**01.35 Nurse Jackie** (4:12)
**02.05 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**17.10 Golfing World** (21:70)
**18.00 Golfing World** (22:70)
**18.50 Ryder Cup Official Film 2004** Upprifjun á Ryder-bikarnum árið 2004.
**20.05 European Tour - Highlights 2010** (4:10) Vikulegur þáttur.
**20.55 PGA Tour Yearbooks** (4:10)
**21.45 Golfing World** (22:70)
**22.35 Junior Ryder Cup 2010**
**23.25 Golfing World** (22:70)
**00.15 ESPN America**
**06.00 ESPN America**

## EXTRA

**18.55 The Doctors**
**19.40 Gossip Girl** (8:22)
**20.25 Little Britain** (5:6)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 V** (7:12) Vandaðir spennuþættir sem segja á afar raunverulegan hátt frá því þegar nokkur risavaxin geimskip taka sér stöðu yfir stærstu borgum heims. Með undraskjótum hætti grípur um sig mikið geimveruæði þar sem áhugi fyrir þessum nýju gestum jaðrar við dýrkun. Einhverjir eru þó ekki eins sannfærðir og grunar að gestirnir séu í raun úlfar í sauðargæru.
**22.35 The Event** (5:13) Hörkuspennandi þættir um venjulegan, ungan mann sem lendir í þeirri skelfilegu lífsreynslu að kærustunni hans er rænt og hann grunaður um að hafa komið henni fyrir kattarnef. Staðráðinn í að sanna sakleysi sitt leggur hann á flótta og reynir að finna hana en áður en hann veit af er hann flæktur í meiri háttar samsæri gegn forseta Bandaríkjanna.
**23.20 Dollhouse** (4:13)
**00.10 Gossip Girl** (8:22)
**00.55 Little Britain** (5:6)
**01.25 The Doctors**
**02.05 Sjáðu**
**02.35 Fréttir Stöðvar 2**
**03.25 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**18.15 Að norðan með Hildu Jönu Gísladóttur** Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Aðalsteinn Steinþórsson framkvæmdastjóri Lyfjavers.
**21.00 Græðlingur** Gurrý að ljúka haustverkum.
**21.30 Svartar tungur** Birkir Jón, Sigmundur Ernir og Tryggvi Þór skoða þingmál í brennidepli.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |


FÉLAGSMIÐSTÖÐVADAGURINN Í REYKJAVÍK ER 27. OKTÓBER

Kíktu við í félagsmiðstöðinni í þínu hverfi og fáðu að kynnast starfinu sem þar fer fram



Viltu rifja upp gamlar og góðar minningar?
Kíktu við í gömlu félagsmiðstöðinni þinni!

ALLIR VELKOMNIR

Upplýsingar og dagskrá félagsmiðstöðvanna er að finna á www.itr.is

ÍTR

## Í KVÖLD

### SKJÁR EINN KL. 21.00
### Nýtt útlit

Hárgreiðslu- og förðunarmeistarinn Karl Berndsen veitir venjulegu fólki nýtt útlit, allt frá förðun til fata. Þetta er sjötti þátturinn af tólf í þessari vinsælu þáttaröð. Karl bjó í London í tíu ár og farðaði margar frægar stjörnur og miðlar hann af þeirri reynslu sinni í Nýju útliti.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst **06.50** Bæn **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.13** Fjölradda sveiflusöngur **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Ris og fall flugeldahagkerfa **14.03** Að horfa á tónlist: Parsifal **15.03** Útvarpssagan: Stormur **15.25** Málstofan **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.21** Spegillinn **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Í heyranda hljóði **21.20** Tríó **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Fimm fjórðu **23.05** Matur er fyrir öllu **00.05** Næturtónar

## BBC entertainment

**11:40** The Weakest Link **12:25** Deal or No Deal **13:00** Monarch of the Glen **13:50** Absolutely Fabulous **14:20** Absolutely Fabulous **14:50** My Family **15:20** Waterloo Road **16:10** The Weakest Link **16:55** Deal or No Deal **17:30** My Hero **18:00** The Catherine Tate Show **18:30** Coupling **19:00** Coupling **19:30** Spooks **20:20** Come Dine With Me **20:45** Come Dine With Me **21:10** The Catherine Tate Show **21:40** Coupling **22:10** Coupling **22:40** EastEnders **23:10** Monarch of the Glen **00:00** Spooks

## DR 1

**12.00** Niklas' mad **12.30** Fængslet **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.00** Hjerteflimmer Classic **14.30** Svampebob Firkant **14.50** Nik & Jan **15.00** Karlsson på taget **15.30** Lille Nørd **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Aftenshowet 2. del **17.30** Ha' det godt **18.00** Hammerslag **18.30** Spise med Price **19.00** TV Avisen **19.25** Kontant **19.50** SportNyt **20.00** Nul tolerance **21.45** Borgen **22.45** Naruto Uncut **23.10** Boogie Mix

## NRK 1

**12.30** Tinas mat **13.00** NRK nyheter **13.10** Sjukehuset i Aidensfield **14.00** Derrick **15.00** NRK nyheter **15.10** Si ja, bli min **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.45** Ut i naturen **18.15** På tro og are **18.45** Extra-trekning **18.55** Distriktsnyheter **19.30** Brennpunkt **20.30** Ta en Tattoo **21.00** Kveldsnytt **21.15** Lydverket **21.45** Den store reisen **22.25** Skavlan **23.25** Svisj gull **01.00** Norsk på norsk jukeboks

## SVT 1

**11.05** Livet på landet **12.40** I lapplandsbjörnens rike **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Sommarpratarna **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Vem tror du att du är? **18.40** Kvinnan i mitt liv **18.55** Din plats i historien **19.00** Veckans brott **20.00** Dox **21.30** State of Mind **22.15** Starke man **22.45** Niklas Mat **23.15** Mitt i naturen **23.45** Revolvern

Takk fyrir vatnið
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is




512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## FÉSBÓKIN



*„Eitt er að komast yfir diskinn með þeim Gylfa, Megasi og Rúnari í Kolaportinu, viku fyrir gefinn útgáfudag. En að mæta þeim öllum þrem korterum síðar í Nóatúni er absúrd.“*

Katla Margrét Þorgeirsdóttir, einn af umsjónarmönnum Hringekjunnar.

# Snorri spilar á South By Southwest

„Þetta verður mjög gaman,“ segir Snorri Helgason sem spilar á tónlistarhátíðinni South By Southwest í Texas næsta vor. Hljómsveitin Benni Hemm Hemm spilar einnig á hátíðinni, sem er mjög þekkt á meðal tónlistaráhugamanna.

„Ég fór einu sinni með Sprengjuhöllinni og það var geðveikt gaman. Þetta er mjög skemmtileg hátíð og ég hlakka mikið til,“ segir Snorri og er sammála því að hátíðin gæti verið mikill stökkpallur fyrir hann sem sólótónlistarmann. „Þetta er fáránlega stór hátíð og maður þarf að vera heppinn til að það verði eitthvað úr þessu því það eru tuttugu þúsund bönd sem koma fram þarna.“

Snorri er nýbyrjaður á þriggja vikna tónleikaferðalagi um Kanada og var staddur í Nýfundnalandi þegar Fréttablaðið hafði samband við hann. Með honum í för er kanadíski tónlistarmaðurinn Lindy Vopnfjord. „Þetta er gaur sem ég kynntist þegar við vorum að spila með Sprengjuhöllinni í Toronto. Við gistum hjá honum þar. Þetta er svona „singer songwriter“ eins og ég og við erum að túra saman í Volvoinum hans,“ útskýrir Snorri. „Þetta er búið að vera alveg frábært. Það hefur verið góð stemning á tónleikunum okkar og það er líka allt fáránlega fallegt hérna í Nýfundnalandi.“



**SNORRI HELGASON** Snorri spilar á tónlistarhátíðinni South By Southwest í Texas á næsta ári.

Fyrsta sólóplata Snorra, I´m Gonna Put My Name On Your Door, kemur út í Evrópu, Bandaríkjunum og í Kanada um miðjan nóvember. Hún kemur einnig út um svipað leyti heima á Íslandi á vinyl en hún kom út á geisladiski fyrir síðustu jól. Snorri flutti til London fyrr á árinu og er enn að koma sér þar fyrir. „Ég er búinn að spila þar einu sinni til tvisvar í viku og verið að kynnast borginni. Þetta er búið að vera geðveikt gaman en maður tekur einn mánuð í einu og reynir að láta þetta ganga upp.“ **- fb**


ÚTGÁFUPARTÍ

ÞRIGGJA BÓKA Í BMM

Í kvöld, 26. október kl. 20:30
verður haldið útgáfupartí þriggja nýrra bóka í
BÓKABÚÐ MÁLS OG MENNINGAR, Laugavegi 18




BÆKURNAR VERÐA Á SÉRSTÖKU ÚTGÁFUTILBOÐI

GEISLAÞRÆÐIR, fyrsta bók Sigríðar Pétursdóttur
BLINDHÆÐIR, fjórða ljóðabók Ara Trausta Guðmundssonar
MOLDARAUKI, þriðja ljóðabók Bjarna Gunnarssonar

Höfundarnir verða á staðnum
Léttar veitingar
Allir velkomnir

UPPHEIMAR
BÓKABÚÐ MÁLS & MENNINGAR LAUGAVEGI 18


HÖGNI EGILSSON: SEMUR TÓNLISTINA Í OFVIÐRINU Í BORGARLEIKHÚSINU

# Maður getur ekki sagt nei við William Shakespeare

„Þetta er smá áskorun, núna er maður búinn að lesa verkið og er að fara á fyrsta fund með leikstjóranum,“ segir Högni Egilsson, forsprakki Hjaltalín. Hann hefur fengið það vandasama verk í hendurnar að semja tónlistina við leikverkið Ofviðrið eftir sjálfan William Shakespeare sem Borgarleikhúsið frumsýnir um jólin. Leikstjóri er hinn litháíski Oskaras Korsunovas sem hlotið hefur fjölda verðlauna um allan heim. Með aðalhlutverkin fara þeir Ingvar E. Sigurðsson og Hilmir Snær Guðnason sem hafa ekki gert mikið af því að leika saman á sviði.

Högni segist hlakka mikið til þessa verkefnis en hann samdi tónlist fyrir leikrit í Listaháskóla Íslands sem frumsýnt var um jólin. Vinnan uppi í Borgarleikhúsi verður án nokkurs vafa þó eilítið ný fyrir hann. „Þetta bar nokkuð brátt að en maður getur ekki sagt nei við Shakespeare,“ segir Högni. Töluverð tónlist verður í verkinu enda mun Íslenski dansflokkurinn taka virkan þátt í því. Högni sagðist ekki vera farinn að leggja drög að tónlistinni sjálfri en sagði verkið vera spennandi. „Þetta er mjög óræð saga með undarlegt sögusvið sem gefur mikið rými til túlkunar,“ útskýrir Högni.

Hjaltalín tekur ekki þátt í jólatónaflóðinu þetta árið með nýrri plötu en sveitin mun hins vegar koma fram á allnokkrum tónleikum, meðal annars í Hofi ásamt Sinfóníuhljómsveit Norðurlands. Þá er á dagskrá sveitarinnar tónleikaferð í desember þannig að tónskáldið Högni mun þurfa að halda nokkuð vel á spöðunum. „Maður verður að haga tíma sínum skynsamlega ef þetta á að hafast,“ segir Högni en auk þess er nú verið að leggja lokahönd á tónleikamynd sem koma á út á næstunni. Þar verður tónleikum Hjaltalín og Sinfóníuhljómsveitar Íslands gerð góð skil.

**freyrgigja@frettabladid.is**



**MIKIÐ VERK FRAM UNDAN** Það verður ekkert grín fyrir Högna Egilsson að semja tónlist við Ofviðrið eftir William Shakespeare. Hér er tónlistarmaðurinn á sínum fyrsta fundi með leikstjóranum Oskaras Korsunovas og fólki sem vinnur að sýningunni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**38** William Shakespeare samdi 38 leikrit á ferli sínum. Þau hafa verið þýdd á öll helstu tungumál heims.


SETTU ÞITT KYNNINGAREFNI INN Í FRÉTTABLAÐIÐ




Notaðu mest lesna blað landsins til að dreifa kynningarefni til þinna viðskiptavina. Það er hvergi betri staður fyrir fjölpóst en inni í Fréttablaðinu því það tryggir að auglýsingaefnið lendi á eldhúsborðinu þegar blaðið er opnað.

93% landsmanna hafa aðgang að Fréttablaðinu.

Kannaðu dreifileiðir í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi orn@365.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Fjölpóstur með Fréttablaðinu skilar árangri!


# Fimbulfamb í nýrri útgáfu

Ný útgáfa af borðspilinu Fimbulfamb er væntanleg fyrir jólin í nýrri útgáfu hjá Veröld. Spilið kom upphaflega út árið 1993 og seldist strax upp. Eftir það hefur Fimbulfamb verið ófáanlegt og hafa verið uppi áskoranir til útgefenda um að endurútgefa spilið. Meðal annars hafa á þriðja þúsund manns undirritað hvatningu þess efnis á Facebook. Núna, eftir sautján ára bið, er spilið loksins að koma út með nýjum orðaforða og í nýjum búningi.

„Ég lýsi yfir mikilli ánægju með þetta. Þetta eru mjög skemmtilegar fréttir,“ segir Örn Úlfar Sævarsson, dómari í Gettu betur og íslenskufræðingur. „Ég hef heyrt að það hafi verið svartur markaður með notuð spil. Fólk hefur mjög mikinn áhuga á svona spilum sem eru að leika sér með tungumálið.“

Fimbulfamb byggist sem fyrr á útsjónarsemi og ímyndunarafli þátttakenda sem eiga að búa til sannfærandi skýringar á sjaldgæfum íslenskum orðum sem þeir hafa ekki hugmynd um hvað þýða. Sá sigrar sem tekst best að blekkja mótspilara sinn. „Það er þessi skemmtilegi sköpunarkraftur sem er í tungumálinu okkar og þessi fjölbreytni sem er aðlaðandi í þessu. Ég hef ekki spilað þetta í nokkur ár en það er bara af því að maður hefur ekki komist í þetta,“ bætir Örn við.

Að baki nýrri útgáfu á spilinu liggur mikil vinna fjölmargra aðila síðastliðin tvö ár. Við söfnun orðanna, sem eru hátt í tvö þúsund, var þess gætt að spilið yrði skemmtilegt en einnig að með því yki fólk orðaforða sinn og skilning á íslenskri tungu. **- fb**



**MEÐ NÝJA SPILIÐ** Bjarni Þorsteinsson og Pétur Már Ólafsson hjá Veröld með hið nýja Fimbulfamb. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Vefhýsing og lén - allt á sama stað

# VERÐLÆKKUN

Vefhýsing **628 kr.** á mánuði*

Vefhýsing og **.is** lén **1.288 kr.** á mánuði*

Vefhýsing og **.com** lén **774 kr.** á mánuði*

## Við stækkum pakkann!
## Pantaðu núna á **www.1984.is**

### Hýsingartilboð:*

| | |
|---|---|
| með .is léni | 1.288 kr. á mánuði |
| með .com léni | 774 kr. á mánuði |
| með .org léni | 764 kr. á mánuði |
| með .net léni | 774 kr. á mánuði |
| með .biz léni | 764 kr. á mánuði |
| með .info léni | 764 kr. á mánuði |
| með .name léni | 764 kr. á mánuði |
| með .me léni | 1.046 kr. á mánuði |
| með .bz léni | 957 kr. á mánuði |
| með .wz léni | 785 kr. á mánuði |
| með .cc léni | 934 kr. á mánuði |
| með .tv léni | 1.062 kr. á mánuði |
| með .mn léni | 1.287 kr. á mánuði |
| með .mobi léni | 914 kr. á mánuði |
| með .cn léni | 802 kr. á mánuði |
| með .in léni | 862 kr. á mánuði |

### Hýsing innifelur:

- Netföng: ótakmarkað
- Mysql gagnagrunnar: ótakmarkað
- Netumferð: ótakmarkað
- Aukalén og undirlén: ótakmarkað
- DNS þjónusta: ótakmarkaður lénafjöldi
- Diskpláss: 10.000 Megabæti
- Vefpósthús: Val um tvennskonar vefpósthús
- Tölfræði síðunnar
- FTP aðgangur
- PHP5
- IMAP og POP3 stuðningur
- DAGLEG AFRITUN GAGNA

- Engin uppsetningargjöld
- Engin falin útgjöld
- Engir platínum eða bronz pakkar
- Grunnpakkinn okkar inniheldur meira en stærstu pakkarnir hjá samkeppnisaðilunum.

1984

– stóri bróðir hefur gætur á þér

*Miðað við 3ja ára hýsingarsamning

P.o. Box 126 ::: 121 Reykjavík ::: Sími 546 1984 ::: info@1984.is ::: www.1984.is

